

**HANNES PÁLSSON**

*Með Strákafélaginu Styrmi til Argentínu*

ferðir bílar

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**SKIPULAG&HÖNNUN**

*Gestum boðið til hönnunarveislu*

Sérblað um skipulag og hönnun

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**DORRIT MOUSSAIEFF**

*Fær veglegan sess í ævisögu forsetans*

Útgáfu bókar um Ólaf Ragnar frestað um ár

**FÓLK 38**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. október 2007 — 282. tölublað — 7. árgangur **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Fékk nýtt hné



Arnar Jónsson leikari liggur á spítala þar sem hann fékk nýtt hné. Langri martröð hans er að ljúka.

**FÓLK 38**

### Stoltur af syni sínum

Írski leikarinn Colin Farrell ræðir í fyrsta sinn um son sinn sem fæddist með sjaldgæfa fötlun.

**FÓLK 28**

### Bókaþjóð

„En væri ekki skemmtilegt að eignast skáldahverfi í landi bókarinnar? Geta gengið um Laxnessgötu, Gunnarsgötu, Þórbergsgötu, Thorsgötu, Svövustræti, Fríðustíg og Guðbergstorg,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

**Í DAG 20**

### Vörnin verður að virka



Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari hefur meiri áhyggjur af vörninni en sókninni fyrir leikinn gegn Liechtenstein ytra í kvöld.

**ÍÞRÓTTIR 34**

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÞYKKNAR UPP** Í dag verður fremur hæg breytileg átt en vaxandi suðaustanátt sunnan og vestan til í kvöld. Víðast nokkuð bjart veður en þykknar smám saman upp með landinu sunnan- og vestanverðu. Hiti nálægt frostmarki.

**VEÐUR 4**



**Á ÚTLEIÐ** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson stóð upp úr borgarstjórastólnum í gær og Dagur B. Eggertsson settist í hans stað. Átök milli nýs meirihluta og minnihluta hófust strax á fyrsta borgarstjórnarfundi þar sem sjálfstæðismenn sökuðu meirihlutann um heigulshátt og fyrir að þora ekki að ræða mál sem misboðið hafi borgarbúum. **-Sjá nánar á síðum 2 og 6.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tveir í haldi fyrir að villa á sér heimildir

**Tveir menn á þrítugsaldri eru í haldi lögreglunnar á Suðurnesjum vegna gruns um að villa á sér heimildir við komu til landsins. Þjóðerni mannanna óljóst.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn á þrítugsaldri hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í viku grunaðir um að hafa vísvitandi villt á sér heimildir er þeir komu hingað til lands. Auk þess eru mennirnir grunaðir um að hafa brotist inn í bæjarskrifstofurnar í Reykjanesbæ aðfaranótt laugardags.

Óverulegum verðmætum var stolið af bæjarskrifstofunum. „Við höfðum afskipti af mönnunum vegna gruns um aðild að innbroti í bæjarskrifstofur Reykjanesbæjar. Síðan kom í ljós að þeir væru hælisleitendur hér á landi. Í fórum mannanna fundust vegabréf sem við erum að rannsaka. Þrátt fyrir yfirheyrslur undanfarna daga, hefur ekki tekist að fá staðfest hverrar þjóðar mennirnir eru en málið er ennþá á frumstigi rannsóknar,“ sagði Guðmundur Baldursson, fulltrúi hjá lögreglunni á Suðurnesjum, við Fréttablaðið í gærkvöld.

Vegabréfin sem fundust í fórum mannanna eru tékknesk en ekki hefur verið staðfest enn að mennirnir séu eigendur þeirra.

Gæsluvarðhaldsúrskurður Héraðsdóms Reykjaness byggist á grunsemdum um brot á útlendingalögum, fyrir að hafa vísvitandi villt á sér heimildir, en ekki aðild að innbrotinu.

Talið er að mennirnir hafi komið hingað til lands fyrir um fjörutíu dögum. Reykjanesbær hefur útvegað mönnunum gistingu á gistiheimilinu Fitjum í Njarðvík. „Það hefur ekki tekist að upplýsa það enn hvernig mennirnir komu hingað til lands og beinist rannsóknin meðal annars að því. Í kjölfarið ættu aðrir óvissuþættir í málinu að skýrast frekar.“ **- mh**

Frétti bara af skortinum og gekk í málið, segir Árni Johnsen:

## Færði föngum tíu flatskjái

**FÓLK Hegningarhúsið við Skólavörðustíg fékk nýverið óvænta gjöf sem Árni Johnsen, þingmaður Sunnlendinga, afhenti. Um er að ræða tíu flatskjái en slíkar tæknigræjur hafa ekki verið á hverju strái þar. „Þetta á eftir að nýtast okkur ótrúlega vel,“ segir Gunnar Valur Jónsson, fangavörður í Hegningarhúsinu. „Hér hafa bara verið tvö til þrjú sjónvarpstæki þannig að þetta á eftir að breyta miklu,“ bætir hann við og segir jafnframt að það skipti miklu máli að hún eldhætta stafi af flatskjám en öðrum gerðum sjónvarpa.**

**Árni Johnsen vildi lítið tjá sig um gjöfina við Fréttablaðið en vonaðist auðvitað til þess að hún kæmi sér vel. Hann vildi heldur ekki gefa upp hverjir hefðu verið honum innan handar. Hann hefði bara frétt af þessum skorti og gengið í málið. „Og þegar margar hendur vinna saman þá er ýmislegt hægt að gera.“** **- fgg /** **sjá síðu 38**


## ÚRVAL LJÓSAKRÓNA



**Rafkaup**

ÁRMÚLA 24 - SÍMI 585 2800 - RAFKAUP.IS

OPIÐ LAUGARDAG KL: 11-16


Ný tækni gæti dregið úr útblæstri álvera um rúmlega níutíu prósent:

## Framleiða bensín úr mengun

**UMHVERFISMÁL** Félag í eigu bandarískra og íslenskra aðila hefur skrifað undir viljayfirlýsingu við íslenskt raforkufyrirtæki sem felur í sér byggingu allt að fimm megavatta tilraunaverksmiðju sem framleiðir metanól úr útblæstri álvera. Með tækninni er hægt að draga úr útblæstri álvera um rúm níutíu prósent. Metanólið er svo hægt að vinna frekar í bensín fyrir óbreytta bíla og önnur ökutæki.

Stefnt er að því að fyrsta verksmiðja fyrirtækisins rísi að ári en vonir standa til að hægt verði að nýta tæknina við álver í Helguvík og Bakka. Þá er sömuleiðis gert ráð fyrir að tæknina sé hægt að nota til að draga úr útblæstri ál- og raforkuvera í öðrum löndum.

Tilraunir með metanólframleiðsluna hafa gengið vel til þessa en stefnt er að því að framleiða allt að tíu þúsund lítra af metanóli á dag þegar framleiðslan verður komin á fullt skrið. Úr því ættu að fást um fimm þúsund lítrar af bensíni. **- jab / sjá**


**100 myndir á 2500 krónur í október**

**HANS PETERSEN**

*Engu gleymt í 100 ár*

**TENGI**

MORA INXX BLÖNDUNARTÆKI



www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000

Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Magnús, varstu hljómplataður?*

„Nei, nei, ég vissi nú hvað hékk á spýtunni og verð að segja að þetta er í raun mjög gott framtak hjá RÚV.“

Magnús Eiríksson tónlistarmaður gerði sér ekki fulla grein fyrir því að lögin sem hann samdi fyrir Laugardagslögin á RÚV færu einnig í forkeppni Eurovision.

Fyrrverandi borgarstjóri um hlut Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja:

# Vilhjálmur tvísaga um HS

**STJÓRNMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur, sagði í Kastljósþætti Ríkissjónvarpsins á mánudag að honum hefði verið ljóst að hlutur Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja (HS) ætti að renna inn í Reykjavík Energy Invest (REI).

Það er í mótsögn við það sem haft var eftir honum í Fréttablaðinu miðvikudaginn 10. október. „Það hefur staðið til að við keyptum meira af Hafnarfirði og það samkomulag stendur. Hafnfirðingarnir hafa ekkert gefið uppi um hvað þeir ætla sér en ef við keyptum þann hlut, þá færi hann ekki í REI. Það er ekki inni í myndinni, alls ekki,“ var haft eftir Vilhjálmi þá.

Í Kastljósþættinum, þar sem Vilhjálmur og Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður REI, fóru yfir málið, sagðist Vilhjálmur hafa vitað af samkomulagi um að eignarhlutur Orkuveitunnar rynni inn í REI. „Ég vissi um það, og það var alveg ljóst í mínum huga, að hlutur okkar [Orkuveitu Reykjavíkur] í Hitaveitu Suðurnesja ætti að renna inn í þennan pakka [Reykjavík Energy Invest].“

Vilhjálmur hefur jafnframt neitað staðhæfingum Hjörleifs Kvaran, forstjóra OR, Hauks Leóssonar, fyrrverandi stjórnarformanns OR, og Bjarna Ármannssonar, stjórnarformanns REI, um að hann hafi verið upplýstur um atriði samnings sem fól í sér sameiningu Geysis Green Energy og REI. - mh



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Tvísaga um hvort hlutur í HS ætti að renna inn í REI. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Könnun meðal foreldra:

## Ánægðir með tómstundastarf

**REYKJAVÍK 96 prósent foreldra barna sem tóku þátt í sumarstarfi Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur voru ánægð með starfsemi ráðsins. Þetta kemur fram í viðhorfskönnun meðal foreldra sem gerð var í sumarlok.**

**Jafnmargir voru ánægðir með viðfangsefni sumarnámskeiðanna.**

**94 prósent svarenda töldu að barninu þeirra hefði þótt gaman á námskeiðinu.**

**Viðhorfskönnunin var tölvupóstkönnun og var svarhlutfall rúmlega 60 prósent að því er kemur fram í tilkynningu. - eb**

## Lést í vélhjólaslysi í Krýsuvík

**Maðurinn sem lést í vélhjólaslysi í fyrradag hét Magnús Jónsson. Hann var á leið í beygju inn á Bláfjallaveg en ók út af og hafnaði í hrauni. Magnús var 32 ára gamall, búsettur í Jöklaseli í Reykjavík. Hann var barnlaus en lætur eftir sig sambýliskonu.**

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

## Styður málsókn

**STJÓRNMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn, lagði til á borgarstjórnarfundi í gær að tekið yrði undir bókun Svandísar Svavarsdóttur, oddvita Vinstri grænna, á eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur 3. október þess efnis að óljóst væri hvort fundurinn væri lögmætur þar sem ekki var boðað til hans með nægilegum fyrirvara.

Lagði Vilhjálmur til að borgarstjórn myndi styðja málsókn Svandísar en Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður fer með málið fyrir hönd Svandísar. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag. - mh

### BJÖRGUN

**Maður féll útbyrðis**

Maður féll útbyrðis af bát við Hofsvík við Kjalarnes um klukkan níu í gærkvöldi. Hann hafði verið á björgunarsveitaræfingu með björgunarsveitinni Kili. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út auk björgunarsveita. Fimmtán mínútum síðar fannst maðurinn á kletti heill á húfi.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Grjóthrun á Reykjanesbraut**

Grjót féll af gámaflutningabíl og lenti á fólksbifreið á Reykjanesbraut í gær. Engin slys urðu á fólki en töluverðar lakkskemmdir urðu á bílnum sem varð fyrir grjóthruninu.




**FOSSVOGSHVERFIÐ** Þar sem merkt er með rauðu geta eigendur einbýlishúsa látið loka aðgangi frá stígunum sem einkenndir eru með gulum lit. MYND/LOFTMYNDIR. FRÉTTABLAÐIÐ

# Allir mega loka á stígana í Fossvogi

**Reykjavíkurborg segir að ekki sé kvöð um göngustíga á einbýlishúsalóðum í Fossvogi og því verði leyft að loka stígunum. Stígakerfið í hverfinu sé fullnægjandi þótt öllum slíkum leiðum yrði lokað. Út í hött, segir frumbyggi í hverfinu.**

**SKIPULAGSMÁL** Ekki er hægt að koma í veg fyrir að eigendur einbýlishúsa í Fossvogi loki göngustígum um lóðir sínar að sögn skipulagsyfirvalda í Reykjavík.

Þessi afstaða kemur fram í umsögn skipulagsfulltrúa sem á árunum 2004 og 2005 heimilaði eigendum einbýlishúsa í tveimur fjögurra húsa klösum í nágrenni Fossvogsskóla að loka gönguleiðum um lóðirnar. Í báðum tilfellum var óskað eftir lokun vegna ónæðis af návíginu við skólann. Í Kvistalandi 9-15 var sögð vera mikil umferð bíla inn í botnlangann þegar foreldrar óku börnum í skólann. Í Haðalandi 18-24, sem er lengra frá skólabyggingunni, sögðu húseigendurnir hins vegar að kennarar og starfsmenn Fossvogsskóla leituðu inn á lóð þeirra til að standa þar undir húsvegg og reykja. Því fylgdi sóðaskapur.

Báðar þessar umsóknir voru samþykktar og svo mun verða um allar aðrar slíkar umsóknir ef allir fjórir húseigendurnir á viðkomandi lóð eru sammála um að loka stígnum hjá sér. Skipulagsfulltrúi segir að stígarnir séu á deiliskipulagi og að lóðarhafarnir eigi að borga fyrir þá en hins vegar séu hvorki kvaðir um stígana í lóðaleigusamningum né á mæliblöðum.

„Augljóslega má telja að niðurstaða þessi sé fordæmisgefandi fyrir sambærilegar lóðir neðst í Fossvogsdal. Þrátt fyrir að öllum sambærilegum stígum yrði lokað þá yrði enn fyrir hendi fullnægjandi stígakerfi um hverfið að Fossvogsdal,“ segir í umsögn Margrétar Leifsdóttur, arkitekts hjá skipulagsfulltrúa.

Kristín Helgadóttir leikfimikennari, sem er einn frumbyggjanna í Fossvogi og lýst hefur andstöðu við lokanir þessara stíga, furðar sig á niðurstöðu skipulagsfulltrúa. Hún hafi frá upphafi litið þannig á að kvöð væri á lóðunum um stígana.

„Hvers vegna var hver einasti botnlangi skikkaður til að gera göngustíg ef þeir voru óþarfir?“ Og hvernig er hægt að breyta skipulaginu án þess að hafa grenndarkynningu?“ spyr Kristín, sem kveðst hafa vissan skilning á því að aðstæður í einstaka tilfelli geti verið þannig að loka þurfi leiðum. Það sé á hinn bóginn afar slæmt ef allir loki hjá sér.

„Það verður að vera flæði þannig að börn geti hlaupið um hverfið án þess að fara um stofnbrautir. Þau eiga að geta hlaupið um og farið á ská og þvers og kruss um hverfið. Það er alveg út í hött að þau megi ekki ganga framhjá þessum húsum.“ gar@frettabladid.is

Starfar í þágu náttúruverndar:

## Árni Finnsson verðlaunaður

**NÁTTÚRUVERND** Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, hlaut verðlaun fyrir starf sitt í þágu dýralífs og náttúruverndar í Lundúnum í gær. Verðlaunin veitti alþjóðlegur sjóður fyrir dýravernd.



**ÁRNI FINNSSON**

Í tilkynningu frá sjóðnum segir að Árni hafi starfað í yfir tvo áratugi að umhverfis- og dýraverndunarmálum, sér í lagi gegn hvalveiðum. Hann hafi einnig gegnt lykilhlutverki í baráttunni gegn náttúruspjöllum Alcoa á Austurlandi vegna álvers. Íslendingar beri virðingu fyrir Árna og hlustað sé á rödd hans í umdeildum málum. - sþs

Fjarskipti í Skagafirði:

## Símasambandslaus einbúi

**FJARSKIPTI Karl Hólm, íbúi á Sauðárkróki, er ósáttur við framkomu Símans. „Síminn hjá mági mínum bilaði fyrir um viku. Hann er einbúi, eldri maður og hálfgerður sjúklingur og því finnst mér ekki gott að viðgerðin dragist svona,“ segir Karl en mágur hans, Hreinn Guðjónsson, er búsettur í nokkurri fjarlægð frá annarri byggð í Skagafirði.**

**Karl segist óttast að landsbyggðin sé látin sitja æ oftar á hakanum í fjarskiptamálum.**

**Linda Björk Waage, upplýsingafulltrúi Símans, segir það vinnureglu að gera við bilanir eins fljótt og auðið er. „Sumt er þó þess eðlis að viðgerð getur dregist ögn,“ segir Linda sem segist ekki eiga von á öðru en að búið verði að gera við símann hjá gamla manninum innan skamms. - kdk**




Páll Magnússon útvarpsstjóri er með 1,5 milljónir á mánuði í laun:

# Laun útvarpsstjóra næstum tvöfaldast við breytinguna

**STJÓRNSÝSLA** Laun útvarpsstjóra hafa næstum tvöfaldast frá því Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag 1. apríl síðastliðinn. Páll Magnússon útvarpsstjóri er með 1,5 milljónir á mánuði en fyrir breytinguna á Ríkisútvarpinu var útvarpsstjóri með um 800 þúsund krónur í mánaðarlaun. Þetta staðfesti Ómar Benediktsson, stjórnarformaður RÚV ohf. við Fréttablaðið í gær.

Ómar segir launakjör útvarpsstjóra taka mið af breyttu starfssviði frá því sem áður var. „Innan þessarar tölu [1,5 milljónir] eru heildarlaun fyrir öll störf. Þar með talinn fréttalestur og ýmislegt annað sem ekki var áður á starfssviði útvarpsstjóra. Kostnaður við yfirstjórnina hefur ekki aukist þrátt fyrir þessa breytingu á launum útvarpsstjóra. Það voru átta yfirmenn áður, þar sem eru fimm núna, og við þessa breytingu hefur náðst góður árangur sem skilar sér í betri rekstri. Yfirstjórnin er skilvirkari en hún var.“



**PÁLL MAGNÚSSON** Með 1,5 milljónir á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Undanfarna fimm mánuði hefur RÚV ohf. verið rekið með hagnaði, að sögn Ómars, en meðaltalstap RÚV á ári síðustu fimm árin hefur verið um 220 milljónir. Ómar segir þetta sýna að breytingarnar séu að skila árangri. „Það er mikilvægt að horfa yfir heildarmyndina og skoða hvort árangur hafi náðst. Reksturinn er í betra horfi en hann var áður og svo hefur innlend dagskrárgerð eflst til muna, og hún á eftir að eflast enn frekar í framtíðinni.“ - mh




Sjóður 10, úrval innlendra hlutabréfa, er góður valkostur fyrir þá sem vilja fjárfesta á innlenda hlutabréfamarkaðnum, enda veitir hann mun meiri áhættudreifingu en fjárfesting í einstökum félögum. Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands. Ef litið er til ávöxtunar síðustu þriggja ára er sjóðurinn með hæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á Íslandi.

| | |
|---|---|
| Sjóður 10 **31%*** | ÞINN ÁVINNINGUR<br>• Góð ávöxtun<br>• Mikil áhættudreifing<br>• Eign þín í umsjá sérfræðinga |

*Nafnávöxtun sl. 3 ára á ársgrundvelli m.v. 28.09.07, skv. www.sjodir.is. Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréfa er fjárfestingarsjóður skv. III. kafla laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsing og úrdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

**FJÁRFESTU Í SJÓÐUM Í NÆSTA ÚTIBÚI, Á WWW.GLITNIR.IS EÐA Í SÍMA 440 4900**

GLITNIR

**GENGIÐ 16.10.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,75 | 61,05 |
| Sterlingspund | 123,51 | 124,11 |
| Evra | 85,97 | 86,45 |
| Dönsk króna | 11,535 | 11,603 |
| Norsk króna | 11,229 | 11,295 |
| Sænsk króna | 9,385 | 9,439 |
| Japanskt jen | 0,5205 | 0,5235 |
| SDR | 94,34 | 94,9 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 115,6033

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsókn stóra smyglmálsins á Fáskrúðsfirði gengur vel:

# Sjötti skútumaðurinn í gæslu

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna stóra smyglmálsins sem kom upp á Fáskrúðsfirði 21. september síðastliðinn. Þetta er sjötti maðurinn sem situr nú í gæsluvarðhaldi hér á landi vegna skútumálsins svokallaða.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti að sjötti maðurinn sæti nú í gæsluvarðhaldi. Hann kvaðst ekki vilja tjá sig frekar um málið við Fréttablaðið að öðru leyti en því að rannsókn þess miðaði vel, en með hana fer fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



**TUGIR KÍLÓA** Sjötti karlmaðurinn hefur nú verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna skútumálsins á Fáskrúðsfirði. Hann er grunaður um aðild að því. Myndin er af stærstum hluta efnanna sem lögregla lagði hald á í málinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var sjötti maðurinn handtekinn í fyrradag. Hann hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til þriðjudagsins 23. október.

Alls voru um 60 kíló af fíkniefnum gerð upptæk í aðgerðum lögreglunnar þegar hún kom upp um þessa umfangsmiklu smygltilraun, um 15 kíló af e-töflum og um 45 kíló af amfetamíni. Þar að auki fundust tvö kíló af amfetamíni í Færeyjum.

Gæsluvarðhald yfir fimmmenningunum sem setið hafa inni hér vegna málsins að undanförnu rennur út á morgun. **- jss**

Frjálslyndir demókratar:

# Nýr leiðtogi

**LONDON, AP** Þriðji stærsti flokkur í Bretlandi, flokkur frjálslyndra demókrata, mun í desember skipa þriðja leiðtoga sinn á tveimur árum að því er tilkynnt var í gær.

Menzies Campell, sem er 66 ára, tilkynnti afsögn sína á mánudag. Hann hefur verið sagður of gamall til að keppa við leiðtoga íhaldsmanna, David Cameron, sem er 41 árs.

Cameron tók við af Charles Kennedy sem sagði af sér 2006 vegna drykkjuvanda.

Líklegir eftirmenn eru Chris Huhne, fyrrverandi Evrópuþingmaður, og Nick Clegg, talsmaður flokksins. **- sdg**



**FLOTSLEÐI** Pen Hadow sýnir heimskautagöngubúnað sinn í Hyde Park í Lundúnum í gær. MYND/AP

Rannsóknir á norðurskautinu:

# Mæla ísþykkt í göngu á pólinn

**LONDON, AP** Breski heimskautafarinn Pen Hadow skýrði í gær frá því að hann hygðist gera nákvæmustu mælingarnar á þykkt norðurheimskautsíssins til þessa í 1.900 kílómetra göngu á norðurpólinn.

Hadow áætlar að það muni taka sig og aðstoðarmenn sína tvo 100 til 120 daga að komast á pólinn eftir að þeir leggja upp frá Point Barrow í Kanada í febrúar næstkomandi. Þeir munu draga með sér sleða með fullkomnum mælitækjum til að skrá þykkt ísþekjunnar sem hefur stöðugt verið að hopa á síðustu árum. **- aa**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

### Má skylda fólk á eftirlaun

Evrópudómstóllinn, æðsti dómstóll Evrópusambandsins, hefur úrskurðað að aðildarríkjunum sé heimilt að lögbinda eftirlaunaaldur í því skyni að vinna gegn atvinnuleysi. Spænskur framkvæmdastjóri hafði kært það til dómstólsins að hann skyldi skyldaður til að fara á eftirlaun 65 ára, á þeirri forsendu að í því fælist mismunum á grundvelli aldurs.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Kveikt í blaðagámi

Eldur kom upp í blaðagámi í Vallargerði í Kópavogi um klukkan þrjú í gær. Slökkvilið fór á staðinn og slökkti eldinn snarlega. Ekkert skemmdist fyrir utan sjálf blöðin í gáminum.

# Auðlindirnar gangi kaupum og sölum

**Auðlindir þjóðarinnar þurfa ekki að vera í eigu ríkis eða sveitarfélaga, að mati forstjóra Landsvirkjunar. Formaður iðnaðarnefndar telur að sá eignarréttur sem þegar sé hjá hinu opinbera eigi að vera það áfram. Það sé hagur almennings.**

**ORKUMÁL** Eignarhald á auðlindum landsins var til umræðu á fundi Samtaka iðnaðarins um íslenskan raforkumarkað í gær og lagði Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar og einn frummælenda, áherslu á mikilvægi þess að orkuauðlindirnar gætu gengið kaupum og sölum og þyrftu ekki endilega að vera í eigu hins opinbera. Ekkert banni útlendingum að kaupa og eiga auðlindir eða fyrirtæki í orkugeiranum.

„Talað er um það eins og einhverja nauðsyn í dag að auðlindirnar þurfi að vera í þjóðareign en þetta hugtak hefur enga lagalega merkingu. Ég vara við því að menn takmarki séreignarréttinn eða framsal hans," sagði Friðrik og kvaðst ekki skilja hvers vegna orkulindirnar ættu að vera í ríkiseigu eða þjóðareign. Hvers vegna eigendur, hvort sem það eru einstaklingar, ríki eða sveitarfélög, mættu ekki selja eða leigja eign sína.

„Af hverju á að banna með lögum að eigendur framselji þessar eignir?" sagði hann og varaði



**VARAR VIÐ TAKMÖRKUN** „Vara við því að menn takmarki séreignarréttinn eða framsal hans," sagði Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.



**HAGUR ALMENNINGS** „Ég sé ekki hvaða hag almenningur hefur af því að eignarrétturinn gangi kaupum og sölum," sagði Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar Alþingis, um eignarrétt á auðlindum þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

við því að einhvers konar þjóðnýtingaráform yrðu reynd. „Það sem skiptir máli er fullveldisrétturinn, rétturinn til að setja reglur og lög," sagði hann og benti á að nokkurs konar „útilegumannaótta" gætti í umræðunni, svipað og í umræðunni um EES á sínum tíma, um að „erlendir fjárfestar komi og gleypi okkur með húð og hári".

Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar, lét í ljós þá skoðun sína að eignarrétturinn ætti að vera hjá hinu opinbera og almenningi og tryggja bæri að svo yrði áfram. „Ég sé ekki hvaða hag almenningur hefur af því að eignarrétturinn gangi kaupum og sölum," segir hún.

Bryndís Skúladóttir, verkfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, rifjaði upp að aðeins einn aðili stundaði orkuheildsölu. Ekki væri nægileg samkeppni á markaðnum, viðbótarorka væri dýr og gjaldskrá Landsvirkjunar réði markaðsverðinu. Vonir stæðu til að þetta breyttist með tilkomu norræna uppboðsmarkaðsins Nordpool.

„Þetta er markaður sem virkar svipað og hlutabréfamarkaður. Framleiðendur geta lagt inn umframorku og fá kauptilboð. Þarna getur skapast staður til að eiga viðskipti með orku og markaðsverð getur myndast," sagði Bryndís. Líklegt er að markaðurinn hefjist hér á landi síðari hluta næsta árs. **ghs@frettabladid.is**



**MATUR EÐA ELDSNEYTI?** Maís er aðalhráefnið í etanóli í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Sérfræðingur hjá SÞ:

# Vill banna eldsneytisræktun

**BRUSSEL, AP** Í tilefni af alþjóðlega matvæladeginum, sem var í gær, hvatti sérfræðingur hjá Sameinuðu þjóðunum til þess að framleiðsla lífræns eldsneytis yrði bönnuð í fimm ár, þar sem hún yki á hungur í heiminum með samkeppni um ræktarland.

Jean Ziegler, sem er sérfræðingur SÞ í rétti fólks til matar, svaraði áskorun George W. Bush Bandaríkjaforseta um að framleiðsla lífræns eldsneytis skyldi aukin með því að segja að landbúnaðarafurðir væri nær að nota til að draga úr hungri í heiminum.

Etanólframleiðsla í Bandaríkjunum fer fyrst og fremst fram með maísrækt. **- aa**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Velti smágröfu í Hafnarfirði

Smágrafa valt á einkalóð í Erluási í Hafnarfirði í gær. Ökumaður hennar var fluttur á slysadeild en slapp lítið meiddur. Að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er ekki ljóst hvað olli því að grafan valt.

### Vörubifreið valt á Hólmsheiði

Vörubíll valt á Hólmsheiði í gærdag. Ökumaðurinn var að sturta úr bílnum þegar kantur gaf sig þannig að bíllinn valt. Maðurinn komst sjálfur út úr bílnum og var ómeiddur. Slökkvilið var kallað á staðinn til að hreinsa olíu sem lak úr bílnum.


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HLÝNAR Á MORGUN**

Þegar líður á nóttina fer að hlýna á sunnan- og vestanverðu landinu samfara lægðakomu. Vindur vex nú síðdegis sunnan til og vestan í almennt úrkomulausu veðri. Einhver slydduél kunna að falla allra syðst. En á morgun fer að rigna á Suður- og Vesturlandi. Nokkurt vatnsveður er svo í kortunum fram yfir helgi í nokkuð mildu veðri.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hægt vaxandi suðaustan átt, strekkingur í kvöld. Þykknar smám saman upp. Hiti um eða rétt yfir frostmarki.

um hádegi »




» á morgun




10-15 m/s vestan til og sunnan, annars 8-13 m/s

» föstudagur




8-13 m/s austan til annars 3-8.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C rigning | London | 15°C skúrir | Friedrichshafen | 18°C léttskýjað |
| Billund | 13°C skúrir | París | 17°C skúrir | Lúxemborg | 16°C skúrir |
| Osló | 11°C hálfskýjað | Amsterdam | 15°C rigning | Alicante | 22°C skúrir |
| Stokkhólmur | 13°C hálfskýjað | Frankfurt | 17°C skúrir | Róm | 23°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 13°C skúrir | Berlín | 18°C hálfskýjað | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# TOYS"R"US



540128
**SUPER RACING 3800**
Bílabraut með hraðabeygjum og 2 lykkjum. Með breyti, 2 handstjórntækjum og 2 stk. Mercedes Benz CLK. Brautarlengd: 10,5 m. Mælikvarði 1:43.
Venjulegt lágvöruverð okkar er 5.899,-

SUPER RACING

GJAFAVERÐ
TILBOÐ Á AÐEINS 300 STK.
**2.899,-**
ÞÚ SPARAR 3.000,-



GJAFAVERÐ
TILBOÐ Á AÐEINS 500 STK.
**1.499,-**
ÞÚ SPARAR 1.900,-

181250
**PICOOZ SMÁÞYRLA - HVÍT**
Innrautt handstjórntæki. Flýgur upp, niður og snýr. Fyrir notkun innan- og utandyra. Með innbyggðri endurhlaðanlegri rafhlöðu sem hleðst upp í gegnum handstjórntækið.
25 mínútna hleðsla = 6 mínútna flugtími.
17 sm. Venjulegt lágvöruverð okkar er 3.399,-

## KOMDU OG SJÁÐU RISASTÓRU OPNUNARHÁTÍÐ TOYS"R"US Í KÓPAVOGI

**ÞANN 18 OKTÓBER KL: 10**
SJÁÐU NÝJU VERSLUNINA OKKAR SEM ER STÚTFULL AF LEIKFÖNGUM, FRÁBÆRUM OPNUNARTILBOÐUM OG SKEMMTILEGUM UPPÁKOMUM

**Á FIMMTUDAGINN**
– Verður hleypt af. Vertu með frá byrjun, annig að ú getir verið viss um að ú fáir inn skerf af öllum góðum tilboðunum. Þú getur líka hitt lukkudýrið okkar GEOFFRY og ann mýksta KÆRLEIKSBJÖRN, sem ganga um í búðinni.

GAME BOY ADVANCE



494494/96
**GAME BOY ADVANCE**
Með bakgrunnslýstan skjá. Innifalið endurhlaðanleg rafhlaða sem endist í að minnsta kosti 10 tíma og hleðslutæki. Veldu á milli GAME BOY ADVANCE SP HW PINK og SP HW TRIBAL EDITION.
Venjulegt lágvöruverð okkar er 9.999,-

PS2 PlayStation 2



493709
**PS2-LEIKTÆKI MODELL L SLIMLINE**
Með innbyggðu netkorti sem gerir að mögulegt að spila á netinu. Getur líka spilað DVD-diska. Með DUALSHOCK 2-handstjórntæki.
Venjulegt lágvöruverð okkar er 13.499,-

BABY born

089262/63/47
**BABY BORN DÚKKA**
Getur opnað og lokað augun. 43 sm. Veldu á milli ljósrar, dökkrar eða drengs. Okkar eðlilega lágvöruverð er 4.899-



GJAFAVERÐ
TILBOÐ Á AÐEINS 100 STK.
**1.999,-**
ÞÚ SPARAR 2.900,-

025094
**TRIVIAL PURSUIT GENUS 2006**
Venjulegt lágvöruverð okkar er 5.999,-



## SMÁRATORG 3, 200 KÓPAVOGUR TLF.: 55 00 800

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér biðlaun stjórnmálamanna of há?*

| | |
|---|---|
| Já | 83% |
| Nei | 17% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Trúir þú orðum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um að hann hafi ekki séð minnisblað um REI?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Ríkislögreglustjóri leggur áherslu á að sérsveitin haldi æfingasvæði í Hvalfirði:

# Óheppilegt að missa aðstöðuna

**LÖGREGLUMÁL** Það væri óheppilegt missi lögreglan æfingasvæði á fyrrverandi varnarsvæði í Hvalfirði, segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri. Þá þurfi væntanlega að leita annað til að stunda æfingar sem hafa farið þar fram.

Eins og fram hefur komið hefur útboð á svæðinu og mannvirkjum sem þar eru farið fram, og átti Skeljungur hæsta boðið. Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur haft svæðið fyrir æfingar undanfarin ár, en henni hefur ekki verið tilkynnt að hún missi aðstöðuna.

Haraldur segir í tölvupósti til Fréttablaðsins að hann hafi lagt áherslu á það við Björn Bjarnason dómsmálaráðherra að lögreglan héldi æfingasvæðinu í Hvalfirði.

Björn sagði ekki tímabært að tjá sig þegar eftir því var leitað.



**ÆFA Í HVALFIRÐI** Svæðið sem sérsveit ríkislögreglustjóra hefur haft til æfinga í Hvalfirði hefur verið boðið út, og átti Skeljungur hæsta tilboðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra og yfirmaður sérsveitarinnar, segir að sveitin hafi verið á hrakhólum árum saman eftir að hún missti æfingasvæði í Saltvík. Úr því hafi verið leyst með því að leyfa æfingar á fyrrverandi varnarsvæði í Hvalfirði. Missi sveitin aðstöðu þar sé líklegt að við taki óvissutími á ný.

Jón segir mikinn áhuga á að halda svæðinu fyrir æfingar sérsveitarinnar. Aðspurður segir hann að vart komi til greina að æfa á gamla varnarsvæðinu á Miðnesheiði; það sé alþjóðaflugvöllur sem útiloki skotæfingar utandyra. - bj

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Urðu að sýkna vegna óvissu

**DÓMSMÁL Maður var sýknaður af ákæru um líkamsárás í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Honum var gefið að sök að hafa kýlt annan mann við Glaumbar í ágúst í fyrra þannig að hann féll í götuna, braut tvær tennur og hlaut heilahristing.**

**Maðurinn játaði að hafa kýlt fórnarlambið til að verja sig, en aðeins laust. Hópur manna hafi síðan sparkað í hann liggjandi.**

**Í niðurstöðu dómsins segir að ekki sé hægt að útiloka að maðurinn hafi hlotið áverkana við það að hópur manna hafi veist að honum, og því ekki hjá öðru komist en að sýkna.** - sþs

Afnám einkaleyfis ÁTVR á sölu á léttu áfengi og tóbaki:

# Umræða á þingi á þriðja dag

**ALÞINGI** Fyrsta umræða um frumvarp um afnám einkaleyfis ÁTVR á sölu á léttu áfengi og tóbaki hófst í Alþingi á mánudag, hélt áfram í gær, og var ekki lokið þegar þingfundi var slitið.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**

Frumvarpið er samhljóða frumvörpum sem lögð hafa verið fram á þingi síðustu fjögur ár, en hafa ekki náð fram að ganga.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, mælti fyrir frumvarpinu sem fyrsti flutningsmaður þess. Hann tekur þar við af Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra, sem flutt hefur málið síðustu fjögur ár. - bj


Hitablásarar

Rafmagns-, olíu- og gasblásarar. Fjöldi tegunda. Hagstætt verð.



Meiri gæði

Lægra verð

MÚRBÚÐIN

Opið mán.-fös. kl. 8-18 laugardaga 9-16

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?

www.murbudin.is Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is


# Nýr meirihluti tekur við Reykjavíkurborg

**Nýr borgarstjórnarmeirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna, F-lista og Framsóknarflokksins tók við völdum í gær. Á borgarstjórnarfundi voru nýir formenn kjörnir í ráð og nefndir og haldnar umræður um atburði síðastliðinnar viku.**

**STJÓRNMÁL** Nýr meirihluti í borgarstjórn tók við í gær. Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, tók við starfi borgarstjóra og Margrét Sverrisdóttir, varaborgarfulltrúi F-lista, tók við embætti forseta borgarstjórnar. Hún stýrði kosningu í ráð og nefndir.

Ekki var gefið upp fyrir fundinn hverjir yrðu tilnefndir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og í ljósi umræðunnar undanfarna viku ríkti nokkur eftirvænting eftir því hver tæki sæti formanns.

Svo fór að kjörnir fulltrúar meirihlutans draga sig úr stjórn fyrirtækisins meðan skoðun á því stendur yfir og tilnefna þeir þess í stað trúnaðarmenn. Fulltrúi Samfylkingarinnar og stjórnarformaður verður Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor Háskólans á Bifröst, fulltrúi Vinstri grænna verður Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður. Fyrir Framsóknarflokkinn situr Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra. Hann verður jafnframt varaformaður stjórnar.

Á dagskrá fundarins voru stefnumál nýs meirihluta en umræðan snerist þó fyrst og fremst um nýliðna atburði í orkumálum.

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn gagnrýndu vinnubrögð nýja meirihlutans. Í bókun Sjálfstæðisflokks segir ótrúleg vinnubrögð hjá nýjum meirihluta að neita að ræða stefnumál sín, þeirra á meðal málefni Orkuveitu Reykjavíkur. „Það er heigulsháttur að þora ekki að ræða í borgarstjórn Reykjavíkur, mál sem hefur misboðið borgarbúum, og þeir vilja fá svör við,“ segir í bókun sjálfstæðismanna.

eva@frettabladid.is



**NÝR BORGARSTJÓRI** Dagur B. Eggertsson sestur í stól borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KOSNINGAR Í EMBÆTTI** Nýkjörinn forseti borgarstjórnar, Margrét K. Sverrisdóttir, les upp tilnefningar í embætti borgarinnar. Jórunn Frímannsdóttir fylgist með talningu atkvæða.

### NÝIR FORMENN Í RÁÐUM REYKJAVÍKUR

| | | |
|---|---|---|
| Framkvæmdaráð til áramóta | Óskar Bergsson | (B) |
| Íþrótta og tómstundaráð | Björn Ingi Hrafnsson | (B) |
| Leikskólaráð | Sigrún Elsa Smáradóttir | (S) |
| Menningar- og ferðamálaráð | Margrét Sverrisdóttir | (F) |
| Menntaráð | Oddný Sturludóttir | (S) |
| Skipulagsráð | Svandís Svavarsdóttir | (V) |
| Umhverfisráð | Þorleifur Gunnlaugsson | (V) |
| Velferðarráð | Björk Vilhelmsdóttir | (S) |
| Faxaflóahafnir til júní 2008 | Björn Ingi Hrafnsson | (B) |
| Orkuveita Reykjavíkur til júní 2008 | Bryndís Hlöðversdóttir | (S) |
| Mannréttindanefnd | Sóley Tómasdóttir | (V) |





Ungmennastarf

Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir sjálfboðaliðum í vinnu með börnum og ungmennum.

**Markmið verkefnisins** er að auðvelda ungum innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og skapa vettvang fyrir íslensk og erlend ungmenni í starfi Rauða krossins.

**Sjálfboðaliðar** þurfa að vera 17 ára og eldri, hafa áhuga á vinnu með börnum og ungmennum og sækja grunnnámskeið um starf og hugsjónir Rauða krossins.

**Nánari upplýsingar** í síma 570 4000 og á raudikrossinn.is

spron er styrktaraðili átaksins

Rauði krossinn


Varaformaður Framsóknar segir frestun á vatnalögum tilraun til að kaupa tíma:

# Ósætti innan ríkisstjórnar

**ALÞINGI** Frestun á gildistöku vatnalaga um eitt ár er tilraun ríkisstjórnarinnar til að kaupa sér tíma til að vinna úr ósamkomulagi milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, sagði Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, á Alþingi í gær.

Rætt var um frumvarp iðnaðarráðherra í umræðum um störf þingsins í gær, en þar er lagt til að gildistöku vatnalaga verði frestað um eitt ár, fram til 1. nóvember á næsta ári.

Valgerður sagði gott samkomulag hafa verið milli sjálfstæðisfólks og framsóknarflokks um vatnalögin. Samið hafi verið um það við stjórnarandstöðuna að skipa nefnd til að fara yfir málið eftir langt málþóf, og það hafi verið fyrir handvömm að það hafi ekki verið gert.

„Ég hélt eitt augnablik að [...] Valgerður Sverrisdóttir ætlaði að koma upp og þakka mér fyrir að hafa mokað út úr flórnum sem hún skildi eftir ómokaðan,“ sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra. Vatnalögum sé frestað til að hægt sé að efna loforð fyrrverandi ríkisstjórnar um að skipa nefnd til að fara yfir málið.



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

„Frestur er sannarlega á illu bestur,“ sagði Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna. „[Iðnaðarráðherra] getur greinilega ekki staðið við þá sannfæringu sína, þau kosningaloforð og sameiginlega stefnu stjórnarandstöðunnar á síðasta þingi að fella þessi lög úr gildi.“ - bj




„Það er áhugavert og gefandi að fá að taka þátt í starfi Rauða krossins fyrir unga innflytjendur frá mörgum fjarlægum löndum.“

Sigríður Pálsdóttir, 82 ára

Rúmlega 200 sjálfboðaliðar, ungir og aldnir, taka þátt í ungmennastarfi Rauða krossins.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna ómetanlegt starf sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, mæta neyð og aðstoða þá sem eru hjálparþurfi af einhverjum orsökum. Þú getur gerst sjálfboðaliði, eða lagt okkur lið á annan hátt, í starfi sem leitast við að auka mannúð og bæta samfélag okkar.

**Verkefnin eru gefandi, fjölbreytt og óþrjótandi – vertu með!**

spron
er styrktaraðili átaksins

Rauði krossinn
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

Fíton/SÍA F1023269 Ljósynd: Spessi

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

HH2 ~ frá hugmynd til markaðar ~
framhaldsverkefni fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á Vesturlandi

**Útflutningsráð Íslands** býður ferðaþjónustufyrirtækjum á Vesturlandi í verkefnið HH2 - frá hugmynd til markaðar, sem er sjálfstætt framhald hins árangursríka og vinsæla verkefnis **Hagvöxtur á heimaslóð (HH)**.

Markmið HH2 verkefnisins er að auka markaðsvitund þátttakenda með þjálfun í árangursríkum vinnubrögðum hvað varðar vöruþróun, frágang vöru á markað, markaðssetningu og sölu.

Tilgangur verkefnisins er:
- *Að vinna áfram með þróun hugmynda og vörur sem hafa orðið til við samstarf fyrirtækjanna.*
- *Ráðgjafar leiða vöru- og þjónustuhópa, en hlutverk hópanna verður að fullmóta vörur frá svæðinu og fyrirtækjum.*
- *Handleiðsla á markað: Þær vörur sem koma frá nýsköpunar- og vöruþróunarfundum verða síðan tengd fáum, ákveðnum áherslusvæðum erlendis. Unnið verður að tengslamyndun og markaðssetningu "djúpt" í markaðinn og horft til uppbyggingar á markaði og tengsla til langs tíma.*
- *Sýningaþátttaka: Áhersla lögð á afmarkaðar ferðasýningar á þeim markaðssvæðum sem valin hafa verið.*

Fyrsti vinnufundur verður haldinn á Hótel Glym 23.-24. október 2007 en gert er ráð fyrir að þátttakendur gisti á hótelinu á meðan vinnufundi stendur.

Skráningu í verkefnið lýkur 18. október 2007. Þátttökugjald er 37.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar veita:
Hermann Ottósson, forstöðumaður ráðgjafar- og fræðslusviðs, **hermann@utflutningsrad.is** og Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri, **inga@utflutningsrad.is.**

www.utflutningsrad.is
Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

PIPAR • SÍA • 71925

# Fjármálaeftirlitið hefur fengið svar frá REI vegna hlutafjárkaupa starfsmanna:

# Ósk starfsmannafélagsins

**FJÁRMÁL** Í svari Reykjavík Energy Invest, REI, við fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins, segir að Starfsmannafélag Orkuveitunnar hafi óskað eftir kaupum á hlut fyrir hönd starfsmanna. Frumkvæðið hafi komið algjörlega frá einum aðila, starfsmannafélaginu. Stjórn REI hafi ákveðið að verða við óskinni með skilgreindri fjárhæð.

Fjármálaeftirlitið fékk í fyrradag svar við fyrirspurn sinni til Orkuveitunnar frá því fyrir helgina. Spurði eftirlitið hvort hugsanlega væri farið í kringum lög um skráningarlýsingu á bréfum í óskráðu félagi þegar kaupendur eru fleiri en eitt hundrað með stofnun hlutafélags í eigu starfsmanna Orkuveitunnar um kaup á hlut starfsmanna og því hefði útboð þurft að fara fram.

„Við brugðumst við óskum starfsmannafélagsins,“ segir Hafliði Helgason, framkvæmdastjóri samskipta hjá REI, „og það er einn aðili í okkar skilningi. Í því ljósi sjáum við ekki að við þurfum að gera útboðslýsingu, þetta er ekki almennt útboð. Efnislega höfum við skýrt okkar sjónarmið fyrir Fjármálaeftirlitinu. Framhald málsins er í þess höndum.“

Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins munu nú fara yfir svörin og skoða hvort ástæða sé til að taka málið til frekari athugunar. Málið fer í ákveðið ferli innan dyra og það getur tekið tvo til þrjá mánuði. - ghs

> Efnislega höfum við skýrt okkar sjónarmið fyrir Fjármálaeftirlitinu. Framhald málsins er í þess höndum.
>
> **HAFLIÐI HELGASON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMSKIPTA HJÁ REI



# Unnu gegn Kiljan vegna herstöðvar

**Chay Lemoine telur að bandarísk stjórnvöld hafi unnið gegn framgangi skáldsins vestra vegna þess að hann hafi verið leiðtogi þjóðlegrar hreyfingar gegn herstöðinni. Líklega safn af leynilegum gögnum um Nóbelskáldið hjá CIA.**

**BANDARÍKIN** Fræðimaðurinn Chay Lemoine telur að bandarískar leyniþjónustur hafi unnið gegn framgangi Halldórs Kiljans Laxness í Bandaríkjunum þar sem þær hafi álitið Laxness leiða þjóðernishreyfingu Íslendinga og andstöðu Íslendinga gegn erlendri hersetu.

Þetta hafi verið samofið „kommúnistaógninni“ í Bandaríkjunum, en í áður leynilegu yfirliti um ástand mála á Íslandi árið 1948, tekið saman af leyniþjónustunni CIA, virðast ekki vera miklar áhyggjur af kommúnisma.

Áhuginn á Halldóri Laxness hjá alríkislögreglunni FBI hafi verið mikill á árunum 1946 til 1947, en ári síðar gaf hann út Atómstöðina. Skjölum um Laxness í safni FBI fækki mjög eftir þetta.

Líkleg skýring sé sú að árið 1947 hafi ný stofnun, CIA, tekið til starfa í Bandaríkjunum. Hún hafi séð um utanríkismál og tekið yfir málefni Laxness, enda hafi bækur skáldsins ekki lengur fengist útgefnar vestra.

CIA neitar að láta nokkur leynileg gögn af hendi um Halldór Laxness og Lemoine telur að þar hljóti að vera talsvert af gögnum, allt fram til 1951, þegar varnarsamningurinn var undirritaður.

„Eftir það held ég að afstaðan til herstöðvarinnar hafi snúist að miklu leyti um peninga og að þeir hafi því ekki þurft að óttast stjórnmálamennina,“ segir Lemoine, sem var fyrr í mánuðinum neitað um aðgang að fjórum skjölum FBI um Halldór Laxness. Eitt þeirra er sagt geta „skaðað þjóðaröryggi Bandaríkjanna á alvarlegan eða mjög alvarlegan hátt“. Neitunin kom frá utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna.

Þetta segir Lemoine afar óvenjulegt og bendi til að upplýsingarnar séu viðkvæmar fyrir erlend ríki, líklega íslensk stjórnvöld. Erfitt sé að sjá hvað geti verið svo hættulegt við Halldór Kiljan Laxness að það skaði Bandaríkin.

Lemoine hvetur Íslendinga til að leita í íslenskum skjalasöfnum að upplýsingum um samskipti ríkjanna á kaldastríðsárunum. Sú saga hafi enn ekki verið skráð til fullnustu.

Hann hóf eftirgrennslan sína um Laxness fyrir rúmum þremur árum, eftir að hann las Sjálfstætt fólk. Honum kom á óvart að bókin hefði selst í 500.000 eintökum og síðan horfið sporlaust af markaði. Hann spurði sig hvort ríkisstjórn Bandaríkjanna hefði staðið að því að hindra framgang og feril Halldórs í Bandaríkjunum. „Niðurstaðan er já, hún gerði það,“ segir Lemoine. klemens@frettabladid.is



**HALLDÓR LAXNESS** Upplýsingar um hann eru taldar geta ógnað þjóðaröryggi Bandaríkjanna á alvarlegan eða mjög alvarlegan hátt. MYND/ÚR SAFNI

## ERINDREKARNIR:

Þrír reyndir menn úr utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna skáru úr um að Lemoine skyldi ekki fá aðgang að skjali um Halldór Laxness:

**Francis Terry McNamara:** Í utanríkisþjónustunni síðan 1956. Var meðal annars sendiherra í Víetnam frá 1968 til 1971.

**William Edwin Ryerson:** Fyrsti sendiherra Bandaríkjanna í Albaníu eftir hrun Sovétríkjanna. Starfaði áður sem erindreki í Vestur-Þýskalandi og Austur-Evrópu.

**Harry E. T. Thayer:** Starfaði sem blaðamaður Newsweek áður en hann gekk til liðs við utanríkisráðuneytið 1956. Sérhæfði sig í Asíu. Skipaður sendiherra í Singapúr 1980.



**CHAY LEMOINE**

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Risarnir dafna?

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga í samstarfi við Frjálsa verslun og Vísbendingu halda morgunverðarfund á Hótel Sögu, Sunnusal, fimmtudaginn 18. október, kl. 8.30-10.00, um risana í íslensku atvinnulífi.

- *Hvar verður næst sótt fram?*
- *Hverjir munu sameinast?*
- *Hver eru eignatengslin?*

FYRIRLESARAR

**Opnun fundar.**
*Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra*

**Rétt fyrirtæki á réttum tíma. Dvergur í dag, risi á morgun.**
*Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims og ritstjóri Vísbendingar*

**Stór fyrirtæki í litlu landi.**
*Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings*

**300 stærstu fyrirtæki landsins – eignatengsl – helstu áherslur í stjórnun stærstu fyrirtækjanna núna.**
*Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar*

**Umræður að erindum loknum.**

**Fundarstjóri:**
*Guðfinna S. Bjarnadóttir, þingmaður*

Skráðu þig strax – takmarkað sætaframboð!
Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is eða í síma 551 1317.
Verð með morgunmat kr. 3.000 fyrir félagsmenn FVH og 4.900 fyrir aðra.

*Fundurinn er haldinn í samstarfi við Frjálsa verslun og Vísbendingu*

FRJÁLS VERSLUN
VÍSBENDING Vikurit um viðskipti og efnahagsmál

# Gífurleg fjölgun í tilfellum vöggudauða þar sem móðir reykti á meðgöngu:

# Fylgni milli reykinga og vöggudauða

**HEILSA** Tæplega níu af hverjum tíu mæðrum sem missa barn sitt vegna vöggudauða reyktu á meðgöngunni. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem vísindamenn við Bristol-háskóla stóðu fyrir og byggði á 21 fyrri rannsókn á fylgni reykinga á meðgöngu og vöggudauða. Skýrsla um rannsóknina mun birtast í tímaritinu Early Human Development bráðlega samkvæmt BBC.

Reykingar hjá konum á meðgöngu hafa dregist saman úr 30 prósentum í 20 prósent undanfarin fimmtán ár. Einnig hefur tilfellum vöggudauða fækkað mikið en vöggudauði sem rakinn er til reykinga móður hefur færst í aukana. Í rannsókninni kemur fram að hlutfall barna sem deyja vöggudauða eftir að mæður þeirra reyktu á meðgöngu hefur aukist úr 57 prósentum í 86 prósent.

Þessi hlutföll skýrast af árangursríku starfi við að fá fólk til að leggja börn sín til svefns á bakinu, sem talið er að hafi komið í veg fyrir fjölda dauðsfalla vegna vöggudauða.

Fullkomna fylgni má sjá á milli hættu á vöggudauða og þess hve mikið var reykt á meðgöngunni að sögn Peters Fleming prófessors og eins aðalhöfunda skýrslunnar. „Barn móður sem reykti átta stundir á dag á meðgöngu var átta sinnum líklegra til að látast af völdum vöggudauða heldur en barn móður sem ekki reykti.“ - sdg



**REYKINGAR Á MEÐGÖNGU** Rannsóknir sýna að börnum mæðra sem reyktu á meðgöngu er hættara við vöggudauða. GETTY

ÖRUGG FJÁRFESTING – TRYGGÐUR HÖFUÐSTÓLL




# HÖFUÐSTÓLSTRYGGÐIR REIKNINGAR

**Nú getur þú tekið þátt í að fjárfesta á hlutabréfamarkaðnum án þess að eiga á hættu að tapa höfuðstól og átt möguleika á góðri ávöxtun.**

Sala er hafin á **tveimur nýjum** reikningum, **ICEin 1008** og **BRICin 1008**, sem eru höfuðstólstryggðir reikningar. ICEin fylgir gengi íslenska hlutabréfamarkaðarins, OMXI15. BRIC er skammstöfun fyrir Brasilíu, Rússland, Indland og Kína en BRICin fylgir KMS BRIC sjóðnum sem er í stýringu Kaupþings.

## ICEin 1008

- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Reikningurinn er bundinn í **eitt** ár
- Ávöxtun að hámarki **20%**
- Fylgir **OMXI15** vísitölunni
- Höfuðstóll er tryggður í ISK
- Upphafsgengi ákvarðast við lok dags 25. október
- Sölutímabilið er frá **16.-25. október**

## BRICin 1008

- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Reikningurinn er bundinn í **eitt** ár
- Ávöxtun að hámarki **20%**
- Fylgir **KMS BRIC** sjóðnum*
- Ávöxtun tekur mið af hækkun á verði á BRIC í EUR og greiðist út umreiknuð í ISK á lokadegi
- Höfuðstóll er tryggður í ISK
- Upphafsgengi ákvarðast við lok dags 25. október
- Sölutímabilið er frá **16.-25. október**

Kynntu þér málið á kaupthing.is, í síma 444 7000,
eða komdu við í næsta útibúi.

KAUPÞING
*Hugsum lengra*

ENNEMM / SÍA / NM30246

* KMS BRIC er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu Kaupþings, www.kaupthing.is.

Þingmenn VG vilja fá óháða aðila til að gera áhættumat vegna virkjana í Þjórsá:

# Rof gætu valdið manntjóni

**ALÞINGI** Rofni stíflur sem Landsvirkjun hyggst reisa vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár í jarðskjálftum gætu stórflóð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi valdið manntjóni.

Þessu er haldið fram í þingsályktunartillögu sem Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, mun flytja á Alþingi ásamt þremur öðrum þingmönnum VG. Þeir vilja að óháðir aðilar verði fengnir til að vinna áhættumat vegna fyrirhugaðra virkjana.

Í greinargerð með tillögunni er tekið fram að Landsvirkjun hafi þegar látið vinna áhættumat vegna þriggja virkjana í Þjórsá. Sá böggull fylgi þó skammrifi að áhættumatið sé unnið af sömu aðilum og hafi eftirlit með framkvæmdum og komi að hönnun mannvirkjanna.



**URRIÐAFOSS** Áhættumat vegna virkjana í Þjórsá verður kynnt íbúum Flóahrepps á fimmtudagskvöld og í kjölfarið gert opinbert. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR BOGI

Slíkt fyrirkomulag sé til þess fallið að draga megi í efa að það sé faglega unnið. Sami háttur hafi verið hafður á við gerð áhættumats vegna Kárahnjúkavirkjunar, og það hafi sætt harðri gagnrýni.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir áhættumat órjúfanlegan hluta af hönnunarferli mannvirkja. Svo geti menn haft skoðanir á því hvort rétt sé að fá óháða aðila, til dæmis á forræði skipulagsyfirvalda, til að fara yfir niðurstöður áhættumatsins.

Áhættumatið hefur verið unnið, og verður kynnt fyrir íbúum í Flóahreppi á fimmtudagskvöld, og í kjölfarið gert opinbert. **- bj**

Danskur ráðherra:

# Hirsi Ali verði boðið hæli

**DANMÖRK Danski menningarmálaráðherrann Brian Mikkelsen hefur hvatt dönsk bæjarfélög til að bjóða stjórnmálakonunni og rithöfundinum Ayaan Hirsi Ali, sem er frá Sómalíu en er hollenskur ríkisborgari, að setjast að í Danmörku.**

**Mikkelsen sér þennan möguleika bjóðast í tengslum við lagafrumvarp um „örugga bæi“ fyrir ofsótta rithöfunda, sem danska stjórnin vinnur nú að. Hirsi Ali hefur notið lögregluverndar frá árinu 2004, þegar hún var meðhöfundur að kvikmynd um kúgun múslimakvenna. - aa**






# Tími kominn til að stofna Palestínuríki

**Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er á ferð um Miðausturlönd til að undirbúa fyrirhugaða friðarráðstefnu. Hún segir tíma kominn til að stofna sjálfstætt Palestínuríki. Egyptalandsstjórn heitir stuðningi.**

**MIÐAUSTURLÖND, AP** „Í allri hreinskilni sagt, þá er kominn tími til þess að stofna Palestínuríki,“ sagði Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að loknum fundi sínum með Mahmoud Abbas, forseta Palestínumanna á mánudag. Hún hélt ferð sinni um Miðausturlönd áfram í gær og hitti ráðamenn í Egyptalandi, sem lengi hafa gegnt mikilvægu hlutverki í að miðla málum milli Ísraela og Palestínumanna.

Rice segir að George W. Bush Bandaríkjaforseti ætli að leggja mikla áherslu á að finna varanlega lausn á deilu Palestínumanna og Ísraela, enda sé það í hag Bandaríkjamanna að átökum þar ljúki. Þess vegna leggi Bandaríkjastjórn nú svo mikla áherslu á að stefna deiluaðilum saman á friðarráðstefnu sem halda á í Annapolis í Maryland.

Ahmed Aboul Gheit, utanríkisráðherra Egyptalands, hafði á mánudag talað um að réttast væri að fresta ráðstefnunni þar sem horfur væru ekki nógu góðar á að áþreifanlegur árangur næðist þar. Í gær hét Gheit hins vegar Rice stuðningi Egypta við ráðstefnuna. Rice og Gheit sögðu tímasetningu hennar vera undir því komna að samningamenn Ísraela og Palestínumanna kæmu sér saman um samningsgrundvöll, sem síðan mætti ganga frá á ráðstefnunni.

Meðal erfiðustu deilumálanna er skipting Jerúsalemborgar, en Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, gaf á mánudag í fyrsta sinn í skyn opinberlega að Ísraelar gætu sætt sig við að austurhluti borgarinnar verði undir yfirráðum Palestínumanna. Eftir viðræður sínar í Kaíró hélt Rice aftur til fundar við Olmert í Jerúsalem í gær.



**CONDOLEEZZA RICE OG MAHMOUD ABBAS** Þau tókust í hendur að loknum fundi sínum í Ramallah. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Palestínumenn leggja mikla áherslu á að í hinum sameiginlega samningsgrundvelli verði nákvæmlega gerð grein fyrir tímasetningum um stofnun Palestínuríkis, en Ísraelar segja nægilegt að sú yfirlýsing verði almennt orðuð. **- gb/aa**




HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is



SAND
WOMAN

nýjar kápur

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

N1

EKKI BÍÐA EFTIR FYRSTA SNJÓNUM...

Komdu með bílinn fyrir **20. október** og þú bæði sparar og losnar við alla bið. Hjólbarðaþjónusta N1er búin fyrsta flokks tækjakosti og hefur á að skipa reynslumiklu starfsfólki.

**15% afsláttur til 20. október**

-15%

Afsláttur af umfelgun, vetrardekkjum og þjónustu. 10% afsláttur fyrir Viðskiptakortshafa auk 5% í formi punkta fyrir Safnkortshafa – samtals 15%. Þú getur sótt um kort á staðnum og nýtur þá afsláttarins.

**Vetrarpakki fylgir dekkjaumgangi til 20. október**

Þeir sem kaupa umgang af dekkjum fyrir 20. október fá sérstakan kaupauka; bílabón, bílasápu, svamp, tjöruhreinsi og sköfu. Mættu tímanlega og vertu klár í veturinn.

**Dekkjahótel ★★★★★**

Notaðu bílskúrinn í eitthvað skemmtilegt og láttu okkur geyma fyrir þig sumardekkin. Tekið er við dekkjum á öllum afgreiðslustöðum hjólbarðaþjónustu N1. Í vor mætirðu einfaldlega á sama verkstæði og sumardekkin bíða tilbúin.

N1 BÍLAÞJÓNUSTA

WWW.N1.IS

Minnisblað fjármálaráðherra og ríkisendurskoðanda um Grímseyjarferjumálið:

# Sammála um breytt orðalag

**ALÞINGI** Fjármálaráðherra og ríkisendurskoðandi eru sammála um að endurskoða hefðbundið orðalag heimilda á fjárlögum. Þetta er gert í kjölfar gagnrýni á heimildir vegna kaupa á nýrri Grímseyjarferju og kemur fram á minnisblaði sem kynnt var í fjárlaganefnd í gær.

Í fjárlögum er heimild til þess „að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju“. Í minnisblaðinu segir að með hliðsjón af ófyrirséðum atvikum málsins og deilum um túlkun sé tímabært að endurskoða það orðalag.

Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, stóð fyrir utandagskrárumræðu um málefni Grímseyjarferjunnar á Alþingi í gær. Þar gagnrýndi hann ríkisstjórnin og Alþingi hefðu verið leynd upplýsingum um kostnað vegna nýrrar ferju.

Kynnt hafi verið í ríkisstjórn árið 2005 að kostnaður ætti að vera 150 milljónir króna en skömmu síðar hafi samgönguráðuneytið og Vegagerðin sagt að kostnaður yrði miklu hærri en ríkisstjórninni hafi verið kynnt. Nú sé hann kominn yfir 500 milljónir.

Birkir spurði hvers vegna ekki hefði verið leitað heimildar Alþingis fyrir auknum útgjöldum árið 2005, og spurði hvort málið hefði þá þegar verið komið í slíkar ógöngur að ekki hefði verið þorandi að upplýsa um það fyrr en eftir kosningarnar síðastliðið vor.



ÁRNI M. MATHIESEN BIRKIR J. JÓNSSON

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra varð fyrir svörum og sagði hann engu hafa verið leynt, eins og umræður á Alþingi hefðu borið glöggt vitni.

Árni sagði einkennilegt að Birkir vekti máls á þessu nú. Hann hafi verið formaður fjárlaganefndar þegar heimildin til kaupa á nýrri Grímseyjarferju komst á fjárlög. Hefði hann grunað að ekki væri eðlilega staðið að málinu hefði hann átt að vekja máls á því við afgreiðslu fjárlaga ársins 2007, það hafi hann ekki gert.

„Ég dreg enga dul á það að mér finnst þetta mál á margan hátt klúður á klúður ofan,“ sagði Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, í umræðum á Alþingi í gær. Flest sem hafi getað farið úrskeiðis hafi gert það, en í þessu tilviki eins og öðrum eigi mistökin að vera til að læra af þeim. **- bj**



**SIGLIR UM ÁRAMÓT**

Vinna við endurbætur á Grímseyjarferjunni er nokkurn veginn á þeirri áætlun sem verkefnisstjórn gerði nýlega, sagði Kristján Möller samgönguráðherra á Alþingi í gær. Kristján sagði stefnt að því að verkinu lyki að stærstum hluta í lok nóvember, og skipið yrði tilbúið um áramót.

**Málþing Kennaraháskóla Íslands 18. og 19. október**

**Maður brýnir mann**

Samskipti - Umhyggja - Samábyrgð

**Dagskrá**

**Fimmtudaginn 18. október**

14:00 - 14:35 Setning. *Ávörp flytja:* Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra Ólafur Proppé, rektor KHÍ. Vilborg Dagbjartsdóttir, skáld og grunnskólakennari, Svanhildur Kaaber, skrifstofustjóri

14:40 - 15:30 Aðalfyrirlesari: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: UMHYGGJAN Á HEIMA Í ÖLLUM SKÓLUM: Hlutverk, viðfangsefni og sjálfsmynd kennara á 21. öld

15:45 - 17:05 Málstofur um rannsóknir, nýbreytni og þróunarstarf

**Föstudaginn 19. október**

14:00 - 15:00 Málstofur
I Samtal við náttúruna
Ólafur Páll Jónsson, lektor við KHÍ
Ósk Vilhjálmsdóttir, myndlistarmaður
II Umhyggja fyrir námi
Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla
Helga Valtýsdóttir, námsráðgjafi við Víðistaðaskóla
III Umhyggja á mótum skólastiga
Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við KHÍ
Lilja Ólafsdóttir, aðstoðarskólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar

15:10 - 17:10 Málstofur um rannsóknir nýbreytni- og þróunarstarf

17:10 Léttar veitingar í boði menntamálaráðuneytis

Nokkur erindi af rúmlega 80 sem flutt verða í málstofum:

Bókaormar og möppudýr
Kennsla á að virkja sköpunarkraft nemenda og fá þau til að hugsa...
Af hverju fæ ég bara eitt blað til að teikna húsið mitt?
Verðum læs - líka á unglingastigi
Fjölbreyttir kennsluhættir - einstaklingsmiðað nám
Það skal vel vanda sem lengi á að standa
„Saman í sátt“ Leiðir til að fást við samskiptavanda og einelti í skólum
Hvernig mætir skólinn þörfum fatlaðra nemenda?
Svarti sauðurinn og lömbin - Hvar liggja takmörk umhyggjunnar?
Nemandinn í forgrunni: Sagt frá skólaþróunarverkefnum í þrettán skólum
Frá langspili til sinfóníu
Leikskólinn á að líkjast heimili.

Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis. Gestir eru beðnir að skrá sig á slóðinni www.khi.is/malthing2007
Þar er einnig að finna dagskrá og ágrip erinda

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Landsbankinn

Átökin í Afganistan:

## Sjö danskir hermenn fallnir

**DANMÖRK, AP** Anders Storrud, majór í danska hernum, lést í gær af sárum sem hann hlaut í átökum í Suður-Afganistan í fyrradag. Hann er sjöundi Daninn sem lætur lífið í Afganistan frá því Danir hófu þátttöku í friðargæsluverkefni NATO þar.

Um 600 danskir hermenn þjóna nú í fjölþjóðaliðinu ISAF í suðurhluta Afganistans, en þar hafa skæruliðar talibana haft sig einna mest í frammi.

Storrud var ásamt félögum sínum að búast til að draga brynvagn, sem lent hafði á jarðsprengju, er sprengju var varpað að honum. - aa

Mál Holbergs Mássonar sent aftur til Héraðsdóms Reykjavíkur:

# Mál sent í efnislega meðferð

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur lagt fyrir héraðsdóm að taka skaðabótamál Holbergs Mássonar gegn ríkinu til efnislegrar meðferðar. Héraðsdómur hafði áður vísað málinu frá.

Holberg krefst þess að fá greiddar skaðabætur að upphæð 700 þúsund krónur frá íslenska ríkinu vegna ólögmætrar handtöku lögreglu svo og rannsóknar lögreglu í máli sem tengdist handtöku hans.

Holberg var handtekinn í janúar á síðasta ári, ásamt tveimur erlendum mönnum, eftir fund sem þeir áttu í Íslandsbanka. Talið var að Holberg væri viðriðinn tilraun til að selja bankanum falsaða bankaábyrgð að upphæð 60 þúsund evrur eða sem nemur rúmum fimm milljörðum króna.

Í frávísunardómi héraðsdóms kom fram að Holberg hefði verið vistaður í fangelsi samtals í tæpar 26 klukkustundir. Dómari hafnaði síðan farbannskröfu lögreglu á hann þar sem ekki þótti tilefni til hennar. Í júní á síðasta ári barst Holberg svo tilkynning um að rannsókn málsins hefði verið felld niður, enda ekkert komið fram sem tengdi hann við fölsun bankaábyrgðarinnar. - jss



**HOLBERG MÁSSON** Héraðsdómur skal taka skaðabótamál hans upp að nýju.

Fíkniefnalögreglan:

## Grunaður fíkniefnasali tekinn

**LÖGREGLUMÁL Grunaður fíkniefnasali var tekinn með 100 grömm af marijúana í Breiðholti í fyrrakvöld. Honum var sleppt eftir yfirheyrslu hjá lögreglu í gær.**

**Maðurinn sem um ræðir var tekinn við aðgerð í Breiðholti af fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann er grunaður um sölu og dreifingu fíkniefna.**

**Fíkniefnalögreglan hefur að undanförnu tekið talsvert magn af fíkniefnum við hefðbundið eftirlit. Aðgerðin í fyrradag var liður í því.** - jss



**TVEGGJA ÁRA BIÐ Á ENDA** Frá athöfninni í Toulouse í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Áfangi hjá Airbus:

## Fyrsta A380-þotan afhent

**FLUG Fyrsta Airbus A380-risaþotan var afhent fulltrúum Singapore Airlines við hátíðlega athöfn í Toulouse í Frakklandi á mánudag. Með tveggja ára seinkun frá upprunalegri áætlun mun þessi langstærsta farþegaþota allra tíma hefja áætlanaflug hinn 25. október. Hún á að þjóna flugleiðinni Singapúr-Sydney.**

**Þessi langa bið eftir að verksmiðjan gat afhent fyrstu vélina sló á hátíðarstemninguna. Ástæður seinkunarinnar voru margvísleg tæknileg vandamál, meðal annars varðandi tölvuforritun og víralagningu.**

**Pantanir á 185 A380 liggja fyrir hjá verksmiðjunni.** - aa

Samkeppnislagabrot:

## Sekt Árdegis aftur staðfest

**SAMKEPPNI** Árdegi, sem áður hét Skífan, skal greiða 65 milljónir króna í sekt fyrir samkeppnisbrot. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur staðfest þann úrskurð Samkeppniseftirlitsins síðan í fyrra.

Árdegi krafðist þess að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi. Áður höfðu þeir skotið málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti sektina.

Brotið snerist um samninga Skífunnar við Hagkaup um sölu á hljómdiskum og tölvuleikjum á árunum 2003 og 2004. Þeir fólu í sér einkakaup og samkeppnishamlandi afslætti, samkvæmt fréttatilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu. - sþs







AIG
AIG
7
5


HD TV 1080i
Sýn2
Sjáðu muninn
Loksins á Íslandi
Enski boltinn í háskerpu á Digital Ísland
Sjáðu Enska boltann í mestu gæðum á Sýn HD. Fyrsti leikur í háskerpu verður laugardaginn 20. október, Everton – Liverpool.
Sala hefst í dag og verður Sýn HD áskrift á sérstöku tilboði til 1. desember, 990 kr á mánuði.
Náðu þér í háskerpumyndlykil í verslun Vodafone, Skútuvogi 2. Nánari upplýsingar á www.vodafone.is/hd og í þjónustuveri 365, sími 512 5100.
Gríptu augnablikið og lifðu núna
vodafone

## „ORÐRÉTT“

### Hættulegur Halldór

**„Hvað getur það verið, eftir sextíu ár, sem ógnar öryggi bandarísku þjóðarinnar?“**

CHAY LEMOINE FRÆÐIMAÐUR SEM NEITAÐ VAR UM AÐGANG AÐ SKJÖLUM BANDARÍSKU ALRÍKISLÖGREGLUNNAR, FBI, UM HALLDÓR LAXNESS.
**Fréttablaðið 16. október.**

### Ekki nennt Eurovision

**„Ég var nú ekkert á þeim buxunum að semja fyrir Eurovision og hefði varla nennt því.“**

MAGNÚS EIRÍKSSON KVEÐST EKKI HAFA VERIÐ SAGT AÐ ÞÁTTURINN LAUGARDAGSLÖGIN VÆRI FORKEPPNI FYRIR EUROVISION.
**Fréttablaðið 16. október.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON LEIKARI

## Kátir karlar að skemmta sér

„Ég er að leika í sýningunni Laddi sextugur sem gengur fádæma vel. Svo er ég núna í Áramótaskaupi Sjónvarpsins og það er ægilega gaman. Við hófum upptökur í gær,“ segir Steinn Ármann Magnússon leikari.

„Um síðustu helgi var ég veislustjóri á herrakvöldi Fáks. Þetta voru kátir karlar að skemmta sér, ekki einungis úr Fáki heldur einnig öðrum hestamannafélögum. Veislustjórnarvertíðin er að vísu lítið farin af stað. Þetta er meira eftir áramót á árshátíðunum og þorrablótunum.

Hvað varðar hestamennskuna þá tek ég hrossin mín líklega inn um miðjan desember. Ef það gerist seinna þá er maður kominn á kaf í jólastressið. Ég á fimm hesta, sem ég sinni sjálfur, gef, moka og annað sem til fellur. Ánægjan í hestamennskunni er umgengnin við skepnurnar, félagsskapurinn og útiveran. Ég held að þeir sem sjá um hestana sína sjálfir séu haldnir einhvers konar „bóndakomplex“. En á síðari árum er allt sem snýr að hestamennsku orðið miklu dýrara heldur en áður. Það er komið dálítið af nýríku fólki í þetta. Hestamennska er að verða ríkra manna sport, finnst okkur þessum venjulegu hestamönnum. Allt hefur hækkað, hesthús, hey og spænir. Svo eru menn að kaupa fordýrar jarðir úti um allar trissur.“



## HANDBOLTI: ALDARGÖMUL ÍÞRÓTT



■ Handbolti á rætur að rekja til Norður-Evrópu í lok 19. aldar. Daninn Holger Nielsen samdi reglurnar árið 1898 en nýjar reglur voru gefnar út árið 1917 og betrumbættar tveimur árum síðar. Fyrsti landsleikurinn með þessum reglum var milli Þýskalands og Belgíu árið 1925. Árið 1926 voru samdar alþjóðlegar reglur fyrir íþróttina. Handbolti var fyrst leikinn á Ólympíuleikunum í Berlín árið 1936, að sérstakri bón Adolfs Hitler. Handbolti karla hefur átt fastan sess á Ólympíuleikum frá 1972 en handbolti kvenna bættist við fjórum árum síðar.

## SJÓNARHÓLL
STAÐA PÚTÍNS RÚSSLANDSFORSETA

### Engir alvöru valkostir

„Maður á erfitt með að átta sig á þessu pólitíska kerfi sem er búið að smíða í Rússlandi,“ segir Árni Bergmann rithöfundur spurður um stöðu Vladimírs Pútín.

Árni segir Pútín hafa notað þau miklu völd sem fylgja forsetalýðræði í að gera þingið máttlaust. „Og hann getur notfært sér þá pólitísku menningu sem er í Rússlandi að það sé meira virði að hafa öflugan leiðtoga heldur en að hafa málfrelsið í lagi. Einnig hafa menn sætt sig við að hann beiti valdi sínu til að draga úr valdi héraða og aðildarlanda svo ekki kvarnist meira úr þessu stóra ríki.“

Árni segir spennandi að sjá hvað verður úr áformum Pútíns um áframhaldandi völd með því að láta kjósa forseta sem hann hefur í vasanum. „Hann getur náð ansi miklum meirihluta á þingi því að vegna kænsku hans og heimskupara stjórnarandstæðinga eru þeir mjög sundraðir. Þannig eru eiginlega engir alvöru valkostir til staðar sem menn trúa á að hægt sé að notast við.“



**ÁRNI BERGMANN** Rithöfundur

# Þroskandi og gefandi

**Rauði krossinn kynnir innanlandsstarf sitt í þessari viku. Flestir Íslendingar telja að Rauði krossinn starfi mestmegnis erlendis, en sú er ekki raunin. Um 1.700 sjálfboðaliðar vinna að verkefnum á vegum félagsins innanlands.**

Rauði krossinn stendur fyrir umfangsmiklu kynningarátaki um þessar mundir. Verið er að kynna verkefni félagsins innanlands og þá sérstaklega þau verkefni sem stuðla að því að rjúfa félagslega einangrun.

„Við höfum rekið okkur á það að fólk veit ekki almennilega hvað við gerum,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, sviðsstjóri útbreiðslusviðs hjá Rauða krossinum. „Í viðhorfskönnun sem við létum gera í vor kom í ljós að 74 prósent fólks tengja okkur við hjálparstarf erlendis. Samt er það svo að yfir 70 prósent af verkefnum Rauða krossins eru unnin af sjálfboðaliðum okkar innanlands.“

Sjálfboðaliðarnir eru um 1.700 talsins og á öllum aldri. „Það eru áberandi flestir á aldrinum 50 til 80 ára, en annars er nokkuð jöfn skipting í hinum aldurshópunum.“

Markmiðið með átakinu er skýrt. „Við erum að leita eftir því að fólk sem vill gerast sjálfboðaliðar viti hvar okkur er að finna. Við viljum einnig að fólk viti hvaða þjónustu það getur fengið frá okkur, hvort sem það er vegna tímabundinna eða langvarandi erfiðleika eða aðstæðna,“ segir Sólveig.

Sigrún Tinna Sveinsdóttir er meðal yngstu sjálfboðaliðanna, rétt rúmlega tvítug. Hún starfar í athvarfinu Vin, sem er athvarf fyrir geðfatlaða í Reykjavík. „Ég byrjaði sem sjálfboðaliði í ungmennastarfinu í fyrrahaust,“ segir hún. „Þar var svo talað um önnur verkefni sem hægt væri að taka þátt í og mér þótti þetta mjög spennandi.“

Sjálfboðaliðar í Vin mæta á sunnudögum og bjóða gestum athvarfsins upp á kaffi og meðlæti. „Fólk kemur þangað og við sitjum og spjöllum saman. Það er ákveðinn kjarni af fólki sem kemur alltaf en svo koma oft einhverjir sem maður hefur ekki séð áður.“

Sigrún segist hafa kynnst breiðum og góðum hópi af fólki í sjálfboðastarfinu. „Það er gaman að koma inn á stað þar sem það eru öðruvísi umræður og önnur sýn á lífið og tilveruna en maður er vanur. Þetta hefur verið mjög þroskandi og gefandi fyrir mig.“

thorunn@frettabladid.is



**MEÐAL YNGSTU SJÁLFBOÐALIÐANNA** Þrátt fyrir að vera aðeins tvítug hefur Sigrún Tinna starfað sem sjálfboðaliði Rauða krossins í um það bil ár. Hún segist hafa lært mikið í starfinu og kynnst mörgu góðu fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## INNANLANDSSTARF RAUÐA KROSSINS

Áhersla er lögð á að kynna verkefni sem stuðla að því að rjúfa félagslega einangrun, hvort sem er vegna tímabundinna eða langvarandi aðstæðna. Stærstu verkefnin fimm eru:

■ **Athvörf:** Sjö athvörf eru starfrækt fyrir geðfatlaða og eitt fyrir heimilislausar konur.

■ **Fata- og nytjamarkaður:** Fataúthlutun og flokkun. Mest er selt á flóamörkuðum erlendis en einnig sendir gámar til samstarfslanda.

■ **Heimsóknarvinir:** Meðal annars stuðningur við innflytjendur, aldraða, foreldra langveikra barna, geðfatlaða og fanga.

■ **Hjálparsíminn 1717:** Tekið við símtölum, flestum vegna sálrænna vandamála, neyslu, sjálfsvígshugsana og einmanaleika.

■ **Ungmennastarf:** Vinnur gegn fordómum og mismunun. Lögð hefur verið áhersla á að starfa með ungum innflytjendum.




# 11.–20. OKTÓBER

**AEG**

FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

# ÞVOTTADAGAR

## Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á TILBOÐSVERÐI



*Án efa*

## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS *sl. 3 ár!*

### AEG þvottavél með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 7 kg.
- Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.
- Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu
- Mjög hljóðlát og sparneytin vél
- Þvottahæfni: A+
- Þeytivinduafköst: A • Orkuflokkur: A
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka
- 3ja ára ábyrgð

### AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
- Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
- Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað
- Stórt hurðarop - 33 sm

**TILBOÐVERÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ**

*(Áður: Kr. 213.900)*



## GÆÐINGAR Á GÓÐU VERÐI:

### AEG þvottavél með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 64810 ÍSLAND

- Vindingarhraði 1400 / 1000 / 600 snún. á mín.
- Taumagn: 6 kg
- 24 kerfi þvottakerfi
- Aqua-Control

### AEG þurrkari

LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Íslenskt stjórnborð
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig auk sér stillingar fyrir ull og straulétt.

**TILBOÐVERÐ: Kr. 145.000 / PARIÐ**

*(Áður: Kr. 173.900)*

### AEG þvottavél með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 52820

- 1200 snúninga • 6 kg.
- Fjöldi prógramma

### AEG þurrkari

LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Íslenskt stjórnborð

**TILBOÐVERÐ: Kr. 139.900 / PARIÐ**

*(Áður: Kr. 168.900)*



*Íslenskt stjórnborði og ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir okkar vélum.*

*Sjá nánar á:* www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# ORMSSON

ORMSSON **LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800

ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900

ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535

ORMSSON MODEL-**AKRANESI** SÍMI 431 3333

ORMSSON ÞRISTUR-**ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751

ORMSSON RADIONAUST-**AKUREYRI** SÍMI 461 5000

ORMSSON BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515

ORMSSON VÍK-**EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038

ORMSSON VÍK-**NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900

ORMSSON VÍK-**REYÐARFIRÐI** SÍMI 474 1477

ORMSSON ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** SÍMI 480 1160

KVIKA

## Svona erum við

> Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum í milljónum króna á verðlagi hvers árs.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING: ÞJÓÐARMORÐ TYRKJA Á ARMENUM Í BYRJUN TUTTUGUSTU ALDARINNAR**

# *Armenar myrtir vegna fordóma*

Tyrkir eru afar ósáttir við samþykkt utanríkismálanefndar bandarísku fulltrúadeildarinnar um að fjöldamorðin á Armenum í Tyrklandi á árunum 1915-1917 hafi verið þjóðarmorð en Tyrkir hafa alla tíð þrætt fyrir það og neitað því að um fjöldamorð hafi verið að ræða.



**Hvað gerðist eiginlega?**
Árið 1915 fóru tyrknesk stjórnvöld að ofsækja Armena í Tyrklandi, reka fólkið burt úr sveitum sínum um þúsund kílómetra vegalengd á svæði þar sem nú er Sýrland og Írak. Með fylgdu óhæfuverk af ýmsu tagi, pyntingar og annað ofbeldi, einnig aftökur. Margir létust.

**Hversu margir létu lífið?**
Erfitt er að segja nákvæmlega hversu margir létu lífið því það veit enginn. Tyrkir hafa viljað tala um þrjú hundruð þúsund menn en Armenar sjálfir telja að mun fleiri hafi látið lífið, jafnvel allt upp í tvær milljónir manna. Líklegast þykir að fjöldinn látinna hafi verið á bilinu sex hundruð þúsund upp í eina og hálfa milljón manna.

**Af hverju var þetta fólk ofsótt?**
Fyrir því er engin skynsamleg skýring, eingöngu fordómar gagnvart Armenum vegna þess að þeir voru og eru Armenar, svipað og þegar Þjóðverjar myrtu gyðinga í stórum stíl í síðari heimsstyrjöldinni.

**Af hverju hafa þjóðarmorðin ekki hlotið viðurkenningu?**
Fátt minnir á meðferðina á Armenum, aðeins nokkrar sögusagnir, lýsingar og fáeinar myndir. Armenar hafa lítil völd í helstu forystulöndum heimsins og þeim hefur orðið lítt ágengt í því að fá viðurkenningu á því að um þjóðarmorð hafi verið að ræða. Þá hafa Tyrkir aldrei viljað gangast við þjóðarmorðunum.

Heimild: Svar Jóhanns Haukssonar við fyrirspurn á Vísindavef HÍ.

**SPURT OG SVARAÐ**
**GJALDTAKA BANKANNA**

## *FIT-kostnaður er okur*


JÓHANNES GUNNARSSON

Viðskiptavinur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis segir innheimtu svokallaðs FIT-kostnaðar vera ólöglega þar sem innheimtan fer gegn ógildingarákvæði samningalaga. Málið er á leið fyrir dómstóla.

Jóhannes Gunnarsson er formaður Neytendasamtakanna sem gagnrýnt hafa gjaldtöku fjármálastofnana.

**Hver er afstaða Neytendasamtakanna til FIT-kostnaðar?** FIT-kostnaður er okur að okkar mati. Ef farið er fram yfir borgar viðkomandi dráttarvexti og miklu hærri tölu í FIT-kostnað. Ég tel mjög mikilvægt að það fáist úr því skorið hvort fjármálafyrirtækin hafi heimild til að leggja svona kostnað á neytendur.

**Hvað er til ráða?** Eins og málin standa geta bankarnir haft þetta eins og þeir vilja. Við teljum að það þurfi að koma einhverjum böndum á það með lagasetningu um gjöld þar sem kveðið er á um ákveðið hámark. Fyrirtækin eru kræf í ýmsa gjaldtöku og eðlilegt að gripið sé inni í. Veiki aðilinn er almenningur og sterki aðilinn eru bankarnir og það þarf að auka neytendavernd í þessum málum.






# Sköpunarhyggjan er hættuleg

**Sköpunarsinnar vilja að sköpunarsögum Biblíunnar sé gert jafnhátt undir höfði og þróunarkenningu náttúruvísindanna. Evrópuráðið varar við hættum sem stafaraf uppgangi sköpunarhyggjunnar.**

Skapaði Guð heiminn á sjö dögum eða þróaðist lífið á jörðinni smám saman og löturhægt samkvæmt lögmálum þróunarkenningarinnar, sem Charles Darwin setti fram á nítjándu öld?

Ætla mætti að deilur um þetta væru löngu afstaðnar í nútímalegum samfélögum, löngu teknar af dagskrá opinberrar umræðu og löngu gleymdar nema þá helst sem nokkuð skondnar og á köflum frekar sorglegar neðanmálsgreinar í sögubókum.

Því er þó ekki að heilsa. Í Bandaríkjunum hafa bókstafstrúarmenn nægileg ítök meðal ráðamanna til að halda sköpunarkenningunni á lofti. Svo mjög hefur reyndar að þeim kveðið að átök um sköpunarhyggju hafa árum saman verið meðal stærstu pólitísku hitamálanna þar vestra.

### Faraldur berst til Evrópu

Í Evrópu hefur sköpunarhyggju einnig víða vaxið ásmegin, eins og sjá má af því að fyrir tæplega hálfum mánuði sá þing Evrópuráðsins ástæðu til að samþykkja ályktun þar sem aðildarríki ráðsins eru eindregið hvött til þess að sköpunarkenning Biblíunnar verði ekki kennd í skólum nema með skýrum fyrirvara um að vísindalegt gildi hennar sé nákvæmlega ekkert.

Í ályktuninni eru afskipti Evrópuráðsþingsins rökstudd með því að þingið hafi „áhyggjur af því að útbreiðsla sköpunarhyggju geti haft slæm áhrif í menntakerfi okkar og af afleiðingum hennar fyrir lýðræðið í löndum okkar. Ef við gætum ekki að okkur gæti sköpunarhyggja orðið að ógn við mannréttindi, sem er meginviðfangsefni Evrópuráðsins.“

Í greinargerð sem fylgdi ályktuninni eru rakin ýmis dæmi um vaxandi áhrif sköpunarsinna í Evrópulöndum, þar sem sumir hægriflokkar hafa gengið í lið með kristnum heittrúarmönnum og halda uppi baráttu fyrir því að sköpunarsögu Biblíunnar sé gert jafnhátt undir höfði og þróunarkenningu vísindanna. Þetta hefur helst verið áberandi í austanverðri álfunni, en einnig á Norðurlöndunum, í Hollandi, Belgíu, Frakklandi og Þýskalandi auk fleiri landa.

Meðal múslima í Tyrklandi hefur einnig risið upp skyld hreyfing sem hefur haft mikil áhrif meðal múslima víðar í Evrópu. Forystumaður þeirrar hreyfingar er Harun Yahya, sem hefur skrifað nærri átta hundruð blaðsíðna doðrant, The Atlas of Creation, bæði á tyrknesku og ensku, þar sem hann fer meðal annars hörðum orðum um „leynileg tengsl milli darwinisma og blóði drifinnar hugmyndafræði nasista og kommúnista“.

### Líffræðingar fagna

Einar Árnason, líffræðingur hjá líffræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands, fagnar heils hugar ályktun Evrópuráðsþingsins.

„Þessi fáfræði, sem er komin frá Bandaríkjunum, veður núna uppi í nánast öllum Evrópuríkjum.“

Hann segir þetta vissulega snerta okkur hér á landi þrátt fyrir að sköpunarsinnar hafi ekki náð sér jafnmikið á flug eins og víða annars staðar. „Þetta er ekki bara fjarlægt vandamál í útlöndum, því hér á Íslandi ríkir mikil fáfræði um þróunarkenninguna,“ segir Einar og nefnir þar sem dæmi nýlegar fréttir um mikla notkun sýklalyfja á Íslandi, sem veldur því að þær bakteríur sem þola lyfin betur veljast úr og verða óviðráðanlegri.

### Engin raunvísindi

Guðfræðingar hér á landi virðast almennt vera sammála um að halda beri sköpunarsögu Biblíunnar og þróunarfræðum náttúruvísindanna greinilega aðskildum.

„Það er ótækt að lesa þessa texta eins og raunvísindi,“ segir til dæmis Kristinn Ólason Skálholtsrektor, sem er í þann veginn að senda frá sér bók um sköpunartexta Biblíunnar.

„Þetta eru ekki lýsingar á atburðum sem áttu sér stað í því formi sem lýst er. Það er verið að setja í stíl hugmyndir fólks um tilurð heimsins og eðli heimsins. Þessir textar verða yfirleitt allir til við að svara áleitnum spurningum í þeim heimi sem textarnir verða til í. Það er ekki verið að svara spurningunni um það hvernig heimurinn varð til.“

**EVRÓPURÁÐIÐ**

Evrópuráðið var stofnað árið 1949 til þess „að standa vörð um hugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum aðildarríkjanna“ eins og það er orðað á vef Alþingis. Aðildarríki þess eru nú 49.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins getur gefið ríkisstjórnum aðildarlandanna tilmæli um aðgerðir til að ná fram þessu markmiði, meðal annars um gerð milliríkjasamninga. Þing Evrópuráðsins er hins vegar eingöngu ráðgefandi stofnun og ályktanir þess hafa ekki bindandi gildi, en ætlast er til þess að stjórnvöld aðildarríkjanna kynni sér þau sjónarmið sem þar koma fram.



**STOLTUR Í SKÖPUNARSAFNI** Ken A. Ham er í framvarðarsveit sköpunarsinna í Bandaríkjunum og sýnir hér stoltur „sköpunarsafnið“ sem sett hefur verið upp í Petersburg í Kentucky. Þar er reynt að sýna fram á vísindalegt gildi Biblíunnar. NORDICPHOTOS/AFP

**GUÐFINNA OG LÍFFRÆÐINGARNIR**

Ályktun Evrópuráðsþingsins var samþykkt með 48 atkvæðum gegn 25, en þrír þingmenn sátu hjá. Meðal þeirra 25 sem greiddu atkvæði gegn ályktuninni var fulltrúi Íslands, Guðfinna S. Bjarnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi rektor Háskólans í Reykjavík.

Líffræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands harmar þessa afstöðu Guðfinnu.

„Þetta er grafalvarlegt mál,“ segir Einar Árnason líffræðingur, því að með svona afstöðu vex fáfræðinni ásmegin. Okkur finnst að afstaða Íslendingsins sé þarna á skjön við það sem við viljum,“ segir Einar.

Fyrir sitt leyti hefur Guðfinna sent líffræðiskor háskólans bréf þar sem hún segist harma þessa afstöðu skorarinnar. Guðfinna hefur boðið fulltrúum hennar að hitta sig í dag.

„Ég held að það sé misskilningur í gangi og ég vil auðvitað leiðrétta hann,“ segir Guðfinna.


GUÐFINNA S. BJARNADÓTTIR

Guðfinna sagðist í ræðu sinni á þinginu hafa blendna afstöðu til ályktunarinnar. Annars vegar sé hún í meginatriðum sammála efni hennar, en hins vegar andvíg því að Evrópuráðið skipti sér af því hvað kennt er í skólum aðildarlandanna.

Hún sagðist ekki sjá af skýrslunni hve útbreidd sköpunarhyggja er í ríkjum Evrópuráðsins, en tók þó undir það að „ef sköpunarhyggja hefur í raun vaxandi áhrif í Evrópu, og ef mannréttindum stafar raunveruleg ógn af henni, þá eiga varnaðarorðin sem sett eru fram í skýrslunni rétt á sér“.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

# Til hamingju með árangurinn!

*Þorvaldur varð fimmtugur 16. október og hafði sett sér það markmið að klýfa 100 hæstu tinda Íslands á afmælisárinu. Þann 13. október kleif Þorvaldur síðasta tindinn og hefur þar með lokið ætlunarverki sínu.*




**EAS®**

**Þorvaldur Þórsson** - *Hátindahöfðinginn*

*"Þegar markmiðin eru stór þarf undirstaðan að vera rétt. EAS vörurnar uppfylla kröfur mínar um árangursríka næringu."*

Nánari upplýsingar um EAS heilsuvörurnar fást í síma 5552866 eða á **www.eas.is.**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Hugsjónir og hagsmunir:
# Á vegasalti

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Sagt er að stjórnmál séu list hins mögulega. Hin hliðin á sama fyrirbrigði er sú að stjórnmál felist í því að haga seglum eftir vindi. Stóra spurningin er svo sú eftir hvaða lögmálum hugsjónir víkja fyrir öðrum hagsmunum.

Fyrir sex árum stóðu Vinstri græn í þáverandi borgarstjórnarmeirihluta að ákvörðunum um lögbundinn tilgang Orkuveitu Reykjavíkur. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins féllst á tillöguna og gerði hana að lögum. Auk fyrirmæla um hefðbundna kjarnastarfsemi hefur tilgangur fyrirtækisins samkvæmt því verið sá að stunda iðnþróun og nýsköpun, svo og viðskipta- og fjármálastarfsemi. Sérstaklega er lögbundið að Orkuveitunni sé í þessum tilgangi heimilt að eiga dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum með einkafyrirtækjum. Jafnframt var Orkuveitan sögð úr lögum við almennar stjórnsýslureglur.

Nú eru aðstæður með þeim hætti að hluti sjálfstæðismanna í borgarstjórn var tilbúinn að fórna meirihlutasamstarfi fyrir þá hugsjón að þetta væri ekki ásættanlegt hlutverk opinberra fyrirtækja. Vinstri græn hafa lýst því yfir að flokkurinn hafi verið andvígur þessari lagabreytingu á sínum tíma en fallist á hana af raunsæisástæðum til að viðhalda meirihlutasamstarfi. Nú hefur flokkurinn ítrekað þessa hugsjónaafstöðu en sýnist þó hafa fallist á að víkja henni til hliðar til þess að koma á nýju meirihlutasamstarfi.

Vinstri græn, Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn hafa lýst skýrri hugsjónaafstöðu með einarðri andstöðu við að einkaaðilar eignist orkuauðlindir sem eru í eigu opinberra aðila. Í öllum tilvikum hefur hugsjóninni verið lýst sem ófrávíkjanlegri og kjósendur gætu treyst flokkunum til að víkja þeim ekki til hliðar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst svipuðum viðhorfum en þó með opnari og varfærnari hætti.

Á úthallandi vetri tók Framsóknarflokkurinn með Sjálfstæðisflokknum þátt í því í þáverandi ríkisstjórn að selja 15 prósenta eignarhlut ríkisins í orkulindum Hitaveitu Suðurnesja gegn mótmælum Samfylkingar og Vinstri grænna. Á sama tíma tóku Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn og Vinstri græn þátt í því að selja lítinn hlut sveitarfélagsins Árborgar í orkulindum Hitaveitu Suðurnesja.

Nú hafa fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna myndað meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur í þeim tilgangi fyrst og fremst að ljúka með Framsóknarflokknum gerð samnings sem felur í sér að selja 15 prósenta eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í orkulindum Hitaveitu Suðurnesja í yfirráð einkaaðila.

Á sama tíma og borgarstjóri Samfylkingarinnar axlar það hlutverk að fullgera samninga um að afhenda einkaaðilum 15 prósenta hlut í orkulindum Hitaveitu Suðurnesja lýsir iðnaðarráðherra Samfylkingarinnar því yfir að nauðsynlegt sé að banna opinberum aðilum með lögum að ráðstafa orkulindum eða hluta þeirra til einkaaðila.

Iðnaðarráðherrann virðist ekki fá áheyrn í ráðhúsi Reykvíkinga með boðskap sinn um þetta efni. Fróðlegt verður að sjá hvort samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn verður samstarfsfúsari um þetta mál en flokksmenn iðnaðarráðherrans í borgarstjórn.

Af þessum dæmum má ráða að nú sem fyrr er vafningasamt að skýra hvernig hugsjónir og hagsmunir vega salt í pólitík.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

COME2 SCANDINAVIA





**Á leið til Skandinavíu?**

Við hjá Come2 Scandinavia aðstoðum þig að finna bestu verðin á flugi, gistingu, bílaleigubíl og annarri afþreyingu.

Erum með tvær stórar og rúmgóðar íbúðir á Vesterbrogade til leigu. Frábær lausn fyrir hópa og fjölskyldur.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.

COME2

www.come-2scandinavia.dk - info@come2scandinavia.com - +45 33 25 64 25

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sérstakt

Margt undarlegt er að finna í íslensku stjórnsýslunni og er flugráð eitt af því. Í flugráði, sem á að vera samgönguráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál, sitja sex fulltrúar og er í lögum kveðið á um að aðeins þrír þeirra skuli hafa þekkingu á flugmálum. Hinir þrír þurfa ekki að hafa hundsvit á málaflokknum en eiga – engu að síður – að veita góð ráð. Gunnlaugur Stefánsson, prestur í Heydölum í Breiðdal, er nýr formaður flugráðs.



### Fyrst hitt og nú þetta

Löngu er komið í ljós að allt sem snýr að lögfræði og stjórnmálum í sambandi við REI-málið er í molum. Hvorki stjórnmálamenn né lögfræðingar virðast hafa gert neitt rétt í málinu. Útlit var fyrir að viðskiptahliðin ein stæði upp úr ólgusjónum og myndi haldast á floti. Nú er komið á daginn að bissnessinn er líka að bresta; Bjarni Ármannsson segir REI verða af tækifærum ef umræðan heldur áfram og ekki fæst niðurstaða og Friðrik Sophusson segir óorð komið á útrás orkufyrirtækjanna. Er þá ekki skipið endanlega sokkið?

### Ekki lengur



Greint var frá því á þessum stað í gær að Björn Ingi Hrafnsson væri meðal bloggvina Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur þótt pólitískur vinskapur þeirra væri fokinn út í veður og vind. Glöggir bloggIesarar urðu þess varir í gær að Björn Ingi er nú horfinn af vinalista Þorbjargar Helgu og verður það að teljast æði sterk yfirlýsing af hennar hálfu um að nú sé þeirra vináttu – pólitískri og bloggískri – alfarið lokið.

bjorn@frettabladid.is

# Kirkjur og kastalar



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Bókmenntir

Fyrir nokkrum misserum kom erlendur ferðamaður inn í Bókaverslun Eymundsson við Austurstræti og keypti þar nokkrar bækur um Ísland til að taka með sér heim. Hann greindi stúlkunni sem afgreiddi hann frá ferðalagi sínu um landið og lýsti upptendraður því sem fyrir augu hans hefði borið. Kvaðst þó verða að viðurkenna að hann saknaði þess nokkuð að hér væru engar fornar kirkjur og kastalar sem hægt væri að skoða.

– Bókmenntirnar eru okkar fornu kirkjur og kastalar, sagði stúlkan brosandi um leið og hún rétti honum bókapakkann.

– Auðvitað! sagði maðurinn – þetta er hárrétt hjá þér!"

Auðvitað! endurtók hann aftur og aftur við sjálfan sig, eins og eitthvað sem hann hefði alltaf vitað hefði verið rifjað upp fyrir honum. Ekki var þörf á neinum útskýringum. Engri útlistun á ritun fornsagnanna og söguhetjum þeirra. Útlendingur skilur samstundis hvað við er átt og samsinnir því. Ísland er land sagnanna.

Fornritin hafa haft umtalsverð áhrif á sjálfsmynd þeirra sem lifað hafa í þessu landi bæði á eymdar- og uppgangstímum og verið drjúgt eldsneyti í þjóðernisskenndina enda eru þau það eina sem vísar okkur til sætis með menningarþjóðum fyrri tíma.

„Hvað hefði Ísland annars verið án sagnaritaranna á fyrstu öldum byggðar?" skrifar Þröstur Helgason í grein um bókmenntir í Lesbók Morgunblaðsins nýverið, og það má alveg velta því fyrir sér. Hefði verið tekið mark á sjálfstæðisbaráttu fátækrar og fámennrar jaðarþjóðar á eyju í Atlantshafi sem dró fram lífið á sjálfsþurftarbúskap og fiskveiðum og átti allt annað undir aðdrætti til landsins? Þó að við hefðum öðlast nægilegt sjálfstraust í glímunni við fátækt og náttúruöfl til að krefja herraþjóðina um sjálfstæði á sínum tíma og haft erindi sem erfiði, hver væri staða okkar í samfélagi þjóðanna án menningararfsins? Væri kannski litið á okkur sem þjóðina sem komst í nútímann með Marshall-aðstoðinni sem ætluð var stríðshrjáðum ríkjum?

**Skáldahverfi**

Ísland er enn land bókarinnar. Hér eru gefnar út fleiri bækur árlega og í stærra upplagi miðað við höfðatölu en þekkist annarstaðar. En við lifum á tímum hljóðs og myndar. Kvikmyndir, ljósmyndir, leikrit, tónlist, sjónvarp, dans og hönnun, allt er þetta veisla fyrir skilningarvitin þegar best lætur. Bókin er annars konar veisla. Hún er kyrrðarnautn.

Þó að hér hafi verið skrifaðar heimsbókmenntir til forna sem hver kynslóð af annarri hefur drukkið í sig er ekki þar með sagt að okkar bestu rithöfundar standi framar bestu höfundum annarra þjóða, en sumir standa að minnsta kosti jafnfætis þeim, eins og dæmin sanna.

Í Barcelona mun götum hafa verið gefin nöfn ljóðskálda sem ortu á katalónsku. Í því efni höfum við fyrir löngu sýnt hetjum fornritanna þá virðingu að nefna götur í austurbæ Reykjavíkur eftir þeim. Strætisvagninn þangað var á sínum tíma merktur Njálsgata-Gunnarsbraut og ég man hvað mér þótti vel til fundið að krækja þeim vinum Njáli og Gunnari saman með þessum hætti. En væri ekki skemmtilegt að eignast skáldahverfi í landi bókarinnar? Geta gengið um Laxnessgötu, Gunnarsgötu, Þórbergsgötu, Thorsgötu, Svövustræti, Fríðustíg og Guðbergstorg, sem og hverfi með ljóðskáldagötum. Ekki er skortur á nýjum hverfum og nýjum götum sem eftir er að gefa nöfn.

**Bókmenntasjóður**

Bókmenntasjóður var stofnaður með lögum á liðnu vori. Þess er vænst að hann fái fjármagn og svigrúm til að vera með starfsemi í líkingu við kynningarmiðstöðvar bókmennta í öðrum löndum. Allt frá stofnun Bókmenntakynningarsjóðs fyrir 25 árum hefur verið kallað eftir lögum um sjóðinn og fjármagni til að standa undir viðunandi rekstri og styrkjum. Menntamálaráðherrar hafa sýnt þessu skilning og undirbúningsplögg verið unnin oftar en einu sinni en jafnan dagað uppi. Það er því full ástæða til að taka ofan fyrir Þorgerði Katrínu, sem tekur af skarið, setur lög um nýjan Bókmenntasjóð og tilkynnir skömmu síðar að ríkisstjórnin muni óska eftir því að Ísland verði áhersluland á bókastefnunni í Frankfurt árið 2011. Gangi það eftir verður það yfirgripsmeiri og öflugri kynning á íslenskum bókmenntum, menningu og viðskiptalífi en fólk almennt áttar sig á. Bókmenntasjóður og útgefendur, sem hafa lengi verið gríðarlega öflugir í réttindasölu og kynningu á íslenskum bókmenntum í Frankfurt, verða væntanlega í lykilhlutverkum í þessu verkefni sem sagt er að taki 2-3 ár. Þegar því lýkur verður hinn nýi Bókmenntasjóður búinn að skjóta rótum og stjórn hans komin með umtalsvert alþjóðleg sambönd og víðtæka þekkingu á öllum hliðum bókmenntakynningar erlendis.

# Misskilningur nýs forseta

**UMRÆÐAN**

Skipulagsmál



ÖRN SIGURÐSSON

Við þurfum að slökkva þá elda sem brenna heitast," segir Margrét Sverrisdóttir, nýr forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, á bls. 2 í Fréttablaðinu í gær, „..ég vil hafa flugvöllinn í Reykjavík. Það er búið að tryggja að hann verði í Vatnsmýrinni til 2016 ..."

Hér vísar Margrét til bókunar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur þáverandi borgarstjóra og Sturlu Böðvarssonar þáverandi samgönguráðherra frá 14. júní 1999: „Í samræmi við markaða stefnu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 þar sem kveðið er á um að Reykjavíkurflugvöllur skuli vera miðstöð innanlandsflugs á skipulagstímabilinu, samþykkir Reykjavíkurborg breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar."

Ljóst er að form bókunarinnar hefur ekki ígildi bindandi samnings enda jafnljóst að enginn borgarfulltrúi hefur umboð kjósenda til jafnafdrifaríkrar samningagerðar og Margrét ýjar hér að samanber umræðurnar nú um málefni Orkuveitunnar. Þessi misskilningur á bókun borgarstjóra og samgönguráðherra er ekki nýr af nálinni, hann var m.a. forsendan fyrir kosningasigri Frjálslyndra 2006 þar sem gert var út á örugg atkvæðamið flugvallarsinna, gegn augljósum meginhagsmunum borgarsamfélagsins.

Sjálft orðalag bókunarinnar undirstrikar þann megintilgang aðalskipulagsáætlana að tilgreina landnotkun sveitarfélags á gildistíma skipulagsáætlunar t.d. varðandi hafnir, miðborgir, flugvelli, iðnaðarsvæði o.s.frv.

Öll ákvæði eldra aðalskipulags glata hins vegar gildi sínu þegar nýtt aðalskipulag tekur við en skv. skipulagslögum ber sveitarstjórn að endurskoða aðalskipulag á fjögurra ára fresti. Þetta hafa borgaryfirvöld vanrækt og því er endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur frá 2001, sem nú er hafin, löngu tímabær.

Rétt er að benda Margréti á skýrslu um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar (samgönguráðherra og borgarstjóri, apr. 2007) þar sem tekin eru af öll tvímæli um að ekki er stætt á að hafa flugvöll í Vatnsmýrinni því samkvæmt skýrslunni er fórnarkostnaður þess að fresta brottför hans amk. 3,5 milljarðar kr. á ári. Skýrsluhöfundar telja Hólmsheiði í Reykjavík heppilegan stað fyrir nýjan innanlandsflugvöll.

*Höfundur er arkitekt og stjórnarmaður í Samtökum um betri byggð.*










**Húsgagna-Lagersala**

Leðursófasett
hornsófasett
sófasett með innbyggðum skemli
borðstofuborð og stólar
skenkar
sófaborð
eldhúsborð
rúm í ýmsum stærðum og gerðum

***Verðdæmi:***
**Leðursófasett** áður kr. 239,000
nú **79,000**
**Borðstofustóll** áður 17,000
nú **5,000**

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510




Hannes Pálsson er leikmaður Strákafélagsins Styrmis sem keppti á heimsmeistaramótinu í hommafótbolta í Argentínu á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Fótbolti í fjarlægu landi

***Strákafélagið Styrmir lagði leið sína alla leið til Argentínu á dögunum þar sem heimsmeistaramót homma í knattspyrnu fór fram. Hannes Pálsson er einn leikmannanna og segir borgina Búenos Aíres undurfagra og eftirminnilega.***

„Við vorum 24 sem fórum til Argentínu; átján til að spila fótbolta og svo sex gestir sem voru stuðningsmenn og börn keppenda,“ segir Hannes og bætir við að liðinu hafi gengið glimrandi vel í mótinu. „Við vorum í öðru sæti í okkar riðli og kepptum í kjölfarið í sextán liða úrslitum. Það var reyndar útsláttarkeppni og við töpuðum fyrsta leiknum þannig að við enduðum í níunda til sextánda sæti,“ segir Hannes og tekur fram að leikmenn Styrmis grínist með að það sé besti árangur sem íslenskt knattspyrnulið hafi náð á heimsmeistaramóti.

Þrátt fyrir skemmtilega keppni í knattspyrnunni segir Hannes að borgin standi upp úr eftir ferðalagið. „Það er merkilegt að fara yfir hálfan hnöttinn og sjá að Búenos Aíres er mjög lík stórborgum í Evrópu. Hún er ofboðslega stór og ægifögur,“ segir hann. Rosalega mikil saga sé í borginni sem sjáist vel á arkitektúrnum. „Þetta var greinilega mikið veldi hér áður fyrr en nú er misskipting gæða alveg greinileg, en borgin er að rísa upp aftur eftir slæmt efnahagsástand undanfarin ár.“

Hannes segir skoðunarferðir hópsins ekki hafa verið sérstaklega skipulagðar heldur meira þannig að farið var á þá staði sem sérstaklega var bent á. „Svo er náttúrulega ótrúlegt að geta farið út að borða á hverju einasta kvöldi fyrir nánast engan pening. Við borðuðum stórkostlegan mat í glæsilegu umhverfi alla daga og dýrasta máltíðin sem ég fékk mér kostaði 900 krónur.“

*sigridurh@frettabladid.is*





**Aldrei kalt**
í allan vetur með
Webasto bílahitara







Bílasmiðurinn hf • Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík • Sími: 567 2330
bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

**Stígvél** getur verið gott að hafa til taks í bílnum ef ske kynni að maður kæmist í hann krappan og þyrfti til dæmis að skipta um dekk í rigningartíð og drullusvaði.


Bílaþjónusta Magga
Viðgerðaþjónusta - Smurþjónusta - Púströrþjónusta - Hjólbarðaþjónusta - Bón og þvottur
sækjum og skilum bílum frítt fyrir alla okkar þjónustu
*TILBOÐ
á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr
*tilboðið gildir út 2007
Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opið. 9-18 og 9-16 á laugardögum



HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM
Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar
FJALLABÍLAR Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430



ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!!
Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.
Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is
Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Næsta helgarnámskeið til aukina ökuréttinda byrjar 5 október á Akureyri
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is ekill@ekill.is


# Óvæntur kraftur í Fabiu

*Skoda Fabia er orðinn sportlegri, kraftmeiri og hlaðinn aukabúnaði.*




TDI-útgáfa Skoda Fabia er ótrúlega kraftmikil miðað við vélarstærð. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Skoda Fabia hefur verið framleidd-ur af tékkneska bílaframleiðandan-um Skoda Auto frá árinu 2000. Fyrirrennari Fabia var Skoda Felicia. Nokkur vatnaskil urðu í framleiðslu Skoda á þessum tíma enda hafði Volkswagen fyrir nokkru eignast Skoda-verksmiðjurnar og Skoda Fabia smíðaður með undirvagn sem einnig má finna í VW Polo. Vinsældirnar hafa verið töluverðar frá upphafi og er ástæðan einföld. Flestir vélarhlutar eru framleiddir af eða í samstarfi við Volkswagen en hins vegar er verðið á Fabia talsvert hagstæðara en á öðrum bílum í sama stærðarflokki frá Volkswagen. Þá er Fabia einnig með miklum aukabúnaði.

Ný kynslóð Fabia var kynnt í vor á bílasýningunni í Genf. Bíllinn er töluvert breyttur að útliti og er aðeins stærri en fyrirrennarinn. Bíllinn er sportlegur, sérstaklega að innan þar sem mælar, gírstöng og hurðir hafa fengið andlitslyftingu.

Reynsluekið var Skoda Fabia 1.4 TDI sem skilar 69 hestöflum. Þótt talan sé lág má ekki láta það blekkja. Dísilvélin vinnur alveg ótrúlega vel úr því afli sem gefið er og bíllinn vægast sagt kraftmikill miðað við stærð og togið er einnig mjög gott, 155 Nm. Þó er einn galli á gjöf Njarðar. Dísilvélin er bæði hávær auk þess sem gangurinn verður töluvert grófur í hinni þriggja sílindra vél. Þetta gæti truflað marga sem vilja hafa ró og frið við aksturinn. Ef fólk getur litið fram hjá því má þó sannarlega mæla með dísilgerð Fabia sem er bæði kraftmikil og umhverfisvænni.



Farangursrýmið leynir heldur betur á sér.

Marga kosti má einnig nefna við Fabia, meðal annars allan þann aukabúnað sem bíllinn hefur. Akstursrtölvan sem stjórna má úr stýrinu er frábær auk þess sem stýrið sjálft er fjölstillanlegt. Hiti er í sætum og iPod-tengi milli sæta. Hólf eru víða, til dæmis undir sætum og tvö lokanleg hólf í mælaborði. Hægt er að slökkva á loftpúða í fremra farþegasætinu svo hæglega er hægt að vera þar með barnabílstól.

Þótt annað mætti halda er ótrúlega rúmt um farþega í aftursæti sem gerir akstur á lengri leiðum þægilegri fyrir alla fjölskylduna. Annað sem er harla gott á ferðalögum og sjaldgæft í svona litlum bíl er skriðstillir sem er til mikilla þæginda.

solveig@frettabladid.is



Allt yfirbragð Skoda Fabia er orðið sportlegra.

**SKODA FABIA 1.4 TDI**

**Vél:** 1.4 lítra dísil, 69 hö/155Nm
**Uppgefin eyðsla í bl. akstri:** 4,8
**Eyðsla:** 5,5 l/100km
**0-100 km/klst:** 14,8 sek.
**Farangursrými.** 300 - 1.163 l
**Verð:** 1.790.000


Jeppadekk fyrir veturinn
Heilsárs- og vetrardekk fyrir jeppa og jepplinga
Meira úrval – betra verð!
MAXXIS GT RADIAL
Dæmi um gott verð:
31x12.50R15 Maxxis, kr. 12.900
33x12.50R15 Maxxis, kr. 15.900
275/70R16 GT-Radial, kr. 14.900
265/70R17 GT-Radial, kr. 16.900
Eigum einnig úrval af öðrum stærðum af heilsársdekkjum fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga á hagstæðu verði.
Við míkróskerum og neglum dekkin fyrir þig
Líttu vel út! Snjóskafa fylgir hverjum dekkjagangi
JEPPADEKK.is
ALORKA • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

# Furðuleg farartæki

***Hitað upp fyrir bílasýningu í Tókýó.***

Fertugasta bílasýningin í Tókýó (Tokyo Motor Show) hefst 26. október. Nokkrir bílaframleiðendur tóku forskot á sæluna nýverið og kynntu nokkra skemmtilega hugmyndabíla í Tókýó til að hita upp fyrir sýninguna.

Sumir bílanna minntu á leikfangabíla en hugmyndirnar virðast sprottnar frá iPod, geimskutlum framtíðar og japönsku manga-teiknimyndunum.

Ekki má búast við að sjá þessa bíla á bílasölum í náinni framtíð.

*- sgi*



Pivo 2 frá Nissan er rafmagnsbíll. Hægt er að snúa bílnum á grindinni þannig að hann snúi í öfuga átt. Þá er einnig hægt að snúa hjólunum í níutíu gráður sem auðveldar ökumönnum til muna að leggja í samhliða bílastæði.



Round Box frá Nissan verður seint kallaður fallegur bíll.



i-Real hugmyndafarartækið frá Toyota er ætlað einstaklingum. Farartækið er rafknúið með 30 km hámarkshraða.



Hugmyndabíllinn Intima frá bílaframleiðandanum Nissan. Hurðirnar opnast hver í sína átt sem gefur bílnum framtíðarlegt yfirbragð.



VW Tiguan er fallegur, öflugur og fjölhæfur.

# Nýr VW Tiguan

***Jepplingurinn Tiguan frá Volkswagen verður fáanlegur hér á landi frá og með janúar á næsta ári.***

Volkswagen heimsfrumsýndi nýja jepplinginn Tiguan á alþjóðlegu bílasýningunni í Frankfurt. Tiguan þykir í mörgu eins og litli bróðir Touareg að útliti til, í fjölhæfni, þægindum og afli. Með undirvagni Tiguan eru sett ný viðmið í þessum flokki þar sem mikið er lagt upp úr aksturshæfni og öryggi. Í fyrsta sinn er boðið upp á fimm vélar sem allar eru með forþjöppum og skila miklum afköstum en um leið minni eldsneytiseyðslu og útblæstri mengandi lofttegunda. Ný, hljóðlát TDI-dísilvél með samrásarinnsprautun uppfyllir Euro 5-mengunarstaðalinn, sem þó tekur ekki gildi fyrr en 2009.

Tvenns konar útlit á yfirbyggingum býðst með VW Tiguan. Fyrir borgaraksturinn er boðin búnaðarlínan Trend&Fun og Sport&Style en þeir bílar eru sérstaklega þægilegir í meðhöndlun og minna mest á fólksbíla í akstri. Hægt er að fá Tiguan með Park Assist-bílastæðalögn sem leggur bílnum nánast sjálfvirkt í þröng bílastæði.

Track&Field er sérhannaður fyrir akstur utan malbiks og reiðubúinn í ævintýralegan akstur. Staðalbúnaður er nýhannaður utanvegahamur sem virkjar heilan herskara af stoðkerfum sem auka stórlega öryggi í utanvegaakstri. Nýjasta kynslóð 4MOTION-fjórhjóladrifs er í Tiguan, en með kerfinu kemur annað hvort sex gíra handskipting eða sex þrepa sjálfskipting.

Tiguan er afburða hæfur í því að draga eftirvagna og getur dregið allt að 2.500 kíló. Útvarp og leiðsögukerfi með snertiskjá felur í sér 30 gígabæta minni á hörðum diski, leiðsögukerfi fyrir óbyggðaakstur og bakkmyndavél.

VW Tiguan verður fáanlegur hjá Heklu frá og með janúar á næsta ári.

*- þlg*

## Sportlegur Audi

HEKLA KYNNIR NÝJAN AUDI A4 Á ÍSLANDI Í MARS Á NÆSTA ÁRI.

Hinn nýi Audi A4 sem verður kynntur til sögunnar í mars á næsta ári er að sögn Heklu-umboðsins einn sportlegasti stallbakurinn af millistærð. Í boði eru fimm vélar, 143 til 265 hestöfl ásamt fjögurra strokka bensínvél með forþjöppu eins og dísilvélarnar. Báðar vélargerðir eru með beinni innsprautun og eyðsla talsvert minni en í eldri gerðum. A4 fæst með nokkrum gerðum gírskiptinga; sex gíra handskiptingu, tiptronic-sjálfskiptingu, multitronic-reimskiptingu og annað hvort framhjóladrifinn eða með sítengdu quattro-fjórhjóladrifi.

Í samanburði við fyrri gerð eru ný og sportlegri hlutföll, sportstýring, stjórnbúnaður sem stýrir stífleika vökvafylltra höggdeyfanna til að auka öryggið og bæta aksturseiginleikana.

*-rh*











**Banani** er kjörið nesti á ferðalögum. Hann er handhægur, hollur, næringarríkur, bragðgóður og auðvelt að grípa hann með sér hvert sem er.



Ford Fiesta eða sambærilegur

Vika í Bretlandi

frá 20.500 kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima

- og fáðu 500 Vildarpunkta

Hertz

522 44 00 • www.hertz.is

Kanarí

4. des.

15 nætur

Sértilboð á Dorotea, Liberty og Roque Nublo

- frábær staðsetning!



Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 4. desember í 15 nætur á frábæru sértilboði. Bjóðum frábær sértilboð á Dorotea og Liberty, tveimur af allra vinsælustu gististöðum okkar á Kanarí. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað.

Verð frá kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2-5 í búð á Dorotea 4. des. í 15 nætur. Gisting á Liberty og Roque Nublo kostar kr. 5.000 aukalega.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið



Í Gambíu býr lífsglatt og vinalegt fólk og krakkarnir eru alltaf dansandi og hlæjandi að sögn Maríu Guðrúnar. Þessar ungu stúlkur voru ekki feimnar við myndavélina og brostu sínu blíðasta.

# Að ganga í óstraujaðri flík er ósómi í Gambíu

***María Guðrún Gunnlaugsdóttir dvaldi í Gambíu í sumar í sex vikur á vegum vinadeildarstarfs Rauða krossins og hefur frá mörgu að segja.***

„Mannlífið í Gambíu er skrautlegt og skemmtilegt. Þar býr ótrúlega lífsglatt fólk og vinalegt þótt landið sé meðal þeirra tíu fátækustu í heiminum. Krakkarnir elska tónlist og eru alltaf dansandi og hlæjandi og maður dansar ósjálfrátt með,“ byrjar María Guðrún frásögn sína.

María Guðrún er 22 ára guðfræðinemi og kveðst hafa kynnst Rauða krossinum í gegnum sjálfboðaliðastarf. „Ég sótti um að verða partur af vinadeildarsamstarfi og var valin til að fara út til Gambíu í ungmennaskipti, ásamt strák sem heitir Bryan Allan Smith. Við bjuggum hjá gambískri fjölskyldu og unnum í sumarbúðum á vegum Rauða krossins. Það var mjög gaman að kenna krökkunum íslenska söngva og bralla fleira skemmtilegt með þeim. Svo sagði ég þeim frá Íslandi og hélt kynningar á landinu mínu.“



María Guðrún gleymdi stundum að hún væri hvít þegar hún bjó í Gambíu.

María Guðrún segir flesta krakkana í Gambíu kunna ágæta ensku en hún hafi líka komist talsvert inn í tungumál innfæddra. „Ég komst fljótt upp á lag með að segja einfaldar setningar eins og „ég er svöng“ „takk fyrir“ og fleira. En maður má ekki ruglast. „Mangimar“ þýðir til dæmis ég er þyrst en „mangimer“ þýðir ég er reið!

Þótt skordýrin skríði um allt í Gambíu segir María metnað lagðan í hreinlæti. „Það er allur þvottur handþveginn og mikið lagt upp úr því að allt sé straujað. Ef manneskja er úti á götu í óstraujaðri flík þá er það mikill ósómi,“ lýsir hún. Síðan bregður hún upp mynd úr heimilislífinu þar sem systkinin voru fimmtán og ávallt nokkur nágrannabörn í heimsókn. „Ég sat einu sinni uppi í rúminu mínu með stelpurnar allar í kringum mig og var að syngja fyrir þær Krummi krunkar úti. Þá spurðu þær hvort ég kynni ekki lög úr myndinni The Princess Diaries og fóru að syngja þau fyrir mig. Þær eru múslimar og eru alltaf með blæjur. Mér fannst fyndið að þær kynnu lögin úr þessari vestrænu mynd en ekki ég.“



Allt fór á flot öðru hverju á meðan María Guðrún var úti.

Regntíminn gekk yfir á meðan María Guðrún var úti og segir hún stundum hafa hellst hressilega úr loftinu. „Það flæddi yfir allt. Þá var steinum hlaðið upp með veggjunum til að labba á.“

Að lokum lýsir hún komu sinni til James-eyjar sem hún segir sögulegan stað og mikilvægan í þrælastríðinu. „Allir þrælarnir sem voru fluttir frá Afríku stoppuðu þar og á eynni er safn sem lýsir þeirri sögu. Maður fékk í magann. Þarna voru krakkar hlaupandi á eftir mér hrópandi „tu bab“ sem þýðir „hvíti maður“ því það er mjög sjaldgæft að sjá hvíta manneskju þarna úti. Ég hrökk í kút því ég mundi oft ekki sjálf að ég væri hvít. Fólkið tók mér svo opnum örmum að ég gleymdi að ég var öðruvísi en það.“

*gun@frettabladid.is*

2 herb. 60 fm íbúð í vesturbæ Rvk 107 til leigu, Agnar í s. 893 2920

Til leigu 2. Herb. íbúð 65 fm. í Hafnafirði. Verð 90 þús. á mán. Uppl. í s. 893 7722.

## Húsnæði óskast

Traustan og reglusaman leigjanda vantar 2-3 herb. íbúð. Strax eða sem fyrst. Meðmæli ef óskað er. S. 846 2300.

Tveir 22 ára frændur utan að landi óska eftir 3 herb. íbúð á stórreykjavíkursvæðinu. Greiðslugeta 100-110 þ. + hiti og rafm. Reglusemi, skilvísar greiðslur. S. 867 6664 & 866 8310

## Sumarbústaðir

Til leigu sumarhús á Stokkseyri. Pláss fyrir 6-8 manns, fullbúið m/rúmfötum, nuddpottur fyrir 8 manns. Leigist í viku eða helgarleigu. Nánari uppl. inn á gistingar.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu í Innri Njarðvík nokkur mismunandi bil í iðnaðarhúsnæði . Ódýr leiga. Uppl. í síma 869-5336 og 822-3440

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Húsvagnafólk - Síðustu plássin**
Fyrsta flokks upphitað hús á EyrarbakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar.S. 564-6500

**Fellhýsi - tjaldvagnar.**
Til leigu upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjunum. Tek í geymslu fellihýsi og tjaldvagna. Uppl. í s. 867 1282.

## Bílskúr

Óska eftir rúmgóðum bílskúr til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 896 8568.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Nemi óskast!!**
**Wink Hársnyrtistofa óskar eftir nema.**
**Uppl. á staðnum. S. 544 4949**
**Smiðjuvegur 1 Kóp.**

**Leikskólinn Brekkuborg**
**Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast til starfa í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 567 9380 og 693 9869.**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Pizzabakara - Sendla - fólk í símsvörun -afgreiðslufólk í sjoppu. Um er að ræða hentugan vinnutíma í bæði hlutastarf og fullt starf. Góð laun fyrir rétta fólkið.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Austurströnd 1 eða í síma 581 1515.**

Hringiðan internetþjónusta
Kanntu að stilla routera pinga og tracea, vírus- og Spyware hreinsa tölvur
Ef svo er sendu okkur umsókn í dag á netangið: atvinna@vortex.is



www.vortex.is

**Nonnabiti**
**Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18 ára, reyklaus.**
**We need more pepole, full time and part time, in down town fastfood. No smoking.**
**Interested please call 846 3500 & 898 5956.**

**N1 verslun**
N1 óskar eftir að ráða duglegan og áreiðanlegan starfsmann til almennrar afgreiðslu á kassa í verslun félagsins á Bíldshöfða. Auk þess sinnir starfsmaður pökkun á stykkjavöru, áfyllingum í hillur og uppgjöri á kassa. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8-18 og annan hvorn laugardag.Nánari upplýsingar veitir Sigríður Harðardóttir, mannauðssviði N1 í síma 440 1000. Áhugasamnir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Cafe Conditori Copenhagen**
**Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf strax og í hlutastarf á kaffihús okkar. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð. Nánari upplýsingar veitir Silvía í síma 699 8827.**

Holt og gott óskar eftir bílstjórum til starfa. Uppl. gefur Birgir í s. 843 5102.

**Aktu Taktu Skúlagötu**
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0242, Benidikt.

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga, einnig vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 20-45 ára. Uppl. gefur Einar í s. 856 5031, milli kl. 12-18.

Óska eftir heimilisaðstoð á fámennt sveitaheimili, gott fyrir lífeyrisþega. S. 868 8201.

Vantar starfsmann í 50-70% vinnu. Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma. Uppl. í s. 568 2818. Skóarinn í Kringluni ehf.

**Leikarar óskast á Austfjörðum**
Leikarar á öllum aldri óskast í prufutökur fyrir nýja Íslenska/Enska kvikmynd. Uppl. í s. 849 4478.

Þjarkur vinnuföt/koltur ehf Verslun/Lager/Útkeyrsla Okkur vantar öfluga starfsmenn til liðs við okkur í mjög fjölbreytt og lifandi störf í verslun/útkeyrslu og á lager. Við leitum að jákvæðum og duglegum einstaklingum sem vill vinna í ört vaxandi fyrirtæki. Þurfa að geta byrjað sem fyrst. Vinsamlegast sendið umsókn á thjarkur@thjarkur.is sem fyrst.

Strákar/Stelpur.. Okkur vantar dyraverði til starfa á skemmtistað í Kópavogi. Ef þú vilt vinna á góðum stað með góðu fólki þá hefurðu samband í síma. 891-9966.

**Sportcafe**
Óskum eftir að ráða starfsfólk á grill og á bar. Verður að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í s. 863 5950 & 695 7968.

Hársnyrtir óskast. Hársnyrtir óskast til starfa á Rakara- og hársnyrtistofuna Hótel Sögu, uppl. í síma 552 1144.

Óskum eftir smiðum eða laghentum mönnum í fullt starf, helst íslenskumælandi. S. 863 0388 & 695 6100.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmanna-þjónusta s. 661 7000.**

Beitningamaður óskar eftir beitningu á Höfuðborgarsvæðinu. Getur beitt 6 bjóð á dag, verður að vera nokkuð stöðug beitning. Uppl. í s. 866 8112 & 562 5013.

Starfsfolk fra Lettlandi; smidir, verkamenn, bilstjorar, raestingafolk o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.


**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ


# FASTEIGNIR

**LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN**
Sími 512 3600
www.logheimili.is
Jónas Örn Jónasson Lögmaður og lögg. fasteignasali

**Skipholti 15 • 105 Reykjavík • www.logheimili.is**

***Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:30-18:30***

**Hléskógar 5 - Reykjavík**

Frum



Stór glæsilegt einbýlishús á frábærum stað með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð með sérinngangi. Mjög vel viðhaldið hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. **V 69,7 milljónir.**
*Allar uppl. Sigurður s: 616 8880*

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
Kjöreign ehf
**OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17**
**Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali**

**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**





**ASPARFELL - LAUS STRAX**

Frum

Falleg 129,5 fm. íbúð á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stærð alls 148,2 fm. Fjögur rúmgóð herbergi. Glæsilegt eldhús. Rúmgóð stofa. Tvennar svalir. Sérinngangu. Húsið er algerlega endurnýjað að utan, klætt álklæðningu. **GLÆSILEGT ÚTSÝNI. Verð 31,5 millj.**





**GULLENGI - GLÆSIÍBÚÐ**

Rúmgóð 132,1 fm endaíbúð í nýju vönduðu fjölbýlishúsi. Íbúðin er á annari hæð með sér inngangi af svölum. Skiptist hún í forstofu, hol, fjögur herbergi, stofur, eldhús, bað, þvottahús og geymslur. Stórar svalir og mikið útsýni. Fullbúin eign með vönduðum gólfefnum og innréttingum. **Sérhönnuð lýsing. LAUS FLJÓTLEGA. Verð 34,7 millj.**

| | |
|---|---|
| **Kristinn Valur Wiium**<br>**Sölumaður, sími: 896 6913** | **Ólafur Guðmundsson**<br>**Sölustjóri, sími: 896 4090** |



# ATVINNA

## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

# TILKYNNINGAR

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Leiðrétting á athugasemdafresti og málsmeðferð vegna breytinga á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018.

Rangur athugasemdafrestur og röng málsmeðferð voru gefin upp í auglýsingum birtar 10. október 2007 vegna breytinga á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Breytingarnar eru vegna svæðis fyrir þjónustustofnanir 1.42.2 S, Giljaskóla, Kiðagils og vegna landfyllingar á hafnarsvæði 2.11.19 H. Réttur athugasemdafrestur vegna þessara tveggja breytinga er 6 vikur eða frá 10. október 2007 til 21. nóvember 2007. Málsmeðferð er skv. 1. mgr. 21.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Leiðréttist þetta hér með.

17. október 2007

**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.**

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Lagning ljósleiðara í sæstreng yfir Reyðarfjörð, Beru-fjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð. Djúpavogshreppi og Fjarðarbyggð.

Spennuhækkun Kröflulínu 2. Fljótsdalshéraði, Fljótsdals-hreppi og Skútustaðahreppi.

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráð-herra og er kærufrestur til **17. nóvember 2007**.

**Skipulagsstofnun**


Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Þverstæður Gísla

**UMRÆÐAN**
Trúmál



GUNNAR JÓHANNESSON

Fyrir skömmu gagnrýndi ég í Fréttablaðinu guðlausa kirkjuathöfn á vegum Siðmenntar. Ég deildi á athöfnina vegna þverstæðunnar að guðleysingjar notfærðu sér kirkju með þessum hætti og að prestur leyfði slíka athöfn í húsi sem frátekið er fyrir þjónustuna við Guð. Ekki deildi ég á persónur þeirra sem í hlut áttu.

Gísla Gunnarssyni sagnfræðingi þótti grein mín „vond“ og „fordæmandi“ í garð Siðmenntar og andmælir mér með stóryrtum hætti í greininni Kirkjur og þverstæður mannlegs lífs. Gísli sakar mig um að tala gegn betri vitund, vera á skjön við rétta lúterska hugsun, misskilja eðli kirkjuhússins og upphefja formhyggju á kostnað kærleika.

Í viðræðu hef ég ávallt kynnst Gísla sem öfgalausum manni og kemur grein hans því á óvart. Í raun er hún illskiljanleg því mér hafði þvert á móti skilist að Gísli hefði gagnrýnt athöfnina á vettvangi Siðmenntar.

Gísli reynir að drepa málinu á dreif með því að vísa í Lúter og siðbótina, sem hann þó misskilur. Hann segir að kirkja sé „veraldlegur umbúnaður utan um heilaga athöfn“ og ber m.a. Lúter fyrir sig. Gísli horfir þó framhjá því að umrædd athöfn var alls ekki heilög í kirkjulegum skilningi, sem auðvitað er mergurinn málsins. Þótt formlegt ritúal fyrir kirkjuvígslu kæmi ekki til fyrr en árið 1869 hafa kirkjur frá upphafi verið fráteknar undir þjónustuna við Guð. Það gerir ekki húsið heilagt heldur skilgreinir hvað skuli fara fram innan þess.

Siðbótin hvílir á þeim grunni að Guð einan ber að tilbiðja. Lúter var frjálslyndur upp að því marki. Hann léti sér fátt um finnast þó við stæðum á haus í kirkju eða dönsuðum léttklædd á strætum svo fremi það skyggði ekki á aðalatriðið – sem er að lofa Guð. Þessi skilningur kemur víða fram í ritum Lúters. En ekkert bendir til þess að Lúter hefði unað yfirlýstum guðleysingja að athafna sig í kirkju á eigin guðlausu forsendum. Það hefði Guðbrandur Þorláksson ekki heldur gert (mér er til efs að hann hefði hleypt kaþólskum presti að). Þá hefur afnám kirkjugriða, sem Gísli gerir að umtalsefni, ekkert vægi í þessu samhengi enda fólgið í því að tryggja að ein lög giltu í landinu, innan kirkju sem utan.

Meginmál mitt er ekki „veraldleg“ kirkjuathöfn, eins og Gísli telur, heldur guðlaus kirkjuathöfn: Fólk æskir ekki inngöngu í kirkju á þeim forsendum að Guði verði fyrst vísað á dyr. Það er óskiljanlegt ef Gísla þykir það sjálfsagt. Með því gerir hann lítið úr eigin gildum um leið og hann vanvirðir kirkjuna. Vilji guðleysingjar ekki tilheyra kirkjunni sannfæringu sinnar vegna hvet ég þá til að taka sig jafn alvarlega og þeir ætlast til að kirkjan geri. Kirkjan útilokar ekki fólk. Fólk útilokar kirkjuna. En kirkja sem kannast við Krist fyrir sumu fólki en ekki öðru er ekki sönn kirkja.

Mér þykir miður að Gísli væni mig um kærleiksleysi. Við því er fátt að segja. Þetta mál snýst ekki um kærleika heldur gagnkvæma virðingu og skilning á því sem skilur að. Í ómaklegum útúrsnúningum sínum spyr Gísli mig hvort ekki sé kristilegt að fólk bindist böndum ástar og trúfesti. Sannur kærleikur er alltaf kristilegur enda þótt kærleiksríkt fólk sé ekki allt kristið. Þó það rýri ekki gildi kærleikans sem kallaði á umrædda athöfn hafði hún ekkert með Krist að gera, hvorki í augum Siðmenntar né brúðhjónanna. Það veit Gísli.

Gísli reynir að réttlæta umrædda athöfn með því að minna á að þverstæður sé víða að finna í lífinu. Það er vissulega rétt og ber málflutningur hans sjálfs í þessu máli því ríkulegt vitni. Gísli virðist gera sér grein fyrir rökleysu málsins þegar á það er horft frá sjónarhóli Siðmenntar. En umvöndun hans er mikil ef ég má ekki sjá sömu rökleysuna út frá sjónarhóli kirkjunnar. Þá minnir hann á að það að „fordæma þverstæður getur aukið skynsemi en einnig skapað umburðarleysi og kreddufestu“. Það er leitt að sú skynsemi sem hefur einkennt Gísla í okkar viðræðum falli nú í skuggann af umburðarleysi því sem ég hef ekki átt að venjast af hans hálfu. Það umburðarlyndi sem hann krefur kirkjuna um ætlar hann að þakka með tómlæti í hennar garð. Honum er ekki sómi að því.

*Höfundur er sóknarprestur í Hofsóss- og Hólaprestakalli.*

# Menntastofnun í lausu lofti

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Menntastofnun heillar stéttar landbúnaðarins sem kennir þeim allar kúnstir við að nýta landið sér til framdráttar, nema þá að það sé glæpur gagnvart framtíðinni að stunda rányrkju á stórskemmdu landinu til skaða í stað þess að stunda ræktunarbúskap, hlýtur að vera blind á samtímann. Hún hangir í lausu lofti, því grunninn vantar í bygginguna, landið sjálft sem vegna meðferðar okkar á því missir stöðugt meira af sinni upphaflegu gróðurþekju.

Þessi stofnun er samt ótrúlega ánægð með sjálfa sig þrátt fyrir þessa skömm og er stöðugt að telja okkur trú um hvað hér sé allt til fyrirmyndar og stofnar jafnvel til námskeiða fyrir vesalings útlendinga sem eiga við uppblástur og gróðureyðingu að stríða til að kenna þeim okkar aðferð. Við með stærstu manngerðu eyðimörkina, og verst farna land af búsetu vegna rányrkju sem við stundum enn, ætlum að kenna þeim. Er þetta ekki brandari á heimsmælikvarða? Við erum þvert á móti til aðhláturs og varnaðar þeim sem komast að því, að við búum hér eins og Bakkabræður, eyðum offjár í að hamla gegn eyðingaröflunum á meðan á aðra milljón fjár og a.m.k. á annað hundrað þúsund hrossa eru á lausagöngu milli fjalls og fjöru og eyðileggja meira en vinnst.

Í dag er það ekkert einkamál okkar hvernig við förum með landið, það kemur öllum heiminum við. Þess vegna hafa alþjóðasamtök um gróðurvernd sett lög og reglur um það að ekki megi skaða eða rýra gróðurlendi með nýtingu. Við höfum tekið þátt í ráðstefnum og skuldbindingum um náttúruvernd, en hvergi staðið við þær þó þörfin sé hvergi brýnni. Eina ráðið til að ýta við okkur að losna úr þessum gömlu viðjum virðist vera að vekja athygli alþjóðasamtaka á ástandinu svo við fáum áminningu frá þeim, um að tími sé kominn til að girða af búpeninginn í landinu í staðinn fyrir fólkið eins og hingað til og stunda ræktunarbúskap eins og aðrar siðmenntaðar þjóðir.

*Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.*






**ARTHUR MILLER LEIKSKÁLD FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1915**

*„Gott dagblað ætti að vera þjóð í samræðum við sjálfa sig.“*

***Arthur Miller, leikskáld og rithöfundur, var þekktastur fyrir verkin Í deiglunni og Sölumaður deyr. Einnig fyrir hjónaband sitt við Marilyn Monroe sem varði í fimm ár.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 17. OKTÓBER 1967**

## *Söngleikurinn Hárið frumsýndur*

Söngleikurinn Hárið eftir James Rado, Gerome Ragni og Galt MacDermot var frumsýndur þennan dag á Broadway. Söngleikurinn var innblásinn af hippamenningu og kynlífsbyltingu sjöunda áratugarins. Þetta endurspeglast meðal annars í textum söngleiksins sem mæla gegn Víetnamstríðinu og hefja fíkniefni upp til skýjanna.

Síðan söngleikurinn var frumsýndur í Bandaríkjunum hefur hann ferðast um allan heim og notið gríðarlega vinsælda. Árið 1979 var síðan framleidd kvikmynd byggð á söngleiknum leikstýrð af Miloš Forman þar sem meðal annars Treat Williams, Beverly D'Angelo og John Savage fóru með aðalhlutverk. Árið 1994 var söngleikurinn settur upp á Íslandi við góðar móttökur. Lögin úr söngleiknum hafa lifað góðu lífi og meðal annars hafa tvö þeirra, Aquarius og Let the Sunshine In, unnið til Grammy-verðlauna.




## MERKISATBURÐIR

**1610** Loðvík 13. var krýndur konungur Frakklands.
**1755** Kötlugos hófst með miklu jökulhlaupi og öskufalli. Gosið stóð fram í febrúar.
**1941** Ellefu bandarískir hermenn fórust er þýskur kafbátur skaut á bandarískan tundurspilli vestur af Íslandi.
**1941** Ákveðið var að Sáttmálasjóður Háskóla Íslands skyldi eiga og reka kvikmyndahús.
**1987** Brasilísk hjón voru tekin föst í Hveragerði með mesta magn kókaíns, sem fundist hafði í einu lagi á Íslandi, 450 grömm.
**2003** Friðarboginn, samtök homma og lesbía, var stofnaður í Færeyjum.



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Borgþór Gústavsson**
Hringbraut 121, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi sunnudaginn 7. október. Hann verður jarðsunginn frá Digraneskirkju kl. 15.00 fimmtudaginn 18. október.

**Ólafía M. Gústavsdóttir** — **Sigurður Eyjólfsson**
**Páll G. Gústavsson** — **Iðunn Árnadóttir**
**Kristinn J. B. Gústavsson** — **Ragna H. Jóhannesdóttir**
**Hallgrímur P. Gústavsson**
**Gústav R. Gústavsson** — **Rannveig Pálsdóttir**
**Ágúst E. Gústavsson** — **Sigríður Á. Guðmundsdóttir**
**og frændsyskini.**

†

*Elskulegur bróðir okkar og mágur,*

**Kristján Smári Arngrímsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 3. október sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Anna Gréta Arngrímsdóttir** — **Snorri L. Kristinsson**
**Kristín Linfeldt Diecker** — **Jim Diecker**
**Guðrún Arngrímsdóttir** — **Þórður Kárason**
**Baldvin Arngrímsson**
**Margrét Arngrímsdóttir** — **Gunnþór Hákonarson**
**Jóhannes Arngrímsson** — **Anna Radwanska**
**Stefán Árni Arngrímsson** — **Jóhanna Steingrímsdóttir**
**Arngrímur Arngrímsson** — **Arnfríður Th. Pétursdóttir**



†

**Svanborg G. Kristvinsdóttir**

lést 2. október. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jón Erlingsson**
**Helga G. Erlingsdóttir**
**Kristvin Erlingsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ottó H. Karlsson**
Eskivöllum 9b, Hafnarfirði,

lést af slysförum fimmtudaginn 11. október. Jarðarförin auglýst síðar.

**Klara Jóhanna Ottósdóttir**
**Ólafur Þór Ottósson** — **Helga Björg Sigurðardóttir**
**Aðalheiður Björk Ottósdóttir**
**Ása Hrund Ottósdóttir**
**Katrín Alexandra, Ottó Gauti og Birgitta Rún.**



**SÖNGURINN ÓMAR Í SKAGAFIRÐI** Álftagerðisbræður hafa sungið saman frá blautu barnsbeini og eiga söngelskar fjölskyldur í báðar ættir.

**ÁLFTAGERÐISBRÆÐUR:** FAGNA TUTTUGU ÁRA SÖNG MEÐ TÓNLEIKUM OG DISKI.

# Söngurinn alltaf fylgt okkur

„Við erum búnir að vera til dálítið lengi sem bræður. Sjálfur sönghópurinn varð hins vegar bara til óvart þegar við sungum við útför föður okkar fyrir tuttugu árum,“ segir Pétur Pétursson, einn bræðra úr skagfirska sönghópnum Álftagerðisbræður.

Söngurinn hefur alltaf fylgt þeim bræðrum og að sögn Péturs er söngelskt fólk bæði í föður- og móðurætt þeirra bræðra.

„Við vorum hvattir til að gera meira af þessu saman og þá fórum við að læra nokkur lög og síðan gefa út diska. Síðan hefur þetta bara gengið svona ljómandi vel,“ segir Pétur sem segir skagfirsku sönghefðina vera grunninn að tónelsku þeirra bræðra.

Pétur segir hins vegar ekki standa til að leggja óperuheiminn að fótum þeirra bræðra.

„Það hefur ekki hvarflað að okkur að fara til útlanda. Óskar er að vísu sá okkar sem hefur stundað sönginn meira en við hinir. Annars eru Sigfús og Gísli bændur frammi í Álftagerði, ég er smiður hér á Króknum og hér kunnum við best við okkur,“ segir Pétur og bætir við: „Það er ekkert verra að syngja fyrir Skagfirðinga frammi í Árgarði heldur en óperuunnendur úti í heimi, þó ég sé ekki að gera lítið úr því. Það eru allir áheyrendur jafn mikilvægir svo framarlega þeir skemmti sér,“ segir Pétur.

Þeir bræður hafa verið öflugir meðlimir í Karlakórnum Heimi í áratugi samhliða starfi sönghópsins og Pétur segir þá bræður syngja nánast hvað sem er.

„Við syngjum ekkert endilega þessi hefðbundnu kvartett- og karlakóralög bara það sem okkur finnst skemmtilegt,“ segir Pétur sem segir þá bræður syngja við margvísleg tilefni. „Við syngjum á hinum ýmsu skemmtunum, en í seinni tíð mest við jarðarfarir og aðrar athafnir,“ segir Pétur sem er ásamt bræðrum sínum í fullu starfi samhliða söngnum.

„Við förum að komast á þann aldur að við förum að hætta að sjá að það sé nokkuð að,“ segir Pétur hlæjandi en býst þó við að þeir bræður munu halda áfram að syngja.

Að sögn Péturs hefur hópurinn gefið út þrjá geisladiska og sá fjórði á leiðinni. „Með fjórða geisladiskinum fylgir mynddiskur. Þetta verður efni þar sem stiklað er á stóru frá því við byrjuðum. Mest á léttu nótunum, enda höfum við aldrei tekið okkur sérstaklega alvarlega,“ segir Pétur brosandi.

Afmælistónleikar þeirra bræðra fara fram í félagsheimilinu Árgarði í Skagafirði í kvöld.

„Auk tónleikanna verða jafnframt hagyrðingar sem ætla að gefa svolítil sýnishorn. Síðan hefur verið með okkur frá upphafi Stefán Gíslason söngstjóri sem mun leika undir,“ segir Pétur en segir jafnframt Gunnar Þórðarson tónlistarmann koma fram í kvöld.

„Gunnar hefur hjálpað okkur með að koma tónlistinni á disk og spilað með okkur,“ segir Pétur sem segir nýja diskinn væntanlegan um miðjan nóvember og einnig standi til tónleikaferð. „Okkur langar mikið að fara í tónleikaferð, enda alveg svakalega gaman að fara og syngja fyrir fólk víðs vegar um land. Ætli við förum ekki hálfa leið um landið og snúum síðan við,“ segir Pétur.

Tónleikarnir í Árgarði hefjast klukkan 21.00

rh@frettabladid.is



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sveinbjörn Eiríksson**
Kirkjuvegi 10, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 13. október síðastliðinn. Útförin auglýst síðar.

**Berglind Ósk Sigurðardóttir**
**Björn Axelsson**
**tengdabörn og barnabörn.**

Vor kære mor, svigermor og farmor

**Gerda Anna Friis Frederiksen**

født Olsen

* 25. december 1918 † 11. oktober 2007

**Poul, John, Ilsa, Sara og Sune**

Bisættelsen finder sted fra Bagsværd Kirke, København onsdag den 17. oktober kl. 11.00

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**







## STUÐ MILLI STRÍÐA Af undarlegum auglýsingum

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** DREKKUR BARA KRANAVATN



Ég hef á síðustu árum fengið dálítinn áhuga á auglýsingum. Þær virðast nefnilega margar til þess gerðar að fara í mínar allra, allra fínustu. Flestar eiga þær sameiginlegt að nota annaðhvort kvenlíkamann eða kynlíf, eða hvort tveggja, til að selja vöru.

Á meðal þeirra var til dæmis sjónvarpsauglýsing fyrir bílaleigu. Þar sást æði fallegt par velta sér um í nærfötum, við undirleik þungs andardráttar sem yfirleitt er tengdur við lostafullt athæfi. Þar áður var það auglýsing fyrir sódavatn sem gerði mig alveg kolbrjálaða. Í þeirri auglýsingu var einn kosturinn við neyslu vörunnar sá að „lærin hætta að snertast“. Orðrétt. Ekki er ég næringarfræðingur eða læknir, en ég tel mig hafa sannanir fyrir því að lærin snertist á miklum meirihluta mannkyns. Raunar grunar mig að skortur á snertingu gæti þýtt að viðkomandi sé dulítið undir kjörþyngd, sem mér finnst bara alls ekki að auglýsingaskrifstofa ætti að flagga sem eftirsóknarverðu.

Á síðustu dögum hef ég svo rekið augun í danska auglýsingu fyrir nærbuxur á karlmenn, þar sem afar fáklædd hjúkrunarkona liggur glennt í sjúkrarúmi og þefar af karlmannsnærbuxum. Urrr. Að lokum var það svo ilmvatnsauglýsing frá Tom Ford fyrir Gucci sem varð til þess að ég sá svart og blés reyk út um eyrun. Þar má sjá, á sem fáguðustu máli, eitt stykki ilmvatnsflösku fyrir framan kvenmannsklof. Í nærmynd. Arrg.

Sumum finnst ég kannski yfirgengilega gamaldags og púkó. Við þá segi ég bara o sei, sei, já og svei mér þá (og skelli mér á lær). Mér finnst bara hvorki konur né kynlíf vera söluvara, eða ímynd sem hægt sé að grípa í til að selja allt milli himins og jarðar. Eins og bílaleigu. Auglýsingabransinn má sparka í eigin botn og fara að vinna vinnuna sína. Þetta er bara þreytandi. Og fyrir þá sem vilja vita það þá snertast mín læri ennþá, og ég er hætt að drekka sódavatnið.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Sprengitilboð

## Keyptu valin sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



**32" United LCD skjár**

- Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • Progressive Scan
- Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS
- VGA tengi og heyrnartólstengi • Textavarp • Fjarstýring
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

**Með hverju seldu
8138M eða M75 sófasetti fylgir
United - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp
að andvirði 79.990kr*

*Gildir á meðan birgðir endast

**269.000kr** GOTT VERÐ



**Leðurhornsófi**
1+2+1 M75

**329.000kr** GOTT VERÐ



**Svefnsófasett**
úr leðri 8138M



**20" Dantax LCD skjár**

- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar • Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130° • Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi • 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni • Barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur og veggfesting fylgja

**Með hverju seldu
8181 eða 8183 sófasetti fylgir
Dantax - 20" LCD breiðtjaldssjónvarp
að andvirði 49.990kr*

*Gildir á meðan birgðir endast



**199.000kr** GOTT VERÐ

**Leðursófasett**
3+1+1 8183



**199.000kr** GOTT VERÐ

**Leðursófasett**
3+1+1 8181

## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ |
| 9.900kr | 8.990kr | 12.990kr | 8.330kr | 8.330kr | 11.900kr | 11.900kr | 14.900kr |
| Verð áður 14.900,- | Verð áður 12.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 14.900,- | Verð áður 24.900,- |

Gildir til 19. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

! **kl. 18** *Nýtt gallerí sem ber nafnið Himnaríki & helvíti opnar í dag kl. 18. Galleríið er til húsa í bakhúsi á Laugavegi 29 við hliðina á Dead-versluninni. Listamennirnir Jón Sæmundur Auðarson og Hafsteinn Michael eiga verk á þessari fyrstu sýningu gallerísins. Opnunin er hluti af Sequences-myndlistar-hátíðinni.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Þáttaröð um myndlist

Samtímalistasafnið Safn, Laugavegi 37, tekur þátt í myndlistarhátíðinni Sequences í kvöld með forsýningu á fjórðu þáttaröð viðtalsþáttanna Art: 21.

Það er bandaríska sjónvarpsstöðin PBS sem framleiðir þættina, en í þeim er lögð áhersla á að kynna áhorfendum fremstu samtímalistamenn heims með viðtölum og mynddæmum. Dagskrárgerðarmenn þáttanna ganga út frá því að samtímamyndlist og sköpunarferlið sem henni liggur að baki eigi fullt erindi við bandarísku þjóðina. Þessa sannfæringu má sjá í jarðbundinni og milliliðalausri nálgun þáttanna á viðfangsefni sitt. Þáttaröðin hefur farið sigurför um heiminn og þykir með allra vandaðasta sjónvarpsefni um myndlist sem gert hefur verið.

Í þáttaröðinni sem sýnd verður í Safni eru tekin viðtöl við og sýnd myndskeið af verkum listamanna eins og Pierre Huyghe, Robert Ryman, Jennifer Allora og Guillermo Calzadilla, Jenny Holtzer og Laurie Simmons.

Kelly Schindler, kynningarstjóri Art:21, mun kynna þáttaröðina í Safni áður en sýningin hefst. Í hléi mun Ingólfur Arnarson, myndlistarmaður og fyrrverandi prófessor í Myndlistardeild Listaháskóla Íslands, ræða um verk nokkurra þeirra listamannanna sem kynntir eru í þáttaröðinni og tengja list þeirra við list valinna íslenskra myndlistarmanna. Gestum verður gefinn kostur á að velja myndskeið þeirra listamanna sem þeir hafa mestan áhuga á.

Þættirnir ættu sannarlega að eiga upp á pallborðið hjá íslensku myndlistaráhugafólki, en einnig ættu sérlegir áhugamenn um vandaða sjónvarpsþáttagerð að finna efni við sitt hæfi í Safni í kvöld.

Dagskráin hefst kl. 18 og stendur til kl. 22.

- vþ




**SAMTÍMALIST** Þetta verk er eftir Pierre Huyghe, en hann er einn listamannanna sem fjallað er um í þáttunum Art:21.

## Frumflutningur í Norræna húsinu

Tríó Tómasar R. Einarssonar ásamt Ragnheiði Gröndal leikur á háskólatónleikum í Norræna húsinu í dag kl. 12.30.

Á tónleikunum verða flutt lög eftir Tómas, en um frumflutning er að ræða í flestum tilvikum. Tríóið skipa auk Tómasar þeir Ómar Guðjónsson, gítar, og Matthías M. D. Hemstock, slagverk.

Tómas R. Einarsson, kontrabassaleikari og tónskáld, hefur verið einn afkastamesti lagasmiður í íslenskri djasstónlist síðustu tvo áratugi.

Á síðasta ári spilaði hljómsveit Tómasar bæði á helsta djassklúbbi Moskvuborgar og í Casa de la Amistad í Havana. Árið 2006 gaf hann út geisladiskinn Romm Tomm Tomm og í haust er væntanlegur geisladiskur þar sem fjölþjóðlegur hópur raftónlistarmanna endurhljóðblandar latíntónlist hans. - vþ



**LEIKA Á HÁDEGISTÓNLEIKUM** Tríó Tómasar R. Einarssonar ásamt Ragnheiði Gröndal.

## Qanun og þjóðlög

**Íslenskum tónlistarunnendum býðst á næstu dögum að hlýða á tegund tónlistar sem er jafnan sjaldheyrð hérlendis. Egypski tónlistarmaðurinn Hanan El-Shemouty mun halda þrenna tónleika hér á landi og koma fram ásamt íslenskum hljóðfæraleikurum og kórum.**

Steingrímur Guðmundsson slagverksleikari er annar tveggja íslenskra tónlistarmanna sem koma fram með Hanan á tónleikunum hérlendis, en hinn er Hilmar Örn Agnarsson orgelleikari. Steingrímur segir heimsókn Hanan tilkomna þannig að Hilmar sá hana koma fram á tónleikum í Berlín og þótti mikið til hennar koma. „Hann fór því að kanna möguleikana á því að fá hana hingað til Íslands til tónleikahalds og það gekk eftir. Þessir tónleikar eru sannarlega spennandi fyrir íslenska tónlistarunnendur, ekki síst vegna þess að Hanan leikur á hljóðfæri sem ég veit ekki til að hafi verið leikið á hérlendis áður.“

Hljóðfærið sem Steingrímur vísar til kallast qanun og er eins konar arabísk harpa eða sítar. Hanan leikur einnig á arabísk slagverkshljóðfæri og syngur. Hún fer í stutta tónleikaferð um landið og býður þannig sem flestum upp á að hlýða á tónlist hennar. Hún leikur á tónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík ásamt Vox Feminae annað kvöld kl. 20. Hún leikur í Vélasalnum í Vestmannaeyjum á laugardag kl. 16 og á sunnudag leikur hún í Skálholti kl. 16 ásamt Kammerkór Suðurlands. Steingrímur og Hilmar koma fram með henni á öllum tónleikunum.

Á tónleikunum verða meðal annars flutt íslensk þjóðlög sem sett verða í nýjan búning. „Uppistaðan í tónleikadagskránni er þjóðlög, bæði evrópsk og arabísk. Á þessum tónleikum mun íslenskum tónleikagestum bjóðast að heyra gamla íslenska tónlist leikna á alveg nýjan hátt og því er þetta tækifæri sem áhugafólk um tónlist og menningu ætti ekki að láta framhjá sér fara,“ segir Steingrímur.

vigdis@frettabladid.is



**FRAMANDI TÓNLIST** Hanan El-Shemouty ásamt Steingrími Guðmundssyni og Hilmari Erni Agnarssyni.




Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Tónleikar 17. október kl. 21
Tríó Vadims Fedorovs
Vadim Fedorov • harmonika
Gunnar Hilmarsson • gítar
Leifur Gunnarsson • kontrabassi
Frönsk musett- og valssveifla í bland við heims- og jazztónlist
Aðgangseyrir: kr. 1.000. - Miðasala við innganginn.
Kl. 20 verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna Handverkshefð í hönnun www.gerduberg.is













AÐEINS EIN SÝNING EFTIR!
SÍÐASTA SÝNING 19. OKTÓBER KL. 20.00




MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS
MIÐASÖLUSÍMI 511 4200


MIÐASALA HEFST Á FIMMTUDAGINN
STÓRTÓNLEIKAR
RÚNNI JÚLL
LAUGARDAGINN 27. OKTÓBER
( FYRSTA VETRADAG) KL. 20.00
Í HÖLLINNI
LÖG MEISTARANNA
HLJÓMAR
TRÚBROT
LÓNLÍ BLÚ BOJS
GCD
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI
BAGGALÚTUR
midi.is
RÁS 2
GESTIR
BUBBI MORTHENS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
MARÍA BALDURSDÓTTIR
LARRY OTIS
SHADY OWENS
GYLFI ÆGISSON
JÓHANN HELGASON
HERMANN GUNNARSSON
MAGNÚS KJARTANSSON
DR. GUNNI
BJÖRGVIN FRANS GÍSLASON
MIÐASALA Á MIDI.IS, SKÍFUVERSLUNUM LAUGAVEGI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
OG BT VERSLUNUM ÚTI Á LANDI.
MIÐAVERÐ:
SVÆÐI A 6.900 KR
SVÆÐI B 5.900 KR

> AÐ LEIKA EÐA EKKI LEIKA

Nicole Scherzinger, aðalsöngkona The Pussycat Dolls, virðist eiga erfitt með að skilja á milli leikara og hlutverka. „Maður verður skotinn í strákum, og svo hittir maður þá og áttar sig á að maður elskaði bara hlutverkið þeirra. Hver elskaði til dæmis ekki Ryan Gosling eftir að hafa séð The Notebook?“ segir hún.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Star Trek í tvær vikur á Íslandi

Leikarar sem tengjast næstu Star Trek-kvikmyndinni eru farnir að tala fjálglega um tökur á Íslandi í bandarískum fjölmiðlum. Sá nýjasti til að stíga fram er Heroes-hetjan Zachary Quinto sem fer með hlutverk óþokkans Sylar í sjónvarpsþáttunum en mun að öllum líkindum leika sjálfan Spock í kvikmyndinni.

Quinto greinir frá því í samtali við vefrit USAToday að tökur á Star Trek-myndinni eigi að hefjast í næsta mánuði og að Paramount-kvikmyndaverið sé þegar búið að byggja risastóra leikmynd á þremur hæðum. „Og svo verðum við í tvær vikur á Íslandi,“ segir Zachary í samtali við vefritið.

Nú þykir orðið ljóst að þessi næsta stórmynd nýjasta gullkálfsins í Hollywood, J. J. Abrams, verður unnin hér af fullum krafti. Að öllum líkindum hefjast tökurnar þó ekki fyrr en eftir áramót og þá annaðhvort í mars eða apríl. Nú þegar hefur verið ráðið í stærstu hlutverkin og er athyglisvert að stórleikarinn Eric Bana verður að öllum líkindum illmennið Nemo en Bana lék meðal annars aðalhlutverkið í stórmynd Stevens Spielberg, Munchen.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá stendur valið á milli Saga Film og Pegasus um að þjónusta Hollywood-stjörnurnar en samkvæmt heimildum blaðsins hefur enn ekki verið ákveðið hvor aðilanna hreppir hnossið. - fgg



**KEMUR TIL ÍSLANDS** Zachary Quinto verður Spock í nýjustu Star Trek-myndinni.



**TOSE PROESKI** Makedóníska poppstjarnan Tose Proeski lést í bílslysi í Króatíu í gær. Myndin er frá Eurovision 2004, þegar Proeski var fulltrúi landsins. NORDICPHOTOS/AFP

## Átrúnaðargoð látið

**Vinsælasti poppsöngvari Makedóníu, Tose Proeski, lést í gær í bílslysi þegar bíll hans rakst á vörubíl nálægt króatíska bænum Nova Gradiska. Slysið varð snemma morguns þegar Proeski svaf í farþegasætinu.**

**Proeski var einn vinsælasti söngvarinn á Balkanskaganum og átrúnaðargoð í Makedóníu, en hann keppti fyrir hönd landsins í Eurovision-söngvakeppninni árið 2004. Hann var einnig þekktur fyrir hjálparstörf sín, var velgjörðarsendiherra UNICEF og hélt nokkra tónleika til styrktar fötluðum börnum og munaðarlausum.**

**Á þinginu í Makedóníu var í gær einnar mínútu þögn til heiðurs Proeski. Ríkisstjórn landsins sagði í gær að dagurinn í dag yrði yfirlýstur sorgardagur.**



**BRUCE SPRINGSTEEN** Stjórinn fékk óvænta aðstoð frá Arcade Fire á tónleikum í Kanada.

## Arcade söng með „Stjóra“

**Kanadíska hljómsveitin Arcade Fire steig óvænt á svið með „stjóranum“ sjálfum, Bruce Springsteen, á tónleikum í Ottawa í Kanada. Sungu þau saman lag Springsteen, State Trooper, og lög Arcade, Neon Bible og Keep the Car Running, við mjög góðar undirtektir.**

**Springsteen er á tónleikaferð til að fylgja eftir sinni nýjustu plötu sem hefur fengið góða dóma. Arcade fer aftur á móti í tónleikaferð um Evrópu síðar í mánuðinum. Eftir það spilar sveitin í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.**



**ÓTRÚLEGA HEPPINN** Írski hjartaknúsarinn Colin Farrell segist ótrúlega heppinn að hafa soninn James, fjögurra ára, í lífi sínu. James fæddist með sjaldgæfa fötlun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Talar um fötlun sonar síns

**„Ég hef aldrei hugsað um son minn sem fatlaðan,“ segir leikarinn Colin Farrell um fjögurra ára gamlan son sinn í hjartnæmu viðtali við írska blaðið Independent. James fæddist með sjaldgæfa fötlun.**

Stórstjarnan Colin Farrell eignaðist soninn James með þáverandi kærustu sinni, Kim Bordenave, í september árið 2003. Farrell ræddi opinskátt um veikindi sonar síns við írska blaðið Independent á sunnudag, en hann hefur að miklu leyti haldið honum frá sviðsljósinu hingað til og forðast að tala um fötlun hans.

James fæddist með Angelman-heilkenni sem er sjaldgæft form heilalömunar. Farrell segir að hann sé þó „ótrúlega heppinn að hafa hann í lífi mínu“. Hann segir að James hafi sýnt ótrúlegt hugrekki á fyrstu fjórum árum lífs síns og að hann sé mjög hamingjusamur drengur, þrátt fyrir fötlunina, sem hefur haft áhrif á tal hans og hreyfigetu.

„Í einu skiptin sem ég verð var við að það er eitthvað öðruvísi við son minn, að hann sé eitthvað frábrugðinn því sem er litið á sem eðlilegt, er þegar ég sé hann með öðrum fjögurra ára gömlum börnum,“ sagði Farrell. „Þá hugsa ég, „ó, já“, og ég man eftir því. En frá fyrsta degi hefur mér fundist að hann sé eins og hann eigi að vera,“ sagði hann.

Leikarinn sagðist stoltur yfir því sem James hefur áorkað og komist yfir á ævi sinni. „Hann tók fyrstu skrefin sín fyrir um sex vikum síðan, og það var fjögurra ára aðdragandi. Öll vinnan var hans, hann hefur unnið eins og brjálæðingur í fjögur ár,“ sagði Farrell. „Og þegar hann tók fyrstu skrefin sín var það tilfinningaþrungin stund. Það var ekki þurrt auga í húsinu,“ bætti hann við.

Ferill írska töffarans Farrells hefur blómstrað í Hollywood, en hann deilir forræði með móður James og reynir að verja eins miklum tíma með syni sínum og mögulegt er. Leikarinn kveðst þar að auki einbeita sér að því að hjálpa syni sínum að þroskast og vera eins hamingjusamur og hægt er. Hann er harður á því að allir sem eiga við fötlun að stríða geti lagt sitt af mörkum í samfélaginu og lifað hamingjuríku lífi.

„Ég hef aldrei hugsað um son minn sem einstakling með fötlun. Þetta snýst um sérstakar þarfir, hvað jafngildir fötlun og hvað ekki,“ segir hann.

## Britney hjá löggunni

**Britney Spears mætti til lögreglunnar í Los Angeles og gaf sig fram í sambandi við ákæru um að ökulagabrot sem átti sér stað 6. ágúst. Britney er talin hafa ekið á kyrrstæðan bíl auk þess sem hún var á þeim tíma ekki með gilt ökuleyfi. Teknar voru myndir af Britney og fingraför og eyddi söngkonan 45 mínútum inni á lögreglustöðinni.**

**Britney gæti átt yfir höfði sér sex mánaða fangelsi og yfir þúsund dollara í sekt eða rúmar sextíu þúsund íslenskra króna en talið er að réttarhöldin yfir söngkonunni hefjist 25. október. Lögreglumaðurinn Mike Lopez sagði í samtali við BBC fréttavefinn að Britney hefði ekki verið til neinna vandræða. „Hún gerði bara sitt og fór,“ sagði Lopez en Britney hefur nú sótt um rétt ökuleyfi til að keyra um götur Los Angeles.**

**Ökuleyfismissirinn og frekar villt líferni eru taldar vera meginástæður þess að Britney missti forræðið yfir sonum sínum tveimur. Henni var í kjölfarið gert að sækja foreldranámskeið og mæta reglulega í bæði lyfja- og áfengispróf.**



**HJÁ LÖGGUNNI** Britney er nú farin að gera hreint fyrir sínum dyrum og mætti til lögreglunnar seint á mánudagskvöld.

# Netið í brennidepli

Alþjóðleg ráðstefna verður haldin í Reykjavík í dag undir yfirskriftinni Neytandinn og netbyltingin. Gerd Leonhard, sem hefur verið í fararbroddi netbyltingarinnar, flytur erindi auk þess sem Einar Örn Benediktsson, Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri tónlist.is, og blaðamaðurinn Árni Matthíasson verða á meðal gesta.

„Það er verulegur kraftur í mörgum fyrirtækjum sem eru að vinna með netið en við þurfum að taka okkur á í að koma þeirri þekkingu til almennings og til þeirra sem þurfa á netinu að halda sem dreifingartæki,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útón. „Þau fyrirtæki sem standa þessu næst eru í afþreyingarmálum. Við höfum fundið fyrir þessu fyrst í tónlistinni því viðskiptamódelið í tónlistinni hrundi fyrst. Það varð í sumar sátt á milli alþjóðlegu plötufyrirtækjanna og óháðu plötufyrirtækjanna um að vinna saman að því að finna lausn og það er jákvætt skref í rétta átt. Það er líka skemmtilegt að skoða hvernig Radiohead er að leika sér með þetta með sinni nýjustu plötu. Þeir nota hana sem markaðsbrellu til að auglýsa gæðapakkningu fyrir fjórutíu pund,“ segir Anna Hildur og á þar við viðhafnarútgáfu plötunnar In Rainbows sem er væntanleg í desember.

Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar og þátttakendur má finna á www.icelandicmusic.is.



**EINAR ÖRN BENEDIKTSSON** Einar Örn ræðir um síðuna grapewire.com á ráðstefnunni.

# Óskarsstytta til sölu

Óskarsstyttan sem leikstjórinn Orson Welles fékk fyrir mynd sína Citizen Kane verður boðin upp af uppboðshaldaranum Sotheby´s á næstunni. Welles fékk Óskarinn ásamt Herman Mankiewicz árið 1941 fyrir besta handritið. Talið er að í kringum 70 milljónir króna fáist fyrir gripinn.

Citizen Kane hefur löngum verið talin besta mynd Welles og jafnframt ein af bestu myndum allra tíma, þrátt fyrir að hún hafi aðeins fengið ein Óskarsverðlaun á sínum tíma. „Myndin skartar stjörnum í helstu hlutverkum. Welles var óttalaus í sinni kvikmyndagerð og réð algjörlega sjálfur yfir myndunum sínum. Allt þetta hjálpaði honum að búa til tímamótamynd,“ sagði talsmaður Sotheby´s.

Óskarsstyttan hefur lent í miklum ógöngum síðan Welles fékk hana í hendurnar. Styttan var talin glötuð þar til hún birtist á uppboði hjá Sotheby´s 1994. Reyndi þá kvikmyndatökumaður nokkur að selja hana eftir að hafa fengið hana í formi launagreiðslu frá Welles. Yngsta dóttir Welles höfðaði þá mál gegn tökumanninum og fékk styttuna á endanum. Síðan reyndi hún að selja hana en þá höfðaði Óskarsakademían mál gegn henni sem tapaðist. Árið 2003 seldi dóttirin styttuna til Daxstofnunarinnar, sem hefur nú sett hana á uppboð.




**CITIZEN KANE** Citizen Kane frá árinu 1941 er af mörgum talin ein besta mynd allra tíma.




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Airwaves hefst í kvöld

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hefur göngu sína í níunda sinn í kvöld með fjölbreyttri dagskrá á sex tónleikastöðum. Á meðal þeirra sem koma fram í kvöld eru Elíza, Shadow Parade, Poetrix og XXX Rottweiler.

Hátíðin stendur yfir til sunnudags og alls munu yfir tvö hundruð flytjendur stíga á svið, þar á meðal Bloc Party, !!!, Deerhoof, Mugison, múm, Jakobínarína, Of Montreal, Jenny Wilson og Trentemöller.

Hátíðin fer fram á níu aðal-tónleikastöðum í miðborg Reykjavíkur, sem eru: Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Gaukurinn, Nasa, Lídó, Iðnó, Organ, Grand rokk, Barinn og Fríkirkjan í Reykjavík. Auk þess mun vegleg dagskrá fara fram í Norræna húsinu. Smærri viðburðir og tónleikar fara síðan fram í plötuverslunum, á kaffihúsum og annars staðar í miðbænum, ásamt hinu árlega Airwaves-partíi í Bláa lóninu.

Þess má geta að uppselt er á hátíðina fjórða árið í röð. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á Icelandairwaves.com.



**ELÍZA** Tónlistarkonan Elíza, sem var að gefa út sína fyrstu sólóplötu, spilar á Nasa í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Engar reglur í tónlistinni

**Einn skrautlegasti fýr tónlistarheimsins í dag er Kevin Barnes, aðalsprauta sveitarinnar Of Montreal. *Steinþór Helgi Arnsteinsson* spjallaði við þennan merka tónlistarmann í tengslum við tónleika Of Montreal á Airwaves í ár.**



**FRÁBRUGÐIN FLESTU ÖÐRU** Kevin Barnes og félagar í Of Montreal þykja með framsæknustu poppböndum samtímans og ætla að heilla Íslendinga upp úr skónum á Airwaves í ár.

Of Montreal er, þrátt fyrir að nafnið gefi annað til kynna, frá Aþenu í Georgíuríki Bandaríkjanna. Sveitin hefur sent frá sér hátt á annan tug platna undanfarinn áratug en á þessu ári kom út platan Hissing Fauna, Are Your The Destroyer? og þykir af flestum sú besta sem sveitin hefur sent frá sér til þessa. Á plötunni má finna ýmsar tengingar við Noreg, meðal annars í lagaheitunum og í textunum. Segir meðal annars í laginu A Sentence of Sorts in Kongsvinger „I spent the winter on the verge of a total breakdown while living in Norway. I felt the darkness of the black metal bands," en platan fjallar fyrst og fremst um skilnað Kevins við konu sína. „Við bjuggum í Noregi og þar eignuðumst við dóttur okkar, svo landið hefur spilað stórt hlutverk í mínu lífi. Það er samt ekki eins og landið sem slíkt hafi átt einhvern þátt í hjónabandsvandræðum okkar," útskýrir Kevin. Hins vegar er gaman að segja frá því að Kevin er byrjaður aftur með konu sinni.

Menn hljóta því að spyrja sig hvort næsta plata verði ekki um að Kevin og kona hans hafi byrjað aftur saman. „Nei, ég er reyndar búinn að semja næstu plötu. Hún verður full af 40 sekúndna brotum þar sem ég er að vinna úr alls kyns áhrifum og sauma úr þeim. Allt er því að breytast í sífellu en allir hlutirnir vinna saman. Þannig að þetta er eins og meira fönkí, sálarfyllri útgáfa af Smile."

Kevin segir jafnframt að það sé verulega krefjandi að reyna að semja hið fullkomna popplag en að hann sé einfaldlega kominn með leið á því. „Þetta er samt ekki spurning um að brjóta reglurnar, því allir vita að það eru engar reglur í tónlist. Þetta er meira spurning um að forðast klisjuna."

Of Montreal leggur líka mikið upp úr tónleikum sínum en Kevin viðurkennir að undanfarið hafi hann komist að mikilvægi tónleika. „Maður skapar ákveðna upplifun með plötunum en þar vantar allt sjónrænt. Þegar maður flytur síðan plötuna á sviði stjórnar maður umhverfinu og andrúmsloftinu. Platan slær mann frá ýmsum hliðum, verður áþreifanlegri og ekki eingöngu hljóðræn. Hljóðrænt séð er samt mikill sprengikraftur á tónleikum okkar, með ýmsum byltum og beygjum. Við reynum svo að vinna með sjónarspil ljósa og myndbrota, breytum um búninga og mikið af litaglöðum hlutum eru í gangi. Við viljum einfaldlega hafa tónleika okkar áhugaverða allan tímann." Óhætt er því að mæla með tónleikum Of Montreal á Airwaves í ár en sveitin spilar í Listasafni Reykjavíkur á föstudagskvöldinu.

## AIRWAVES Í KVÖLD

Tónlistarsérfræðingar Fréttablaðsins mæla með eftirfarandi tónleikum í kvöld:

Naflakusk
1985!
Audio Improvement
Smoosh
Rúnar Þórisson
<3 Svanhvít!
Mala

Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á icelandairwaves.is.

# Aukaefni bætir litlu við

Spennumyndin Köld slóð fékk á sínum tíma fína aðsókn í íslenskum kvikmyndahúsum enda ágætis kvikmynd á ferðinni. Þeir sem svekktu sig á því að hafa misst af henni í bíó hafa ærna ástæðu til að gleðjast þar sem hún er nú komin út á DVD-mynddisk ásamt aukaefni.

Myndin segir frá blaðamanninum Baldri sem hefur rannsókn á dauðsfalli öryggisvarðar í afskekktri virkjun á hálendi Íslands. Hinn látni var faðirinn sem Baldur kynntist aldrei og förin ekki síður tilraun til að komast að raun um hvaða mann hann hafði að geyma. Fyrr en varir hefur blaðamaðurinn flækst í svikavef þar sem leitin að sannleikanum gæti orðið dýrkeypt.

Köld slóð hefur sér margt til ágætis. Leikur er yfir meðallagi og tæknibrellur fínar. Tökustaðir og tónlist undirstrika fjandsamlegt umhverfið og varla er dauður punktur í myndinni. Hins vegar líður handritið fyrir klisjur og ódýrar lausnir. Þá hefði mátt draga úr þætti dularfullra afla og vinna betur með innilokunarkenndina sem þrengslin í virkjuninni vekja.

Aukaefni samanstendur af hljóðskrá, ljósmyndum úr tökum, þremur bíóstiklum (þar af einni fyrir erlendan markað með pínlegum skýringartexta) og heimildarmynd um gerð myndarinnar. Fátt af þessu gefur disknum aukið vægi.

Hljóðskráin er hvorki nógu áhugaverð né skemmtileg til að halda athygli og alltof stór hluti heimildarmyndarinnar fer í að dásama myndina. Þegar leikarar og leikstjóri hafa lofað myndina er áhorfanda löngu orðið ljóst um hversu einstaka mynd hlýtur að ræða. Nær hefði verið að segja nánar frá handriti, tæknilegri úrvinnslu og þeirri hefð sem myndin sækir í. Síðan sárvantar íslenskan texta svo heyrnarskertir geti notið góðs af.

**Roald Eyvindsson**

**DVD**

**Köld slóð**



Leikstjóri: Björn Brynjúlfur Björnsson.
Aðalhlutverk: Þröstur Leó Gunnarsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Hjalti Rögnvaldsson, Helgi Björnsson og Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir.

Kvikmynd ★★★ Aukaefni ★
Köld slóð er spennandi og vel leikin kvikmynd þrátt fyrir klisjukenndan söguþráð. Aukaefni bætir litlu við.





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| GOOD LUCK CHUCK LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.25 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SHOOT'EM UP | kl. 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 - 6 | |
| HAIRSPRAY | kl. 5.30 - 8 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ALEXANDRA ENSKUR TEXTI | kl. 6 - 10.15 | 14 |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 6 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 6 | 12 |

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE DIGITAL | kl. 5:30 - 8D - 10:30D | 16 |
| THE BRAVE ONE VIP | kl. 8 - 10:30 | |
| STARDUST | kl. 5:30D - 8 - 10:30 | 10 |
| STARDUST VIP | kl. 5:30 | |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 - 10:30 | L |
| SUPER BAD | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 | 12 |
| MR. BROOKS | kl. 10:30 | 16 |
| BRATZ | kl. 5:30 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 -10:20 | 10 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE KINGDOM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE BRAVE ONE | 5:40D - 8D-10:20D | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30D | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 10 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10 | L |
| HAIRSPRAY | kl. 10:20 | L |
| STARDUST | kl. 8 | 7 |

SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| HAIRSPRAY | kl. 8 | L |
| BRATZ | kl. 8 | L |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:20 | 16 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 10:20 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IS

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 — bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KINGDOM | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| CHUCK & LARRY | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

# Endurútgefa Joshua

Írska hljómsveitin U2 ætlar að endurútgefa plötuna Joshua Tree í tilefni af tuttugu ára útgáfuafmæli hennar. Platan kemur út í fjórum mismunandi útgáfum; sem hefðbundinn geisladiskur, tvöfaldur geisladiskur, tvöfaldur geisladiskur og DVD-mynddiskabox og í vinylútgáfu. Á mynddisknum verður heimildarmyndin Outside It´s America auk tónleikaefnis.

Joshua Tree kom U2 rækilega á kortið víðsvegar um heim með smáskífulögunum vinsælu I Still Haven´t Found What I´m Looking For, Where The Streets Have No Name og With Or Without You. Liðsmenn U2 eru með fleira á teikniborðinu því þeir ætla að reisa skýjakljúf í Dublin í heimalandi sínu. Mun byggingin nefnast U2 Tower og ætlar hljómsveitin að flytja upptökuver sitt á efstu hæð hennar þegar hún verður tilbúin árið 2011.



**U2** Hljómsveitin U2 er með margt á prjónunum um þessar mundir.

# Áhugaverðar ljósmyndir

Ljósmyndasýningin Iceland Airwaves: So Far/Til þessa, hóf göngu sína fyrir skömmu í Norræna húsinu. Við opnunina var einnig kynnt sérstök hátíðardagskrá sem fer fram í Norræna húsinu í tengslum Airwaves.

Iceland Airwaves: So Far/Til þessa er haldin af Iceland Airwaves í samstarfi við Norræna húsið og þann stóra hóp ljósmyndara sem fylgt hefur hátíðinni eftir af elju frá upphafi og tekið fjöldann allan af áhugaverðum ljósmyndum. Ljósmyndarinn Árni Torfason er umsjónarmaður sýningarinnar.



**AIRWAVES Í NORRÆNA HÚSINU** Áhugaverðar myndir frá Iceland Airwaves eru til sýnis í Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**STEVE SAMPLING** Tónlistarmaðurinn Steve Sampling hefur gefið út sína aðra sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Afkastamikill Steve

Tónlistarmaðurinn Steve Sampling hefur gefið út sína aðra sólóplötu, Borrowed & Blue. Á plötunni eru fimmtán lög, öll án söngs nema eitt sem skartar bandaríska rapparanum Keyote.

Fyrsta sólóplata Steves, sem áður kallaði sig Mezzías MC, kom út á síðasta ári. „Þetta er það sem maður gerir á hverjum degi. Maður verður að koma því frá sér svo maður geti gleymt því og snúið sér að einhverju nýju,“ segir Steve. „Þessi plata er í svipuðum dúr og hin nema að það er ekki danstónlist á þessari. Nú er þetta bara í „chillout-“ og hiphop-fílingi.“

Steve seldi hinum heimsfræga Dangermouse nokkur lög fyrr á árinu en þau hafa ekki verið gefin út ennþá. „Lögfræðingar hans eru að vinna í því að fá leyfi fyrir sömplunum en hann er með mörg verkefni í gangi í einu.“ Platan fæst í Smekkleysu, 12 Tónum og hjá höfundinum sjálfum, stevesampling@gmail.com. Kostar hún 1.500 krónur. - fb



**BRYAN ADAMS** Kemur ekki fram á tónleikum sem átti að halda vegna deilu Ísraela og Palestínumanna.

# Aflýst vegna hótana

**Friðartónleikum með Bryan Adams í fararbroddi sem halda átti næstkomandi fimmtudag hefur verið aflýst. Tónleikarnir áttu að styðja lausn deilu Ísraela og Palestínumanna og áttu þeir að fara samtímis fram í borginni Tel Avív í Ísrael og í Jeríkó á Vesturbakkanum.**

**Eftir að palestínskum þátttakendum í tónleikunum var hótað öllu illu var ákveðið að hætta við allt saman. „Öfgamenn hafa hótað þátttakendum okkar í Jeríkó og við vildum ekki leika okkur með líf þeirra,“ sagði skipuleggjandi á vegum samtakanna One Voice.**











Upplifðu ógleymanlegt kvöld í Súlnasal Hótel Sögu með aðal skemmtikröftum landsins. Fullkomin blanda af söng, gleði og gríni með Hemma Gunn, Ragga Bjarna, Guðrúnu Gunnars, Bjarna Ara og Hara systrum. Að lokinni skemmtidagskrá gerir stuðbandið Saga Class allt brjálað á dansgólfinu. Ógleymanlegt kvöld í Súlnasal Hótel Sögu.

Pantaðu borð núna í síma 525 9900.

20.10 3ja rétta örfá sæti laus
26.10 uppselt
27.10 uppselt
02.11 uppselt
03.11 uppselt
09.11 3ja rétta
24.11 jólahlaðborð örfá sæti laus
30.11 jólahlaðborð
01.12 jólahlaðborð örfá sæti laus
07.12 jólahlaðborð
08.12 jólahlaðborð örfá sæti laus
14.12 jólahlaðborð
15.12 jólahlaðborð

PIPAR • SÍA • 72020

**Radisson SAS Saga Hotel**
Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

### > Magnús Páll í Noregi og Þýskalandi

Blikinn Magnús Páll Gunnarsson er staddur hjá norska 1. deildarliðinu Haugasund þessa dagana. Þar fær hann að spreyta sig á æfingum og spila æfingaleik. Hann fer svo eftir næstu helgi til Þýskalands þar sem hann mun æfa með varaliði Borussia Dortmund en það leikur í þýsku 3. deildinni. Magnús Páll er samningslaus sem stendur og eru nokkur lið í Landsbankadeildinni sem hafa sýnt honum áhuga og svo vilja Blikar halda honum. Magnús átti gott sumar og var einn þriggja leikmanna deildarinnar sem skoraði átta mörk og að öllu óbreyttu fær Magnús bronsskóinn á lokahófi KSÍ næstkomandi föstudag.



# sport

sport@frettabladid.is

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN LANDSLIÐSFYRIRLIÐI:** LANGT FRÁ ÞVÍ AÐ VERA VERKJALAUS

## *Harka af mér og bryð bólgueyðandi inn á milli*

Eiður Smári Guðjohnsen er enn að glíma við hnémeiðslin sem hafa haft svo mikil áhrif á tímabilið hans hjá Barcelona. Eiður var frá nánast allt undirbúningstímabilið og hefur aðeins spilað með íslenska landsliðinu það sem af er á tímabilinu.
„Auðvitað gott að komast í gegnum mínar fyrstu 90 mínútur í langan tíma og aðalatriðið var að hnéð hélt ágætlega," segir Eiður Smári Guðjohnsen er þó langt frá því að vera verkjalaus. „Ég finn alveg til en harka af mér og bryð bólgueyðandi inn á milli," segir Eiður Smári í léttum tón.
Eiður er þó ekki á því að það bíði hans að leggjast á skurðarborðið.
„Það eru einhverjar skemmdir í hnénu sem þarf að sinna. Ég þarf ekki endilega að fara í einhverja aðgerð en heldur bara að styrkja alla vöðvana í kringum hnéð," segir Eiður Smári sem ætlar að reyna að spila sem mest í kvöld. „Þetta fer allt eftir því hvernig leikurinn verður lagður upp af þjálfaranum. Auðvitað vonast ég til þess að geta klárað sem flestar mínútur því ég þarf á þeim að halda og hef ekkert annað en gott af því. Ef hnéð heldur þá kýli ég á það," segir Eiður



Smári sem getur orðið fyrstur til þess að skora tuttugu mörk fyrir íslenska landsliðið. „Það er gaman að bæta met en ég var alltaf klár á því að ég myndi einhvern tímann bæta þetta met. Ég sá það hins vegar alltaf fyrir mér í sigurleik frekar en eitthvað. Metið hefði fyrir mér alveg mátt bíða fyrir þrjú stig. Mörk eru alltaf mörk en þau missa aðeins gildi sitt þegar það fylgir ekki sigur í kjölfarið," sagði Eiður Smári sem segir umræðuna um metið ekki eiga neinn þátt í því að hann skoraði ekki í 543 mínútur með landsliðinu.
„Markametið var ekkert að trufla mig en það sem truflaði mig var hvernig við spiluðum í heild sem lið. Það hafði ekkert með mig að gera því ég var ekkert stressaðari fyrir framan markið heldur en áður. Auðvitað vildi ég vera búinn að skora í öllum leikjum en ég tel að 19 mörk í 48 leikjum er ekki versta tölfræðin sem þú finnur í boltanum," segir Eiður Smári.



**EFNILEGUR** Kristján Hauksson er farinn í Val eins og Helgi Sigurðsson.

Kristján Hauksson:

## Orðinn þreyttur á fallbaráttu

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Kristján Hauksson gengur í raðir Valsmanna frá Fram í dag og mun að öllum líkindum skrifa undir tveggja ára samning við félagið. „Þetta var erfið ákvörðun fyrir mig þar sem Fram er mitt æskufélag en ég held að þetta sé samt rétta ákvörðunin," sagði Kristján við Fréttablaðið.

„Ákvörðunin er ekki tekin út af peningalegum aðstæðum, það er alveg klárt, heldur eingöngu fótboltalegum aðstæðum. Ég er spenntur fyrir Val og því tækifæri að spila í Evrópukeppni og spila með öflugum leikmönnum og undir góðum þjálfara. Ég var orðinn þreyttur á því að vera í fallbaráttu og endalausum þjálfaraskiptum hjá Fram," sagði Kristján. - óþ

# Starfið er mikil áskorun fyrir mig

**Rúnar Kristinsson tók við nýju starfi hjá KR í gær sem yfirmaður knattspyrnumála en það er ný staða hjá félaginu. Logi Ólafsson hefur gert þriggja ára samning við KR og Sigursteinn Gíslason aðstoðar Loga.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar hafa verið í mikilli naflaskoðun síðustu vikur og eru að taka innra starfið í gegn hjá sér. Liður í því er sköpun nýs starfs sem ber heitið yfirmaður knattspyrnumála eða „director of football" en slík staða er alþekkt hjá knattspyrnufélögum erlendis.

Sá sem fær það verkefni að móta starfið er Rúnar Kristinsson en hann mun gegna starfinu næstu tvö árin hið minnsta. Rúnar mun hafa umsjón með öllu faglegu starfi knattspyrnunnar í KR og bera ábyrgð á ráðningu allra þjálfara og aðstoðarmanna KR. Hann mun einnig hafa yfirumsjón með sérþjálfun leikmanna meistaraflokks og stýra faglegu starfi KR-akademíunnar að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá KR.

„Það hefur blundað í KR-Sport að taka þetta skref og þeir ákváðu að taka það. Ég verð ákveðin tenging á milli stjórnarinnar og þjálfarateymisins. Þetta er spennandi verkefni og mikil áskorun sem leggst mjög vel í mig. Þetta er frábært tækifæri fyrir mig sem og félagið. Ég tel mig hafa það sem til þarf í starfið sem er þekking á knattspyrnu og ég á þess utan



**KOMINN Í NÝTT HLUTVERK UTAN VALLAR** Rúnar Kristinsson tók í gær við nýju starfi hjá KR en hann lagði skóna á hilluna eftir sumarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mjög auðvelt með að umgangast og tala við fólk," sagði Rúnar en næstu mánuðir hjá honum fara í að þróa starfið.

Logi Ólafsson var á sama tíma ráðinn þjálfari meistaraflokks til næstu þriggja ára og Rúnar segir að hann muni vinna mjög náið með Loga. Starfið er þó ekki bara dans á rósum enda fellur það væntanlega á Rúnar að segja þjálfurum upp ef ástæða þykir til en þjálfarar hafa fengið að fjúka nokkuð oft vestur í bæ síðustu ár.

„Það getur vissulega lent á mínum herðum að taka erfiðar ákvarðanir en það er bara hluti af starfinu. Það er eitthvað sem maður tekur bara á þegar slíkt kemur upp. Vonandi tekst okkur samt vel að halda á þjálfurum en vissulega vilja menn árangur og það oft sem fyrst," sagði Rúnar sem telur starfið vera skref í rétta átt hjá KR. „Það vantar menn í félögin sem hafa skoðun og virkilega reynslu af hlutunum. Þar liggur minn styrkleiki að mörgu leyti og vonandi skilar það sér í árangri fyrir KR. Ég hef fulla trú á því að ég geti hjálpað félaginu."

**henry@frettabladid.is**

Valsstúlkur töpuðu 3-1 gegn Everton í Evrópukeppni félagsliða og eru úr leik:

## Hundfúlar að fara ekki áfram

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur töpuðu 3-1 fyrir enska liðinu Everton í Evrópukeppni félagsliða í gær og eru því úr leik eftir að þýska liðið Frankfurt og belgíska liðið Wezemaal gerðu 1-1 jafntefli.

Valsstúlkur lentu 3-0 undir gegn Everton í gær og til að bæta gráu ofan á svart fór helsti markaskorari liðsins, Margrét Lára Viðarsdóttir, meidd út af í fyrri hálfleik. Í seinni hálfleik náði Katrín Jónsdóttir hins vegar að minnka muninn fyrir Val og urðu það lokatölur leiksins. En fyrir leikinn var reyndar talið að Valsstúlkur mættu í raun tapa leiknum með tveimur mörkum og myndu þá samt lenda í öðru sæti riðilsins og fara áfram í 8-liða úrslit, þar sem þýska stórliðið Frankfurt væri líklegt til þess að vinna belgíska liðið Wezemaal. En leikur liðanna endaði með 1-1 jafntefli.

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, var að vonum sár yfir því að Valsstúlkur hafi ekki gert nóg til þess að komast áfram. „Það var synd hvað við vöknuðum seint á móti Everton og við hefðum getað bætt við fleiri mörkum í lokin á leiknum," sagði Elísabet sem var einnig ósátt með framgöngu Frankfurt í leiknum gegn Wezemaal. „Þær voru náttúrulega ekki með sitt sterkasta lið og nokkrar af þeirra leikmönnum voru farnar heim til Þýskalands og þær sem eftir voru spiluðu á 50 prósenta keyrslu í leiknum. Við erum náttúrulega hundfúlar að fara ekki lengra," sagði Elísabet svekkt. - óþ



**MARKIÐ DUGÐI EKKI** Mark Katrínar Jónsdóttuir fyrirliða gegn Everton í gær dugði ekki til að koma Val áfram í Evrópukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Jafntefli í U-21 árs leik Íslands og Austurríkis:

## Enn ein vonbrigðin

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 árs landsliðið olli enn og aftur vonbrigðum í gær þegar liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Austurríki í Grindavík. Íslenska liðið var manni yfir í 50 mínútur og hafði mikla yfirburði lengstum en náði þrátt fyrir það ekki að skora nema eitt mark. Það gerði Rúrik Gíslason en Austurríkismenn höfðu áður komist yfir þrátt fyrir að vera manni undir.

„Mér fannst við spila vel í fyrri hálfleik og við áttum að nýta okkur það. Síðan skora þeir algert draumamark og það sló okkur smá út af laginu, en sem betur fer náðum við að koma til baka og jafna leikinn, en við áttum að klára þetta með sigri," sagði Bjarni Þór Viðarsson fyrirliði en Lúkas Kostic þjálfari var einnig svekktur.

„Ég er ekki sáttur með jafntefli, því eins og leikurinn var spilaður þá áttum við meira skilið að vinna en þeir. Okkar spilamennska var alveg ágæt og mér fannst við gera hlutina vel með því að spila boltanum með jörðinni við þessar erfiðu aðstæður. Það var lykilatvik í leiknum þegar við náðum ekki að klára dauðafærið í fyrri hálfleik. Ég er ánægður með strákana og ég er dapur yfir því að þeir hafa ekki fengið jafnmörg stig í þessum riðli og þeir eiga skilið," sagði Lúkas.

**- hbg / - óþ**



**FÆRI ÁRSINS** Rúrik Gíslason klúðrar hér dauðafæri. Hann fékk boltann aftur eftir markvörsluna, sólaði varnarmenn og skaut síðan í þá fyrir opnu marki. MYND/VÍKURFRÉTTIR

WEST HAM
+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir
3.–5. NÓVEMBER
BOLTON
52.800 KR.
Verð á mann í tvíbýli
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Tottenham, Everton og Manchester United.
WWW.ICELANDAIR.IS

N1 DEILD KARLA
Miðvikudagur 17. október
Valur - Akureyri
Vodafone höllin kl. 19:00

**Lægra verð!**




# VoltarenDolo®

***Díklófenak-k 12,5 mg***

***Fljótvirkt - Bólgueyðandi - Verkjastillandi - Hitalækkandi***

***Voltaren Dolo** 12,5 mg fæst án lyfseðils svo hægt sé að meðhöndla minni háttar kvilla án þess að leita til læknis.*

***Voltaren Dolo** er notað við verkjum eins og t.d.:*

- *höfuðverk*
- *tannverk*
- *tíðaverk*
- *verk vegna gigtarsjúkdóma*
- *vöðvaverk*
- *bakverk*
- *hita af völdum inflúensu eða kvefs*

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notað við vægum verkjum eins og t.d. höfuðverk, tannverk, tíðaverk, verk vegna gigtarsjúdóma, vöðvaverk eða bakverk og hita af völdum inflúensu eða kvefs. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða haft sögu um maga- eða skeifugarnasár eða skerta lifrastarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, ibuprofen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

***Fæst án lyfseðils***

Hermann Hreiðarsson snýr til baka eftir leikbann og verður í byrjunarliði Íslands í kvöld:

# Ekki hægt annað en að fara fram á sigur

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson var ekki með í tapinu á móti Lettum á laugardaginn og var sárt saknað í íslensku vörninni. Hann vildi lítið tjá sig um þann leik á blaðamannafundi í gær.

„Sá leikur er bara búinn. Við erum hundsvekktir með úrslitin en nú er bara kominn nýr leikur og það er gott að fá tækifæri til að leiðrétta þetta strax. Það er ekkert hægt annað en að fara fram á sigur hérna og við spilum líka til sigurs og ekkert annað. Við ætlum að einbeita okkur að okkar leik og ef við spilum vel þá vinnum við þennan leik,“ segir Hermann.

Hermann var fyrst í byrjunarliði íslenska landsliðsins í keppni þegar Ísland vann 4-0 í Liechtenstein fyrir tíu árum. „Það var mjög góður sigur þegar maður var hérna síðast. Þeir hafa tekið miklum framförum síðan en það hefur við kannski gert líka,“ segir Hermann sem telur vera mjög mikilvægt að byrja vel. „Við förum jákvæðir og vel undirbúnir inn í þennan leik. Við ætlum ekki að gefa nein færi á okkur. Við ætlum að koma sterkir inn í leikinn og sýna það strax frá fyrstu mínútu hverjir það eru sem ætla að stjórna þessum leik,“ segir Hermann og bætir við „Við erum með miklu sterkara lið á pappírnum og ef við náum að skila því sem hægt er að ætlast til þá eigum við að vinna svona leiki,“ segir Hermann sem hefur engar áhyggjur af því að Ísland skori í kvöld en mestu skipti að vörnin verði í lagi. Þar hefur Hermann mikið að segja og það skiptir liðið mjög miklu máli að hann sé kominn aftur úr leikbanninu. „Hermann er meiriháttar leikmaður og kemur með mikinn anda inn í liðið,“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði. - óój



**MIKILVÆGUR** Hermann Hreiðarsson var mættur á æfingu í Vaduz í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PETER KLAUNZER



**ÓÞÆGILEG MEIÐSLI** Grétar meiddist illa á bakhlutanum gegn Lettum og óvissa með hans þáttöku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Grétar Rafn Steinsson:

## Ætlar sér að vera með

**FÓTBOLTI** Það er óvissa með hvort Grétar Rafn Steinsson geti verið með í leiknum í kvöld en hann fór út af eftir aðeins 25 mínútna leik í leiknum gegn Lettum eftir að hafa fengið hné í mjöðmina.

Grétar Rafn er enn sárþjáður og bólginn en er þó ekkert á því að gefa frá sér leikinn.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist hann setja stefnuna á að spila leikinn en Grétar Rafn er ásamt Ívari Ingimarssyni og Emil Hallfreðssyni eini leikmaður íslenska landsliðsins sem hefur byrjað inn á í öllum sjö landsleikjum ársins. - óój

Leikir Íslands við smáríki:

## Aðeins tvö töp í 48 leikjum

**FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur unnið 40 af 48 landsleikjum gegn smáríkjum Evrópu og aðeins tapað tveimur. Í þessari tölfræði eru 20 leikir við Færeyjar og tveir við Grænland taldir með.**

**Ísland tapaði leikjunum tveimur á móti Möltu, þeim fyrri í undankeppni EM 1984 sem fram fór á Sikley og þeim síðari í febrúar 1992 en þar var um vináttuleik á Valettu að ræða. Ísland hefur mætt smáríkjunum sjö sinnum á útivelli á alvöru keppnisleik.**

**Hinn fyrsti tapaðist árið 1982 en síðan hefur íslenska liðið unnið fjóra og gert tvö jafntefli. Síðasti útileikurinn gegn smáríki fyrir leikinn í kvöld var 0-0 jafnteflisleikur við Möltu á Valettu 9. október 2004 en Ísland hafði þá unnið fjóra útileiki í röð gegn smáríkjum með markatölunni 12-2.** - óój

# Varnarvinnan verður að vera í lagi

**Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari vill sjá meiri stöðugleika hjá landsliðinu en hefur engar áhyggjur af sóknarleiknum. Eiður Smári Guðjohnsen segir tíma kominn til að vinna leik sem liðið á að vinna.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu er mætt til Liechtenstein þar sem liðið spilar næstsíðasta leik sinn í undankeppni EM. Leikurinn hefst klukkan 18.00 í dag að íslenskum tíma og verður í beinni sjónvarpsútsendingu á Sýn.

Íslenska liðið náði aðeins jafntefli í fyrri leik þjóðanna á Laugardalsvellinum í júní og það voru allt önnur úrslit en þegar Ísland vann tvo 4-0 sigra á Liechtenstein fyrir áratug síðan. Skellurinn gegn Lettum var mikil afturför frá því að liðið tók fjögur stig út úr leikjum á móti Spánverjum og Norður-Írum í síðasta mánuði.

„Íslenska landsliðinu síðustu fimm til sex árin hefur vantað stöðugleikann. Við viljum fá hann og erum að reyna að vinna í því. Við viljum forðast það að halda áfram að vera þetta jó-jó lið,“ segir Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari.

Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði veit vel að það er pressa á liðinu að vinna Liechtenstein.

„Ég held að við séum búnir að bjóða upp á þessa pressu sérstaklega með því að hafa gert jafntefli við þá á heimavelli og síðan ennfremur eftir slæmt tap gegn Lettum á laugardaginn. Við erum því búnir að bjóða pressunni heim og það er kannski ágætt að við lærum að lifa með þessari pressu og náum að standa undir væntingum.

Það er eitthvað sem hefur vantað í okkur sem knattspyrnuþjóð undanfarin ár. Þetta er ekkert í fyrsta skiptið sem Ísland tapar þegar allir búast við því að liðið vinni. Þegar pressan er engin þá náum við oftast bestu úrslitinum en því þarf að breyta líka því við náum aldrei neinum árangri ef við vinnum ekki leikina sem við eigum að vinna,“ sagði Eiður Smári á blaðamannafundi í gær.

Landsliðsþjálfarinn heimtar meiri einbeitingu hjá sínum mönnum. „Það sem við þurfum fyrst og fremst að bæta frá því úr síðasta leik er einbeiting í föstum leikatriðum. Hún verður að vera til staðar því það var það sem var að brjóta okkar leik gegn Lettum. Við vorum engan veginn á tánum og skutum okkur sjálfa í fótinn,“ segir Eyjólfur sem leggur mesta áherslu á varnarleikinn í undirbúningi liðsins. „Varnarvinnan verður að vera í lagi. Ég hef engar áhyggjur af sóknarleiknum en hef meiri áhyggjur af varnarleiknum,” segir Eyjólfur sem gerir breytingar á liðinu fyrir leikinn í kvöld.

„Hermann Hreiðarsson kemur inn og hann er gríðarlega mikilvægur karakter fyrir þetta lið. Þegar koma tímar í leikinn þegar þetta er ekki að ganga upp þá er hann maðurinn inni á vellinum sem getur séð til þess að allt fari í rétta átt. Ég veit ekki hvað verður með Grétar en þetta lítur ekki vel út,“ segir landsliðsþjálfarinn en hann vildi eins og áður ekkert gefa upp um byrjunarliðið eða hópinn en 21 leikmaður er staddur út í Liechtenstein. Veigar Páll Gunnarsson meiddist á æfingu og kom ekki með út.



**SPRETT ÚR SPORI** Ívar Ingimarsson tekur hér sprett á æfingu landsliðsins á Rheinpark Stadion í Vaduz í gær. Leikur Íslands og Liechtenstein hefst klukkan 18 í kvöld og er í beinni á Sýn. FRÉTTABLAÐIÐ/PETER KLAUNZER



LIECHTENSTEIN-ÍSLAND
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
skrifar frá Vaduz, Liechtenstein
ooj@frettabladid.is



**AFMÆLISBARN** Það var fjör á æfingu landsliðsinsí gær og afmælisbarnið Brynjar Björn Gunnarsson, 32 ára, var tolleraður í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PETER KLAUNZER


Rafmagnstalíur

DEMAG
Keðjutalíur og víratalíur
Aflið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.



ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is


Íslenska landsliðið æfði á gamla æfingasvæði Chelsea í London:

# Æfingin í London rifjaði upp gamlar minningar hjá Eiði Smára

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnulandsliðið flaug í tveimur hlutum til Liechtenstein og náði með því æfingu á mánudaginn og að koma í veg fyrir að leikmenn rugluðu hjá sér sólarhringnum.

„Ég held að þetta hafi verið eina lausnin til þess að ná æfingu í gær og þetta var ágætislausn. Ferðalagið sat aðeins í mönnum í gærkvöldi og við erum því bara búnir að vera rólegir í dag. Það er ágætt að það var ekki nema ein æfing þannig að við náum að hvíla okkur vel fyrir hana,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen fyrir síðustu æfingu fyrir leikinn í gær.

Íslenski hópurinn lagði af stað á sunnudaginn og flaug þá til London þar sem að liðið gisti eina nótt og fékk síðan að æfa á æfingasvæði Queens Park Rangers í Harlington sem er rétt við Heathrow-flugvöllinn.

Landsliðsfyrirliðinn kannaðist vel við sig á æfingasvæðinu sem er gamla æfingasvæði Chelsea. „Ég var búinn að vera þarna daglega í fjögur ár þannig að þessi æfing vakti upp gamlar minningar,“ sagði Eiður Smári. - óój



**Á KUNNUGLEGUM SLÓÐUM** Eiður Smári rifjaði upp liðna tíma er landsliðið æfði á gamla æfingasvæði Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/PETER KLAUNZER



**TEYGJUR** Ívar Ingimarsson og Helgi Sigurðsson tóku vel á því í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/PETER KLAUNZER

Þjálfari Liechtenstein:

## Tek meiri áhættu í kvöld

**FÓTBOLTI** Bidu Zaugg, landsliðsþjálfari Liechtenstein ætlar að taka meiri áhættu og láta lið sitt spila meiri sóknarbolta gegn Íslandi í kvöld en það gerði í 0-3 tapi gegn Svíum á sama stað á laugardaginn en heimamenn hafa trú á sínu liði eftir fína frammistöðu á Íslandi í fyrri leiknum.

„Við verðum að verða sókndjarfari gegn Íslendingum, sækja framar og taka meiri áhættu. Það verður samt ekki létt því í íslenska liðinu eru margir góðir leikmenn sem eru á mála hjá sterkum evrópskum félagsliðum," sagði Zaugg í viðtali við Volksblatt, staðarblaðinu í Liechtenstein. - óój

Markvörður heimamanna:

## Allt hægt

**FÓTBOLTI** **Peter Jehle, 25 ára markvörður Liechtenstein, er bjartsýnn fyrir leikinn á móti Íslandi í dag.**

**„Það er allt mögulegt í þessum leik. Við áttum án nokkurs vafa að fá meira en stig út úr fyrri leiknum á Íslandi. Þegar þú nærð í stig á útivelli gegn Íslandi þá átt þú líka að geta það á heimavelli. Við eigum alveg að geta unnið þennan leik en íslenska liðið er engu að síður mjög sterkt og sigurstranglegri aðilinn í leiknum," sagði Jehle í viðtali við Volksblatt, staðarblaðinu í Liechtenstein.** - óój

Sænska 1. deildin í fótbolta:

## Yfirburðir hjá Norrköping

**FÓTBOLTI** Ekkert lát er á velgengni Norrköping í sænsku 1. deildinni og liðið vann 0-5 útisigur á Örgryte í gær. Norrköping situr því enn sem fastast á toppi deildarinnar með ellefu stiga forskot á næsta lið þegar tveimur umferðum í deildinni er ólokið. Garðar Gunnlaugsson og Stefán Þórðarson skoruðu sitt markið hvor í gær, en Garðar er í harðri samkeppni um gullskóinn á leiktíðinni og er sem stendur í öðru sæti með 15 mörk en Stefán er í ellefta sæti með 10 mörk. - óþ





ÚTSALAN HJÁ SPORTLAND ER HAFIN Í ÁRMÚLA 17



Better Bodies | uhlsport | GASP | Mizuno | Umbro | Kempa

50% afsláttur af líkamsræktarfatnaði frá Better Bodies

- Topphlaupavörur frá Mizuno,
- Fótboltaskór og æfingafatnaður frá Umbro
- Handboltavörurnar frá Kempa

**Troðfullar slár af vörum á 500, 1.000 og 2.000 kr.**

SPORTLAND
www.sportland.is

Sími 581-1212
mán-fös 11-18 / lau 11-14

## > Benjamin Bratt

Leikarinn Benjamin Bratt er einna best þekktur fyrir hlutverk sitt sem rannsóknarlögreglumaðurinn Rey Curtis úr sjónvarpsþáttunum vinsælu Law & Order. Bratt er í móðurætt kominn af indjánum í Perú, en móðir hans flutti til Bandaríkjanna fjórtán ára gömul. Hann ólst upp í San Francisco, og á ýmsar kvikmyndir að baki, svo sem Miss Congeniality, Traffic og The Woodsman. Hann leikur CIA-manninn Tisnewski í E-Ring, sem Sirkus sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FAGNAR GÖMLUM FRÉTTUM

# Brostnar vonir þjóðarinnar

Húrra fyrir fréttastofu Sjónvarps! Mikið kann ég vel að meta sunnudagsliðinn þar sem gamlar fréttir eru vaktar til lífsins. Þetta er ekkert annað en dagskrárgerð í fréttatíma en slíkt sést alltof sjaldan.

Það sem mér þykir frábærast við gömlu fréttirnar er hversu þær ganga í berhögg við opinberan tilgang fréttatíma. Fréttir eru í eðli sínu nýjar; þegar þær hafa á annað borð verið fluttar breytast þær í eitthvað annað. Þær verða gluggi að fortíðinni sem sýnir okkur ekki einvörðungu helstu atburði liðinnar tíðar heldur líka þá þróun sem átt hefur sér stað í verðmætamati þjóðarinnar og breytingar í frásagnarmáta.

Þessar gömlu fréttir hafa áru hinnar svokölluðu léttu fréttar. Það er líkast til vegna þess að það er svo auðvelt að hlæja að því hvað allt var hallærislegt í gamla daga. Og hvað fólkið var einfalt og einlægt. Maður horfir á þessa vesalinga sem töluðu í hljóðnema sjónvarpsfréttamanna fyrir áratugum og maður kennir í brjósti um þá. Greyin eru eitthvað svo sjálfsörugg og tala af svo mikilli vissu. Og við áhorfendurnir horfum á með sæluhrolli vitandi hvernig þetta fór að lokum.

Þessar tilfinningar voru sérlega magnaðar þegar okkur voru nýverið sýndar rúmlega tvítugar fréttir af för ICY-tríósins á Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Ég hló að fötunum og hárinu en fékk sting í hjartað af meðaumkun þegar ég heyrði kokhraustar yfirlýsingar dúnúlpuklæddra Íslendinga með broddaklippingu um ágæti framlagsins. Ég gat varla horft á samantektina til enda þar sem ég vissi hvernig ævintýrið endaði og átti bágt með að horfast í augu við brostnar vonir íslensku þjóðarinnar.

Þessar gömlu fréttir sýna okkur svo ekki verður um villst að við getum verið því fegin að enginn veit sína ævi fyrr en öll er. Bjartsýni og yfirlýsingagleði núsins er það sem heldur okkur öllum gangandi.



**ÓGLEYMANLEG** ICY-tríóið.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00 Kjarnakona** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25 Tískulöggurnar** STÖÐ 2



▶ **20.00 Flightplan** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30 Janice Dickinson Modelling Agency** SIRKUS



▶ **22.00 How to Look Good Naked** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fjölskylda mín** (5:7) e.
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Herkúles** (32:56)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Fínni kostur** (4:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

**20.15 Bráðavaktin** (14:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

▶**21.00 Kjarnakona** (3:6) Breskur myndaflokkur um konu sem stjórnar stórmarkaði. Atvikin haga því þannig að hún býður sig fram til þings og endar sem forsætisráðherra. Aðalhlutverkið leikur Jane Horrocks.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**23.05 Formúlukvöld**

**23.30 Foo Fighters á tónleikum** Upptaka frá tónleikum bandarísku rokkhljómsveitarinnar Foo Fighters í Hyde Park í London.

**00.50 Kastljós**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Flightplan**
**08.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin**
**10.00 Napoleon Dynamite**
**12.00 The Secret Life of Girls**
**14.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin**
**16.00 Napoleon Dynamite**
**18.00 The Secret Life of Girls**

▶**20.00 Flightplan** Hrollvekjandi spennumynd með Jodie Foster. Kyle er nýorðin ekkja og ákveður að fljúga með dóttur sína frá heimili þeirra í Berlín til Bandaríkjanna.

**22.00 Speed**
**00.00 Point Blank**
**02.00 Confidence**
**04.00 Speed**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (43:120)
**10.15 Wife Swap** (6:12) (e)
**11.10 Blue Collar**
**11.35 Freddie** (2:22)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.20 Extreme Makeover. Home Edition** (19:32)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.30 The Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar**
**18.20 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (9:22)

**19.50 Örlagadagurinn** (20:31) Örlagadagur Guðmundar Magnússonar leikara var í París þegar hann hallaði sér fram yfir handrið og féll 21 metra niður á steypt gólf. Á einni svipan breyttist allt lífið. En hann er sáttur við lífið og er virkari félagslega en margur sem ekki er bundinn hjólastól.

▶**20.25 Tískulöggurnar** (6:6) Trinny og Susannah eru tískulöggur með meiru en nú ætla þær að ferðast um Bretland og ráðleggja fólki um tísku og allt sem henni fylgir. 2006.

**21.15 Big Love** (8:12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Bill kemst að því hversu mikið hann hefur vanrækt fjölskylduna og svo virðist sem fjölskyldulífið sé í hættu. 2006.

**22.15 Oprah**

**23.00 Ghost Whisperer** (34:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. 2006.

**23.45 Stelpurnar** (8:10)
**00.10 Kompás**
**00.45 Bones** (21:21)
**01.30 Life on Mars**
**02.25 The Horse Whisperer**
**05.10 The Simpsons** (9:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**14.50 EM 2008 - undankeppni** (Rússland - England)

**16.50 King of Clubs**

**17.15 Meistaradeild Evrópu** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 07/08) Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.

**17.40 Liechtenstein - Ísland** Bein útsending frá landsleik Liechtenstein og Íslands í undankeppni Evrópumóts landsliða í knattspyrnu.

**20.15 EM 2008 - undankeppni** (Svíþjóð - N. Írland) Bein útsending frá leik Svía og Norður-Íra í undankeppni Evrópumóts landsliða í knattspyrnu.

**21.55 EM 2008 - undankeppni** (Rússland - England) Útsending frá leik Rússa og Englendinga sem fram fór fyrr í kvöld.

**23.35 Liechtenstein - Ísland** Endursýning á landsleik Íslendinga við Liechtenstein frá því fyrr í kvöld.

## SÝN2

**16.50 Premier League 2007/08** Fulham - Portsmouth

**18.30 Premier League World 2007** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**19.00 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni.

**19.30 Premier League Review 2007** (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.

**20.30 Masters Football 2007** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley.

**22.45 4 4 2** Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.

## SKJÁREINN

**07.30 Allt í drasli** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**17.15 Vörutorg**
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Innlit / útlit** (e)

**20.00 Less Than Perfect** (2.11) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Claude er hrifin að nýjum starfsmanni en þarf að komast að því hvort hann er gagnkynhneigður og á lausu.

**20.30 Giada´s Everyday Italian** Að þessu sinni býður Giada vinum og vandamönnum í kokkteilpartí og sýnir hversu auðvelt það er að eyða meiri tíma með gestunum en í eldhúsinu. Hún býður upp á einfalda og girnilega smárétti sem koma öllum í gott skap.

**21.00 America's Next Top Model** (4.13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Það er komið að því að stelpurnar fái nýtt útlit og þær eru ekki allar sáttar við breytinguna. Síðan taka þær þátt í tískusýningu og myndatöku í frumskógi. Að venju er ein stúlka send heim.

▶**22.00 How to Look Good Naked - NÝTT** Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar.

**22.50 Venni Páer** (e)
**23.15 Silvía Nótt** (e)
**23.40 The Company** (e)
**00.30 Heartland** (e)
**01.20 C.S.I.**
**02.10 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnd á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


NÝR TÍMI



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: SIRKUS SIRKUS+

ÖRLAGADAGUR GUÐMUNDAR MAGNÚSSONAR LEIKARA
ÖRLAGADAGURINN Í KVÖLD KL. 20:15

Guðmundur Magnússon leikari segir Sirrý frá örlagadegi sínum sem átti sér stað í París þegar hann hallaði sér fram yfir handrið og féll 21 metra niður á steypt gólf. Í einni svipan breyttist allt lífið.

skemmtilegri

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

**Big Love**



Bill lifir margföldu lífi, en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli. Það er ekki nema von að maðurinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp. Í þætti kvöldsins áttar Bill sig loksins á því hversu mikið hann hefur vanrækt fjölskylduna en fyrsta eiginkonan er við það að gefast upp.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ HOW TO LOOK GOOD NAKED SJÓNVARPIÐ KL. 22.00

Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og njóta þess ávalra línanna. Í fyrsta þættinum hittir Gok 29 ára ljósmóður með lítið sjálfsálit. Liz Marlowe var eitt sinn leggjalöng ljóska sem naut þess að láta karlmenn taka eftir sér en núna vill hún ekki einu sinni afklæðast fyrir framan eiginmanninn. Tekst Gok að endurbyggja sjálfstraust þessarar tveggja barna móður svo hún þori að sýna fallegan líkamann fyrir framan myndavélina?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn **07.05** Morgunvaktin **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.15** „Markgreifafrúin fór út klukkan fimm"
**23.00** Gárur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (37:260)
**19.30 Hollyoaks** (38:260)
**20.00 Hollywood Uncensored** Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað. 2007.
▶ **20.30 Janice Dickinson Modelling Agency** Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta röð raunveruleikaþáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. Nú er komin að annarri þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna. 2006.
**21.15 E-Ring**(12:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**22.00 NCIS** (8:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða hina háttsettu eða nýliðana. (8:24) Sveitin rannsakar dauða fyrrverandi sjóliða sem virðist við fyrstu sýn hafa ýmislegt misjafnt í pokahorninu. 2006.
**22.45 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
**23.10 Skins** (7:9) Átakanleg bresk þáttaröð um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
**23.55 Totally Frank**
**00.20 Gary the Rat**
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Antiques Roadshow **13.00** Jonathan Creek **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **16.00** One Foot in the Grave **16.30** Some Mothers Do Ave Em **17.00** Location, Location, Location **17.30** Small Town Gardens **18.00** Silent Witness **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Office **20.30** Absolute Power **21.00** Silent Witness **22.00** 2 POINT 4 CHILDREN **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** One Foot in the Grave **0.00** Some Mothers Do Ave Em

## DR 1

**11.50** Ha' det godt **12.20** Med Regentparret i Korea **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Flemmings Helte **14.15** SKUM TV **14.30** Bernard **14.35** Tintin **15.20** F for Får **15.30** Skæg med tal **15.50** KatjaKaj og BenteBent **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Bryllupsbilleder **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Barnaby **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Arbejdsliv - find et job

## NRK 1

**12.00** Urter **12.20** Presidenten **13.00** Baby Looney Tunes **13.25** Thomas P. **13.55** Gatefotball **14.30** Fabrikken **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Norsk for nybegynnere **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Ugler i mosen **16.35** Danny og Daddy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.50** Folkereportere i felten **17.55** Naturens former **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.20** Lydverket **21.55** 50 menn på 10 uker **22.40** Carniväle **23.30** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**11.40** Matiné **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Packat & klart **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.10** Schimpansen Manda **16.15** Världens största kör **16.30** Hjärnkontoret **16.55** Känsliga bitar **17.00** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sex med Victor **19.30** Mia och Klara **20.00** Studio 60 on the Sunset Strip **20.40** Simma lugnt, Larry! **21.10** Rapport **21.20** Kulturnyheterna **21.30** Vänta barn **22.25** Sändningar från SVT24





Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum.
Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskrétti í verslunum **Fiskisögu.**

Tilboð dagsins er
**"GRÍSKUR SALTFISKRÉTTUR"**
aðeins **990** krónur kílóið.

Fiskisaga

ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholti - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi

## GAMLA MYNDIN



*Það er þannig með mig að ég dett stundum inn í tískuna og svo út úr henni, en ég fylgi meira mínum eigin straumum. Svo hef ég haft mjög gott fólk, Simba og hans fólk, sem hugsar um höfuðið á mér, það er að segja ytra byrðið. Ég hef sjálf séð um innvolsið.“*

Birna Þórðardóttir blaðamaður.
Myndin er tekin í nóvember 1988.

# Dorrit fær aukið vægi í ævisögu forsetans

„Það er rétt, bókinni hefur verið frestað um ár,“ segir útgefandinn Jóhann Páll Valdimarsson hjá Forlaginu. Stefnt hafði verið að því að gefa út ævisögu forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, nú fyrir jólin. Að sögn Jóhanns var tekin ákvörðun um þetta nýverið þrátt fyrir að handritið frá höfundinum Guðjóni Friðrikssyni væri nánast klárt.



**GOTT VERÐUR BETRA** Jóhann Páll er sannfærður um að bókin verði enn betri.

„Eftir frekari skoðun var ákveðið að gera forsetafrúnni Dorrit Moussaieff eilítið hærra undir höfði í bókinni,“ segir Jóhann en Guðjón fer að öllum líkindum með Dorrit til London í haust og dvelst þar með henni til að komast betur inn í það umhverfi sem hún kemur frá og jafnframt til að kynnast persónu forsetafrúarinnar ögn nánar fyrir bókina. „Við töldum einfaldlega að þetta myndi gera bókina enn betri en hún er,“ segir Jóhann.

Væntanlega eru þeir margir sem bíða spenntir eftir ævisögu Ólafs Ragnars. Hann var umdeildur sem stjórnmálamaður og sum verk hans í forsetaembættinu hafa verið afar umdeild. Því má vel búast við því að einhverjum sprengjum verði varpað þegar bókin loks kemur út á næsta ári.

- fgg



**SPENNANDI** Andstæðingar jafnt sem samherjar Ólafs bíða væntanlega spenntir eftir að sjá hvaða sprengjum verði varpað í bókinni.



**GERT HÆRRA UNDIR HÖFÐI** Kaflinn um Dorrit verður fyrirferðameiri en upphaflega var gert ráð fyrir í ævisögu Ólafs Ragnars Grímssonar.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** sál **6.** ógrynni **8.** óhróður **9.** stormur **11.** átt **12.** prumpa **14.** hroki **16.** býli **17.** fugl **18.** tunna **20.** tveir eins **21.** lokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur **3.** ónefndur **4.** rafall **5.** svelgur **7.** útskúfa **10.** ílát **13.** mál **15.** krakki **16.** eldur **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** andi, **6.** of, **8.** níð, **9.** rok, **11.** na, **12.** freta, **14.** dramb, **16.** bæ, **17.** lóa, **18.** áma, **20.** rr, **21.** laða.
**LÓÐRÉTT:** **1.** torf, **3.** nn, **4.** dínamór, **5.** iða, **7.** fordæma, **10.** ker, **13.** tal, **15.** barn, **16.** bál, **19.** að.








**FLATSKJÁIR Í FANGELSIÐ** Gunnar Valur Jónsson fangavörður segir að flatskjáir sem Árni Johnsen útvegaði fyrir fangelsið á Skólavörðustíg eigi eftir að koma sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÁRNI JOHNSEN: LÆTUR ENN TIL SÍN TAKA Í FANGAMÁLUM

# Árni Johnsen útvegar tíu flatskjái í Hegningarhúsið

„Þetta er mikill myndarskapur og við kunnum honum bestu þakkir fyrir þetta,“ segir Gunnar Valur Jónsson, fangavörður í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Fangelsið fékk heldur óvænta gjöf nýverið. Þingmaður Sunnlendinga, Árni Johnsen, kom færandi hendi og gaf fangelsinu tíu litla flatskjái. Sjónvörp hafa ekki verið sjálfsagður hlutur í vistarverum Hegningarhússins og segir Gunnar að þetta eigi eftir að breyta heilmikiklu fyrir andrúmsloftið.

„Svona gjöf nýtist okkur mjög vel,“ segir Gunnar en í fangelsinu hafa einungis verið tvö til þrjú sjónvörp til afnota og svo hafa fangar komið með sjónvarpstæki heiman frá sér. Jafnframt bendir hann á að minni eldhætta stafi af flatskjám þannig að þetta sé allt hið besta mál. „Og fangarnir hérna voru auðvitað himinlifandi með þetta,“ bætir hann við.



**SJÁLFSAGT MÁL** Árni Johnsen vildi lítið tjá sig um gjöfina en vonaðist auðvitað til þess að hún kæmi sér vel.

Árni sjálfur vildi sem minnst um gjöfina segja þegar Fréttablaðið náði tali af honum en vonaðist að sjálfsögðu til að hún myndi nýtast vel. „Auðvitað er ótrúlegt að mikið af þessum mönnum skuli ekki hafa þennan „glugga“ út í samfélagið,“ segir Árni. Hann vildi hins vegar lítið gefa upp um hverjir hefðu verið með honum í þessari gjöf, sagðist bara hafa frétt af þessu og í kjölfarið ákveðið að vinna í þessu. „Og þegar margir leggjast á eitt þá er hægt að gera ýmislegt,“ segir Árni.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Árni Johnsen lætur til sín taka í málefnum fanga. Þegar hann sat sjálfur á Kvíabryggju fyrir nokkrum árum gekk hann hart fram í því að skipt yrði um rúm í fangelsinu. Það hafðist í gegn en þá höfðu fangar notast við sömu beddana í sautján ár. Eftir að Árni kom til sögunnar voru hins vegar fengin ný og þægilegri rúm frá Ragnari Björnssyni.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hollywoodleikarinn **Rob Schneider** eyddi liðinni helgi á Íslandi. Schneider kom hingað án þess að láta kóng eða prest vita af för sinni og var staðráðinn í að slappa vel af hér á landi. Hann lét að mestu lítið fyrir sér fara, gisti á Hótel Vík í Síðumúla og ferðaðist um með strætó.



Kvikmyndagerðarmaðurinn **Guðjón Hafþór Ólafsson** er góðvinur Schneiders og eyddi hann helginni með leikaranum. Þeir fóru meðal annars í Bláa lónið, borðuðu á Humarhúsinu og skemmtu sér á Rex þar sem Schneider naut ómældrar kvenhylli. Stefnan var tekin á að skoða friðarsúlu **Yoko Ono** í Viðey en veðrið var ekki nógu hagstætt. Þess í stað eyddu Schneider og Guðjón fjórum tímum í Laugum Spa og hafði leikarinn á orði að hann hefði aldrei verið eins afslappaður og eftir þessa Íslandsheimsókn sína.



**Jón Kristinn Snæhólm**, aðstoðarmaður **Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar** fyrrverandi borgarstjóra, kvaddi samstarfsfólk sitt á skemmtilegan hátt. Tölvubréf Jóns Kristins til samstarfsfólksins var svohljóðandi: „Elskulega starfsfólk Ráðhúss Reykjavíkur. Það hefur verið mér heiður og forréttindi að starfa með ykkur öllum hér í Ráðhúsi Reykjavíkur. Megi guð og góðar vættir fylgja ykkur inn í framtíðina. Snæholm has left the building.“



-hdm





Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**Þú færð aðeins það besta hjá okkur**
**úrval fiskrétta, saltfisk, kinnar, gellur**
**signa grásleppu, reykt ýsa og margt fleira**




# Arnar Jónsson fékk nýtt hné

„Auðvitað snjóar stundum inn á sálina en maður verður bara að taka því,“ segir leikarinn Arnar Jónsson sem liggur á sjúkrahúsi að jafna sig eftir aðgerð þar sem skipt var um hálft vinstra hné hans. Áður hafði hann gengist undir sams konar aðgerð hægra megin.

„Þetta má rekja til þessa mikla slyss sem ég lenti í árið 1984 þegar ég hrundi niður af stillans og maskaði báða hæla og ökkla,“ segir Arnar. „Ég lenti beint á hælunum og kannski byrjar þá „prósess“ sem heldur síðan bara áfram. Ég get leikið lækni og hef leikið þá marga en ég myndi ekki geta útfært nákvæmlega hvað gerist.“



**ARNAR JÓNSOSN** Leikarinn kunni er að jafna sig eftir erfiða hnéaðgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Arnar liggur á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, rétt eins og fyrir nokkrum árum þegar fest var hliðarhreyfing í ökklum hans. „Ég var búinn að vera með þennan fjárans sársauka á hverjum degi í sautján ár,“ segir Arnar, sem tekur þó veikindunum með jafnaðargeði. „Eins og stendur í gömlu afmælisdagbókinni: Glaðlyndi, fjör og áhyggjuleysi eru aðalþættir skapgerðarinnar og ég hef ákveðið að halda mig við það,“ segir hann og hyggur á skjóta endurkomu. „Ég er svo ljónheppinn að búa á fjórðu hæð án þess að það sé lyfta þannig að ég fæ mjög góða hreyfingu og verð vonandi farinn að taka þátt í grindahlaupi fyrr en varir.“

Næsta hlutverk hins endurbætta Arnars verður í leikritinu Heiður eftir Bjarna Hauk Þórsson sem verður frumsýnt í Iðnó 12. janúar. Þar verða María Ellingsen og dóttir hans Sólveig á meðal mótleikara. Eftir það tekur við hlutverk í Þjóðleikhúsinu í verki sem eiginkona hans Þórhildur Þorleifsdóttir setur upp.

- fb


"BJARNI HAUKUR ER DREPFYNDINN"
Pabbinn
Í LEIKSTJÓRN SIGGA SIGURJÓNS
Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
★★★★★
SH/BYLGJAN
18 ÞÚSUND MANNS HAFA NÚ ÞEGAR SÉÐ PABBANN!
"ÞÚ LIGGUR Í KRAMPA Í 100 MÍNÚTUR"
ÍSAFJÖRÐUR 18. OKT
ÓLAFSVÍK 20. OKT
Pampers
MIÐASALA Í FULLUM GANGI
ATH! ÖRFÁ SÆTI LAUS
Sýningar hefjast kl. 20:00 nema á lau. kl. 19:00 / miðaverð kr. 2900
SÝNINGAR: 25. 26. 27. OKTÓBER & 1. 2. 3. NÓVEMBER
Miðasala Íslensku óperunnar er opin alla virka daga frá 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Einnig er símasala opinn frá 10. Lokað á mánudögum. Auk þess er miðasala á netinu allan sólarhringinn á opera.is. Einnig er hægt að nálgast miða á midi.is Sími miðasölu er 511-4200.
www.pabbinn.is
THORSSON
PRODUCTIONS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**
**Þórhildar Elínar Elínardóttur**

## *Náttúrulegt uppeldi*

Auðveldasta leiðin til að fylla fólk vanmetakennd og óöryggi er í tengslum við uppeldi barnanna. Að minnsta kosti fyrsta barnsins því kæruleysi foreldra hefur tilhneigingu til að aukast í réttu hlutfalli við vaxandi ómegð. Fyrr á tímum þurftu mæður og feður einkum að ákveða hvort þau ættu að berja börnin mikið eða lítið, en nú gefast alls kyns tilefni til valkvíða um uppeldisaðferðir.

**ÞEGAR** elsta dóttir mín var spons var ég rúmlega tvítug að utan en fimmtugur besservisser að innan. Víðlesin um alls konar uppeldishugmyndir aðhylltist ég til dæmis þá kenningu að listrænir hæfileikar barna gætu skaðast við koppaþvingun. Samhengið þarna á milli man ég nú ekki en var full samúðar í garð barna sem voru vanin á koppinn um leið og þau gátu setið upprétt. Með árunum hefur rétttrúnaðurinn dalað og núorðið leysi ég foreldrahlutverkið einkum með happa- og glappaaðferðinni. Sú kunna leið að venja börnin af bleyju þegar þau hafa aldur til hefur þó haldið áfram að reynast furðuvel.

**OG** vegna töluverðs áhuga á börnum þessi misserin hnaut ég nýlega um grein um hreyfingu fólks sem hefur það háleita markmið að forða börnum frá bleyjum. Þannig eiga almennilegir foreldrar nú að lesa táknmál kornabarna og vippa þeim nýfæddum á koppinn á réttu augnabliki. Eftir alls kyns þulur um tamningu barna, waldorf inn á hvert heimili, tónlistaruppeldi, brjóst fremur en snuð, lífrænan barnamat, skaðsemi sykurs og ofdekurs, leitina að barninu í okkur sjálfum, kynjafræði fyrir börn, ómetanlega samverustund með daglegu nuddi, ungbarnasund og virka hlustun er sem sagt komið að því að reyna að giska á hvort hvítvoðungurinn þurfi hugsanlega að pissa. Í nafni náttúrulegs uppeldis.

**KANNSKI** verður það útbreidd skoðun að tíma foreldra sé vel varið við þá iðju að rýna í svipbrigði barna sinna til að sleppa við bleyjuskipti. Ef til vill dýpkar það samskiptin og eykur skilning milli kynslóða að leggja áherslu á þennan táknmálslestur. En sem móðir á þriðja barni er ég þeirrar skoðunar að ef ungbörn eru almennt svona móttækileg fyrir þjálfun væri miklu nær að kenna þeim eitthvað gagnlegt, til dæmis að þurrka dálítið af eða brjóta saman þvott.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er miðvikudagurinn 17. október, 290. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.22 | 13.13 | 18.03 |
| Akureyri | 8.12 | 12.58 | 17.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is

AURIS

Ég er tilbúinn fyrir veturinn




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39467 10/07

Auris Dísil - Með vetrarpakka

Ég vil finna fyrir öryggi þegar ég keyri bílinn minn. Auris er einn öruggasti bíllinn í sínum flokki samkvæmt árekstrarprófum. Bæði fyrir ökumann og farþega.

Ég ber mikla umhyggju fyrir umhverfinu. Toyota D-4D dísilvélin leysir mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensínvélar. Hún er hljóðlát en jafnframt aflmikil. Svo eyðir hún lítið sem engu. 5 lítrum á hundraðið.

Auris Dísil kemur undirbúinn fyrir veturinn frá umboðinu. Hann kemur á hágæða vetrardekkjum og að sjálfsögðu fylgja sumardekkin með í skottinu.

Þessi hlutir skipta mig máli. Hvað með þig?



Verð frá 2.030.000 kr.*

*Verð miðast við Auris Dísil Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

EURO NCAP www.euroncap.com TOYOTA AURIS